FRÉTTABLAÐIÐ
141. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ 2018

# ndin nin op

















Áfram Ísland

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

# FRÉTTABLAÐIÐ

141. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ 2018




# Varð fyrir sýruárás

**Nicolai Engelsbrecht** vill kenna íslenskum föngum æfingar til að rjúfa vítahring ofbeldis. Nicolai var meðlimur í skipulögðum glæpasamtökum en sneri við blaðinu. → 24

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Allt um HM

Baráttan fram undan og fróðleikur um leikmenn. → 12, 24



## Slys leiddi til ævintýra

Leifur landaði hlutverki í stórmynd Peters Jackson. → 32



## Einbeittur námsmaður

Glódís Perla um framtíðina. → 54










## Veður




Austlæg átt, 3-10 í dag. Skúrir víða á landinu, en úrkomulítið vestanlands. Hiti víða 5 til 15 stig, svalast norðan til. SJÁ SÍÐU 44



**Fánalitavél Icelandair flaug með íslenska stuðningsmenn til Moskvu í gær.** MYND/SIGURJÓN RAGNAR

# Ellefu hundruð til Moskvu í gær

**HM2018** Um ellefu hundruð manns flugu í gær frá Keflavíkurflugvelli til Moskvu, væntanlega allir sem einn til að horfa á leik Íslands við Argentínu sem fram fer þar í borginni í dag.

Ekki er ljóst nákvæmlega hversu margir Íslendingar fara til Rússlands að fylgjast með HM. Að sögn Sveins Guðmarssonar, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, er hins vegar vitað að tæplega fimm þúsund Íslendingar hafi fengið útgefin svokölluð FAN-ID, sérstök skilríki sem nauðsynleg eru fyrir þá sem ferðast til Rússlands til að sjá leiki.

Vélarnar sem flugu í gær til Rússlands voru fimm. Ein þeirra var frá félaginu Arkefly með 273 farþega um borð á vegum ferðaskrifstofunnar Vita að því er Lúðvík Arnarson, starfsmaður þar, upplýsir.

Í þremur vélum Icelandair voru um sex hundruð farþegar að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingafulltrúa félagsins. Vita sér um gistingu og fararstjórn fyrir þessa farþega einnig að sögn Lúðvíks.

Þá flaug WOW til Moskvu í gær með fulla vél, 208 farþega, að því er Sverrir Valur Björnsson, verkefnisstjóri hjá félaginu, segir.

Síðasta vélin í loftið í gær áleiðis til Moskvu var TF-ISX, Boeing-þota sem Icelandair lét sérmerkja HM og mála í fánalitunum. Um borð í henni voru meðal annarra meðlimir Tólfunnar, stuðningsmannafélags íslenska landsliðsins. – **gar**

# Síðasta æfing fyrir leik



**Síðasta æfing karlalandsliðsins í knattspyrnu fyrir leikinn gegn Argentínu fór fram á Spartak-leikvanginum í Moskvu í gær. Blað verður brotið í íslenskri íþróttasögu þegar flautað verður til leiks í dag klukkan 13. Um ellefu hundruð Íslendingar munu verða á leiknum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Rigning á leikdag

**HM** Á höfuðborgarsvæðinu er útlit fyrir rigningu og 9 stiga hita í dag. „Gæti brugðið til beggja vona með rigningu á höfuðborgarsvæðinu en það gæti líka rignt á okkur allan leikinn,“ segir Theodór Freyr Hervarsson veðurfræðingur. Hægur vindur verður um land allt. Fyrir norðan gætu orðið einhverjar smá skúrir en annars hæglátt veður. Á Egilsstöðum verður alskýjað, 8 stiga hiti og hægur vindur. Á Austurlandi og Vestfjörðum verða smáskúrir. Ekki mun væsa um þá 5.000 íslensku stuðningsmenn sem verða á fyrsta leik Íslands á HM í dag í Moskvu, en þar verður 20 stiga hiti, sól og hægur vindur. – **tg**



# Segir ekki annað hægt en að elska Íslendinga

**Ótrúlegur áhugi var á íslenska landsliðinu á æfingu liðsins og blaðamannafundi fyrir leikinn gegn Argentínu í gær. Fjölmiðlasalurinn var fullur af fólki sem hefur gríðarlegan áhuga á liðinu. Það var létt yfir Heimi og fyrirliðanum á fundinum.**

**HM** Það var þétt setið fjölmiðlaherbergi á Spartak-vellinum í Moskvu þegar Heimir Hallgrímsson þjálfari og Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins, sátu fyrir svörum í gær. Samkvæmt fljótlegri hausatalningu blaðamanns voru rúmlega tvö hundruð manns í salnum en þar mátti finna blaðamenn frá löndum víðsvegar að úr heiminum. Heimir sló inn strax spurningu sem brann eflaust á vörum allra erlendra blaðamanna sem hafa ekki hitt Heimi áður.

„Til að spara spurningar þá já, ég er enn þá tannlæknir, ég hætti aldrei að vera tannlæknir og ég vinn stundum á tannlæknastofunni.“

Íslenskir fjölmiðlamenn voru helst forvitnir um heilsu Arons Einars Gunnarssonar en fyrirliðinn segist vera kominn á góðan stað.

„Ég er búinn að æfa á fullu síðustu daga, mér líður vel og þótt ég viti ekkert hvort Heimir velur mig á morgun þá er ég á góðum stað og sé það á strákunum að þeir eru tilbúnir í þetta,“ sagði Aron en Heimir sagði að liðið hefði saknað hans.

„Hann er gríðarlega mikilvægur fyrir hópinn, það hefur sést á liðinu þegar hann er fjarverandi enda mikill leikstjórnandi. Hann hefur mikinn karakter og veitir strákunum sjálfstraust. Það eru allir þjálfarar heimsins að leita að leikmanni eins og Aroni sem hefur hans hæfileika og er tilbúinn að fórna sér fyrir liðið.“

Kólumbískur fréttamaður lýsti yfir stuðningi kólumbísku þjóðarinnar og í raun frá stórum hluta Suður-Ameríku sem féll þeim báðum vel í geð.




**Aron Einar segir sér líða vel og segir strákana klára í leikinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það eru allir þjálfarar heimsins að leita að leikmanni eins og Aroni sem hefur hans hæfileika.**
>
> Heimir Hallgrímsson, þjálfari íslenska landsliðsins

„Við finnum fyrir stuðningnum, ekki bara frá Kólumbíu heldur frá öllum heiminum. Það finnst öllum frábært að svona lítil þjóð geti komist á heimsmeistaramótið. Það minnir okkur á af hverju knattspyrna er besta íþrótt heims og að svona margir fjölmiðlamenn eru á blaðamannafundi okkar er frábært,“ sagði Heimir og bætti við:

„Það er líka hægt að hugsa þetta þannig að það sé ekki hægt að elska ekki Ísland. Við höfum aldrei ráðist á neinn, ekki lent í stríði við neinn fyrir utan að hafa siglt á einn togara frá Englandi. Það er eina stríðið sem við höfum lent í svo það er ofboðslega auðvelt að elska okkur. Svo erum við brosmild þjóð og falleg þjóð yfirhöfuð svo það er ekki annað hægt en að elska okkur,“ sagði Heimir brosmildur.

kristinnpall@frettabladid.is




„Ef við vinnum saman er engin hindrun of stór."
ÁFRAM ÍSLAND
Landsbankinn er stoltur af stuðningi sínum við íslenska knattspyrnu.
Nú hefst enn einn kaflinn í glæstri sögu íþróttarinnar síðustu ár.
Við óskum íslenska karlalandsliðinu velgengni á HM.
Heimir Hallgrímsson
Þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu

**TÖLUR VIKUNNAR** 10.06.2018 TIL 16.06.2018

**84**
milljónum varði Landspítalinn í laun, launatengd gjöld og annan rekstrarkostnað presta og djákna við spítalann. Níu djáknar eða prestar innan íslensku þjóðkirkjunnar sinna þar sálgæslu. Aðrir trúarsöfnuðir taka ekki gjald fyrir slíka þjónustu.

**2-0**
var sigur kvennalandsliðsins á Slóveníu í undankeppni HM 2019 í fótbolta. Þar með er Ísland í toppsæti síns riðils. Karlalandsliðið í handbolta komst á HM 2019 með sigri á Litháen, 34-31.

**64**
milljónir verða settar í hert eftirlit með heimagistingu, meðal annars í gegnum leiguvefinn Airbnb sem er orðinn næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins.

**147**
einstaklingar hafa sótt um að fá íslenskan ríkisborgararétt. Allsherjar- og menntamálanefnd leggur til að 69 verði veitt íslenskt ríkisfang.

**213**
nemendur í doktorsnámi haustið 2017 voru með erlent ríkisfang. Íslenskir doktorsnemar voru 424.

**1,7**
milljónir hafa stofnanir ríkisins greitt í dráttarvexti síðan um áramót. Ríkiseignir hafa greitt hæstu upphæðina, tæpar 350 þúsund krónur. Stofnunin hefur greitt dráttarvexti 150 sinnum í ár.

## Þrjú í fréttum
## Vantraust, sjúkrasaga og rútur

**Páll Magnússon**
*oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi*



sætti harðri gagnrýni á aukaaðalfundi fulltrúaráðs flokksins í Eyjum. Páll var sagður hafa stutt klofningsframboð en ekki flokkinn og var vantrausti lýst á hann. Þingmaðurinn sagðist hafa talið það þjóna heildarhagsmunum flokksins að hann héldi sig til hlés í kosningabaráttunni.

**Helga Þórisdóttir**
*forstjóri Persónuverndar*



sagði ljóst að dómstólar þyrftu að fara eftir persónuverndarlögum þannig að ekki væri hægt að rekja viðkvæmar upplýsingar. Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, sagði furðulegt að heilsufarsupplýsingar hans hefðu verið birtar á vef Hæstaréttar. Hann hafði krafist bóta frá VÍS vegna slyss og var dómurinn birtur með sjúkrasögu hans.

**Gissur Páll Gissurarson**
*óperusöngvari*



sagði rekstur rútumiðstöðvar steinsnar frá Eskihlíð 10 þar sem hann býr óásættanlegan yfirgang. Sagði Skógarhlíðina undirlagða af leigubílum, bílaleigubílum og rútum. Aðeins eru um 25 m frá planinu yfir Skógarhlíðina og að húshorninu á Eskihlíð 10a.

# Sýklalyf í Frú Ragnheiði draga úr álaginu á bráðamóttökuna

**Rauði krossinn er byrjaður að veita skjólstæðingum Frú Ragnheiðar sýklalyf þeim að kostnaðarlausu. Mögulegt að það dragi úr komum fólks með fjölþættan vanda á bráðamóttökuna á Landspítala. Skjólstæðingar Frú Ragnheiður er fólk sem á erfitt með að nýta sér almenna heilbrigðisþjónustu vegna stöðu sinnar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við vorum í tvö ár að fá þetta í gegn og loksins tókst það,“ segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar. Um nokkurra ára skeið hefur fólk í fíknivanda getað leitað til Frú Ragnheiðar, sem er sérútbúinn bíll, til að nálgast hreinar sprautunálar og annað sem þarf til að draga úr líkum á smiti. Í bílnum hefur líka verið starfrækt hjúkrunaraðstoð.

Nú er byrjað að gefa skjólstæðingum bílsins sýklalyf þeim að kostnaðarlausu og án þess að þeir þurfi að fara á sjúkrahús. Lyfis gefur sýklalyfin og þau eru geymd í einkareknu apóteki í Glæsibæ. Verkefnið er unnið í samstarfi við smitsjúkdómadeild Landspítalans og Jón Magnús Kristjánsson, yfirlækni á bráðamóttöku Landspítalans. Frú Ragnheiður er núna alltaf með lækna á bakvakt í sjálfboðavinnu. „Það hefur gengið mjög vel að manna það. Við erum með fimm lækna sem skipta þessu á milli sín. Fólkið sem kemur til okkar er ánægt með að þurfa ekki að fara inn á slysó eða inn á heilsugæsluna heldur getur það bara hringt í okkur,“ segir Svala.

Fólkið á Frú Ragnheiði hittir þá skjólstæðinginn og metur aðstæður, mælir lífsmörk, tekur myndir og sendir síðan á lækninn og þaðan fer allt inn í sjúkraskrá. „Svo fer ég daginn eftir og sæki lyfin í apótekið og kem þeim á einstaklinginn. Við erum með sjö týpur af sýklalyfjum, en þetta eru mestmegnis húðsýkingar eftir stungu. Fólk er yfirleitt komið með mjög alvarlega sýkingar en stundum er þetta bara byrjun á sýkingu,“ segir Svala. Þjónustan skipti máli, til dæmis vegna þess að spítalinn hafi ekki tækifæri til að gefa þessum sömu skjólstæðingum lyfin þeim að kostnaðarlausu.



Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar, segir að nú þegar farið sé að veita skjóstæðingum sýklalyf sé hægt að draga úr komum fólks með fjölþættan vanda á bráðamóttökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fólkið sem kemur til okkar er ánægt með að þurfa ekki að fara inn á slysó eða inn á heilsugæsluna heldur getur það bara hringt í okkur.**
>
> Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar

Svala telur að með þessu sé verið að draga úr komum á bráðamóttökuna og jafnframt náist að grípa fyrr inn í vanda fólksins en ella. „Áður en vandamálið verður það stórt að þegar einstaklingurinn fer inn á bráðamóttökuna endi það með sýklalyfi í æð og svo innlögn. Þannig að við erum í raun sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið af því að við erum að grípa fyrr inn í og við erum mjög líklega að draga aðeins úr komum fólks með þennan vanda á bráðamóttökuna,“ segir Svala.

Þá sé verið að liðsinna fólki með fjölþættan vanda sem á erfitt með að vera í fjölmenni og á þar af leiðandi erfitt með að nýta sér þjónustu í almenna heilbrigðiskerfinu.

jonhakon@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ Á
CHEROKEE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐSVERÐ
5.690.000 KR.
LISTAVERÐ 6.390.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.JEEP.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 5. ÁGÚST


FRÁBÆR TILBOÐ
ÖLL SÆNGURVER
20-30% afsláttur
ÖLL RAFMAGNSRÚM
20% afsláttur
ALLIR BLÓMAPOTTAR
20-50% afsláttur
ÖLL GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR
20% afsláttur*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
ALLAR SÆNGUR
20-40% afsláttur*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
HM TILBOÐ
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 79.950
39.975
POWER RAFMAGNSHÆGINDASTÓLL
Svartur. Vnr. 8880002014
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR 16.06 - 18.06

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**MEST LESIÐ**





1. Forsetinn gistir í varðskipi

2. Segir að Páll hefði getað smalað atkvæðum sem þurfti

3. Uppselt á leikinn gegn Argentínu

4. Aldrei fleiri umferðarlagabrot skráð

5. Þungar áhyggjur af skorti á hjúkrunarfræðingum



Umferðarlögreglan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Brot ökumanna ekki verið fleiri

**LÖGREGLUMÁL** Skráðum umferðarlagabrotum í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði umtalsvert í maí. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði sem send var fjölmiðlum í gær. Skráð voru 3.856 umferðarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki verið skráð jafn mörg brot í einum mánuði frá því að samræmdar skráningar hófust hjá lögreglu árið 1999. Stærstur hluti þessara mála er vegna of hraðs aksturs, eða tæplega 3.000 brot. – jhh

## Aukið eftirlit um helgina

**AKUREYRI** Lögreglan á Akureyri verður með aukinn viðbúnað í bænum alla helgina vegna svokallaðra Bíladaga sem haldnir eru þessa helgi ár hvert. Fjöldi lögbrota hefur fylgt hátíðinni síðustu ár og er lögreglan því við öllu búin.

„Við erum með aukinn mannskap alla helgina, bæði við umferðareftirlit og í öðrum verkum og munum reyna að vera afar sýnileg þessa helgi. Einnig munum við vera með ómerkta bifreið við umferðareftirlit,“ segir Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Akureyri. „Við biðlum auðvitað til allra um að halda í heiðri góða umferðarmenningu og virða umferðarlögin. Einnig geta íbúar alltaf komist í samband við okkur í gegnum Facebook.“ – sa

## Eid al-Fitr fagnað



Milljónir múslima vítt og breitt um heiminn fagna um þessar mundir Eid al-Fitr, eða föstulokahátíð. Trúarhátíðin, sem skipar stóran sess í trúarlífi múslima, markar lok föstumánaðarins Ramadan. Þessir múslimar í Jórdaníu komu saman til bænar í tilefni dagsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lagaskilyrði um framkvæmd símhlustunar ekki uppfyllt

**Ríkissaksóknari getur ekki sinnt lögbundnu eftirliti með framkvæmd símhlustunar hjá lögreglu. Upptökur símtala eru teknar úr kerfi lögreglunnar og afhentar rannsakendum á diski eða USB-lykli. Ekki unnt að fylgjast með því hvort hlustað er á símtöl sakbornings við verjanda eða hvort slíkum samtölum er eytt.**

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari getur ekki sinnt lögbundnu eftirliti sínu með framkvæmd símhlerana hjá lögreglu, vegna þess að kerfi lögreglunnar heldur ekki utan um hverjir hlusta á og fá afrit af upptökum hleraðra símtala. Þetta kemur fram í skýrslu ríkissaksóknara um eftirlit með símhlustunum og sambærilegum úrræðum sem birt var á vef ríkissaksóknara í gær.

Með lagabreytingu sem tók gildi 1. janúar 2017 voru kröfur í lögum hertar annars vegar um eyðingu á upptökum hleraðra símtala og sambærilegra gagna sem aflað er við rannsóknir sakamála, og hins vegar um tilkynningar til þeirra sem sætt hafa slíkum íþyngjandi rannsóknaraðgerðum lögreglu.

Í Hleranum, gagnagrunni lögreglunnar sem heldur utan um upptökur hleraðra símtala, er ekki hægt að hlusta á upptökur, heldur þarf að afrita upptökur símtala á disk eða USB-lykil og afhenda allt efnið til rannsóknaraðila viðkomandi máls. Rannsakendur geta verið fleiri en einn og engin leið er að rekja hversu mörg afrit eru gerð af upptökum eftir að þær eru teknar út úr gagnagrunninum eða hver hlustar á þær. Þetta gerir að verkum að rannsakendur geta hlustað á upptökur að vild án þess að skilja eftir sig rekjanlega slóð, þar á meðal mögulega samtöl sakborninga við verjendur sína, en slíkum gögnum á lögum samkvæmt að eyða tafarlaust.

> Um leið og eitthvað fer út úr LÖKE höfum við enga leið lengur til að fullyrða hvort og hve mörg afrit eru til af því sem þaðan er tekið.
>
> Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari

Unnið er að því hjá ríkislögreglustjóra að aðlaga LÖKE, málaskrá lögreglunnar, þannig að upptökur símtala og önnur gögn sem verða til við slíkar rannsóknaraðgerðir lögreglu verði vistuð í málaskránni og þar verði hægt að stýra aðgangi að gögnunum og logga hverjir hlusta og hvenær.

„Við viljum hafa þetta þannig að enginn geti tekið afrit úr LÖKE nema það sé skráð og slík afritagerð megi bara miðast við það sem leggja eigi fram í sakamáli og annað fari aldrei út úr LÖKE. Um leið og eitthvað fer út úr LÖKE höfum við enga leið lengur til að fullyrða hvort og hve mörg afrit eru til af því sem þaðan er tekið,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari en embættinu er meðal annars falið að hafa eftirlit með því að eyðing gagnanna fari fram í samræmi við lög.

Gert er ráð fyrir því að eftir breytinguna haldi kerfið einnig utan um eyðingu gagna sem á að fara fram án tafar, svo sem gögn sem innihalda samtöl sakborninga við verjendur sína, en kerfið muni einnig logga mögulega hlustun á slík símtöl áður en þeim er eytt.

Helgi tekur dæmi af svokölluðum hrunmálum þar sem menn hafi haldið því fram að hlustað hafi verið á samtöl sakborninga við verjendur sína. „Vandi lögreglunnar þar er sá að við getum eiginlega ekki neitað þessu af því að við höfum engin gögn til að sýna fram á hver hlustaði og hversu mikið.“

Í skýrslu sinni lýsir ríkissaksóknari áhyggjum af því að enn muni líða nokkur tími áður en LÖKE geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í lögum. Í svari ríkislögreglustjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að stefnt sé að því að um áramót verði öll gögn komin í hið nýja kerfi og upptökum miðlað til þeirra sem þurfa að vinna með þau í gegnum kerfið þar sem hægt verði að rekja hver hlustaði á hvaða upptöku, hvar og hvenær. adalheidur@frettabladid.is



Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri



Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari




# Áfram Ísland

**40% afsláttur**

## Pizza uppskrift

1 WeWalka pizzadeig
1 dós pizzasósa
1 pakki pizzaostur
1 pakki Jensens pulled pork
1/2 rauðlaukur
2 stk jalapeno
Rufus BBQ sósa að eigin vali
Ananas

Fylgið leiðbeiningum á WeWalka. Bætið við pizzasósu og osti 3/4 af ostapakkningu. Rífið grísakjötið, veltið upp úr Rufus BBQ sósu og setjið á pizzuna ásamt ananas, rauðlauk og jalapeno - setjið smá ost yfir.

**Jensens pulled pork**

Tilvalið á pizzuna eða samlokuna 800 g

**1.319** kr/pk
Verð áður 2.199




**Freyja Hrís kexkúlur**

Stökkar og ljúffengar

**459** kr/pk




**Rufus Teague BBQ sósur**

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **799** kr/stk




**Llanllyr Source**

Ginger Beer, Fiery Ginger Beer og Tonic

**199** kr/stk







## Úrvalið fyrir HM og 17. júní færðu hjá okkur



# 2.350 hreinir rafbílar á vegum úti

**Rafbílar eru afar lítið hlutfall heildarflotans. Umhverfisráðherra segir opinber gjöld á farartæki þurfa að taka mið af losun þeirra. Bílaleigur landsins hafa lítinn áhuga á að auka fjölda rafbíla í flota sínum. Ótækt sé að það taki 12 tíma að fara frá Akureyri til Reykjavíkur.**

**SAMGÖNGUMÁL** Hreinir rafbílar eru um 0,7 prósent bílaflotans hérlendis. Fjölgun tvinnbíla hefur verið mjög mikil undanfarið og eru biðlistar eftir nokkrum slíkum tegundum samkvæmt Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Bílaleigur gætu hraðað orkuskiptum í samgöngum gríðarlega.

Af þeim 327 þúsund bifreiðum sem eru í íslenska bílaflotanum í dag, samkvæmt tölum Samgöngustofu, eru 2.350 þeirra hreinir rafbílar. Um 12.500 bílar geta gengið fyrir einhvers konar endurnýjanlegum orkugjafa en margir þeirra geta einnig nýtt sér jarðefnaeldsneyti.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir mikilvægt að fjölga rafbílum hér á landi.

„Jú, það skiptir máli í þágu loftslagsmála. Rafbílavæðingin er á fullri ferð þessa dagana og til vitnis um það þá er nú búið að loka hringnum, það er að koma upp hlöðum hringinn í kringum landið,“ segir Guðmundur Ingi.

„Á rafbílum eru engin vörugjöld þar sem þau taka mið af koltvísýringslosun, virðisaukaskattur er felldur niður auk þess sem lágmarks bifreiðagjald er greitt af rafbílum. Mín skoðun er sú að gjöld á farartæki þurfi að taka mið af koltvísýringslosun og því brýnt að stuðla að því að ódýrara sé fyrir fólk að aka um á bílum sem hafa minni loftslagsáhrif.“



Rúmlega 2.300 bílar af bílaflota Íslands eru hreinir rafbílar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Rafbílavæðingin er á fullri ferð þessa dagana.**
>
> Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra

Bílaleigur kaupa um helming allra nýrra bíla hér á landi og ef þær eru duglegri við að kaupa hreina rafmagnsbíla getur flotinn breyst mjög hratt og orðið mun umhverfisvænni. Steingrímur Birgisson, forstjóri bílaleigunnar Hölds á Akureyri, segir það hins vegar ekki mögulegt.

„Við gerum könnun á þessu reglulega og við vorum í 12 tíma frá Akureyri til Reykjavíkur. Það er of mikið og innviðirnir eru bara ekki tilbúnir,“ segir Steingrímur.

„Við erum að sjá aukningu í bílum sem pantaðir eru aðeins til nota innan Reykjavíkur en eins og staðan er í dag getum við ekki fjölgað þessum bílum,“ segir Steingrímur en fyrirtækið á um 40 rafmagnsbíla en heildarfloti þeirra er um 4.000 bílar.

Guðmundur Ingi segir allt á réttri leið þegar kemur að orkuskiptum.

„Ég er ekki í nokkrum vafa um að ívilnanir sem þessar skipta sköpum í rafbílavæðingu flotans,“ segir Guðmundur Ingi.

„Þessu til viðbótar má nefna að byggingareglugerð mun á næstunni taka þeim breytingum að við nýbyggingar verði gert ráð fyrir tengibúnaði fyrir hleðslu rafbíla,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra.

**sveinn@frettabladid.is**

### Staða bílaflotans

| Fjöldi ökutækja | Orkugjafi |
|---|---|
| 198.181 | Bensín |
| 116.234 | Dísil |
| 4.048 | Bensín /Rafmagn |
| 4.153 | Bensín /Raf.tengill |
| 2.350 | Rafmagn |
| 1.412 | Bensín /Metan |
| 371 | Metan |
| 330 | Annað |


# MEÐ KSÍ Í MEIRA EN 70 ÁR




Í dagbókarfærslu frá 18. júlí 1946 segir Guðmundur Jónasson frá sinni fyrstu hópferð með erlent knattspyrnulið. KSÍ tók til starfa nokkrum mánuðum síðar og hefur GJ ekið knattspyrnuiðkendum á þeirra vegum frá fyrsta degi.

Nú hafa strákarnir okkar náð enn lengra og við óskum þeim góðs gengis á HM í Rússlandi. Við verðum áfram hér, ávallt til taks fyrir íslenska knattspyrnu.







1931 - 2016
85 YEARS OF EXCELLENCE

GJ TRAVEL

Guðmundur Jónasson ehf | Vesturvör 34 | 200 Kópavogur | 520 5200 | floti@gjtravel.is | www.ferdir.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Skoðaðu ótrúleg tilboð í Húsasmiðjublaðinu á husa.is

# HM veisla

## OPIÐ 17. JÚNÍ Í SKÚTUVOGI

ICELAND WORLD CUP 2018

Stjúpur, 10 stk.
999kr

Allt fyrir garðinn

Sjáðu verðið!

IKRA mogatec
15.995kr
Sláttuvél
Rafmagnssláttuvél, 1400W, sláttubreidd 34 cm, 5 hæðastillingar, 25-65 cm, eitt handtak, 35 ltr., safnari.
5085136

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

2.790kr
~~3.490 kr~~
Hortensía í 13 cm potti
Hortensía í 13cm potti. Garðplanta sem kemur í ýmsum litum.
11261388

Sjáðu verðið!
Margarita
999kr

3 ltr
JOTUN Treolje Tráolja/Træolie
HM TILBOÐ
1.995kr
~~2.495 kr~~
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

BLACK+DECKER
HM TILBOÐ
4.995kr
~~6.995 kr~~
Rafmagnsorf GL310
300W, sláttubreidd 25 cm.
5083661
29% afsláttur

OUTBACK
HM TILBOÐ
25.990kr
~~36.990 kr~~
Gasgrill
3000393

25% afsláttur af ÖLLUM hreinlætistækjum
HM TILBOÐ
10.240kr
~~13.655 kr~~
Handlaugartæki
Grohe Start.
7910800
GROHE

20-30% afsláttur af ÖLLUM Nilfisk háþrýstidælum
31% afsláttur
Nilfisk
HM TILBOÐ
21.995kr
~~31.995 kr~~
Háþrýstidæla C130. 1-8 X-TRA
130 bör, 1,6kW, 460 ltr./klst. 8 m háþrýstislanga, sjálfvirk gangsetning og stöðvun, á hjóli.
Click & Clean kerfi.
5254225

25% afsláttur af ÖLLUM garðhúsgögnum
HM TILBOÐ
2.760kr
~~3.690 kr~~
Garðstóll
Með álgrind.
3899582

HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar
Áfram Ísland

## Leggja ljósleiðara inn að Húsafelli


Hótel Húsafell. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FJARSKIPTI** Hefja á lagningu ljósleiðara milli Kleppjárnsreykja og Húsafells eftir rúman mánuð. Framkvæmdin er á vegum bræðranna sem reka ferðaþjónustu í Húsafelli. Vilja þeir samstarf við Borgarbyggð vegna málsins.

„Í síðari áfanga munum við tengja Hvítársíðu, Reykholtsdal að sunnanverðu og sunnanverða Hálsasveit,“ skrifa bræðurnir í bréfi þar sem óskað er eftir formlegum viðræðum við Borgarbyggð um yfirfærslu styrkja Fjarskiptasjóðs yfir á verkefnið og kostnaðarhlutdeild Borgarbyggðar. Innan kerfisins verði 130 staðir sem eigi tilkall til styrks úr Fjarskiptasjóði. – gar

## Gullleitarfélag tapar kærumáli


Þormóðsdalur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GULLLEIT** Bæjarstjórn Mosfellsbæjar verður ekki gert að endurskoða þá ákvörðun sína að neita félaginu Iceland Resources um framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborana og skurðgraftar í Þormóðsdal. Um var að ræða framkvæmdir vegna hugsanlegrar gullvinnslu.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir að Iceland Resources hafi ekki lagt fram neinar upplýsingar sem bendi til að synjun bæjarstjórnarinnar hafi verið byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum. – gar


DSP-eitrun í bláskel getur valdið alvarlegum veikindum. NORDICSTAR/GETTY

## Eitraður kræklingur í Hvalfirði

**UMHVERFISMÁL** Matvælastofnun varar við tínslu á kræklingi úr Hvalfirði í sumar vegna eiturþörunga í firðinum. Jafnframt mældist DSP-þörungaeitur yfir viðmiðunarmörkum í kræklingi.

Í tilkynningu frá MAST segir að fulltrúar stofnunarinnar hafi safnað kræklingi 11. júní við Fossá í Hvalfirði og var þetta niðurstaðan úr sýnatökunni.

Ítrekað er að engin ástæða sé til að varast krækling, eða bláskel, sem ræktaður er hérlendis og er á markaði í verslunum og veitingahúsum.

Einkenni DSP-eitrunar er meiriháttar niðurgangur, miklir kviðverkir, ógleði og uppköst. Einkenni þessi koma yfirleitt fram á um 30 mínútum og vara í um það bil sólarhring. – khn

**Geta lífeyrissjóðir byggt upp húsnæðisleigumarkað á Íslandi?**

**Opinn fyrirlestur og pallborð í boði Eflingar-stéttarfélags mánudaginn 18. júní kl. 16:30 á Grand Hóteli**

**Ólafur Margeirsson**, hagfræðingur, flytur erindi og að því búnu verður boðið til pallborðsumræðna. Í pallborði sitja:

- **Una Jónsdóttir**, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði
- **Þórey S. Þórðardóttir**, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða
- **Gylfi Dalmann Aðalsteinsson**, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ

Fundarstjóri er **Þórarinn Eyfjörð**, framkvæmdastjóri SFR

Tekið verður við spurningum úr sal.

*Fundurinn er hluti af fundaröðinni **Stóra myndin** þar sem Efling býður til umræðna um vinnumarkaðstengd málefni sem kunna að skipta sköpum á komandi kjarasamningavetri.*

EFLING STÉTTARFÉLAG


Margir kannast eflaust við unga morgunhana sem freistast til þess að skríða fram úr fyrir allar aldir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Svefnleysi á sumrin, slappleiki á veturna

**Birtan, sem er allsráðandi allan sólarhringinn yfir sumartímann hér á landi, er talin hafa mikil áhrif á svefnvenjur Íslendinga. Bæði börn og fullorðnir verða fyrir áhrifum. Niðurstöður rannsókna sem ekki hafa verið birtar styðja þetta.**

**HEILSA** „Við vanmetum gjarnan áhrifin sem birtan hefur á okkur almennt. Svefnvenjur Íslendinga hafa lítið verið rannsakaðar en það er tilfinning mín að fólk upplifi svefnvandamál bæði á veturna í skammdeginu en einnig á sumrin þegar birtan tekur við,“ segir Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og stofnandi Betri svefns. Þótt rannsóknir á þessu hafi ekki enn verið birtar eru til gögn sem sýna breytingar á svefnvenjum okkar á sumrin og veturna.

„Fólk virðist sofa meira á veturna en finnur fyrir meiri orku á sumrin og þarf því að sofa minna. Álagið er gríðarlega mikið í skammdeginu og algengt að fólk glími við margvísleg vandamál á þeim tíma. Framleiðsla melatóníns hefur mikil áhrif á svefn og vökukerfi okkar en melatónín er hormón sem eykst í blóðinu í myrkri og veldur okkur syfju og hjálpar okkur að sofna. Þegar við vöknum í algjöru myrkri í skammdeginu og fáum ekki dagsbirtuna til að tempra framleiðslu melatóníns finna margir fyrir sleni og orkuleysi langt fram eftir morgni,“ segir Erla.

Á sumrin er svo bjart allan sólarhringinn og ef við erum úti við á kvöldin þá seinkar framleiðslu melatóníns og við finnum fyrir minni syfju.

Arna Skúladóttir, svefnráðgjafi og rithöfundur, segir að fyrirspurnir frá foreldrum sem tengjast aukinni birtu aukist iðulega á vorin. Sú algengasta er varðandi það hvort eitthvað sé hægt að gera til að fá börn til þess að sofa þó ekki nema örlítið lengur að morgni. Mörg börn eigi það til að vakna hress kl. 5 sem í hugum flestra er mið nótt.

„Svona í apríl fara að koma fyrirspurnir sem tengjast aukinni birtu. Birtan getur haft mikil áhrif á börnin en þau eru auðvitað misviðkvæm. Birtan dregur úr melatónínframleiðslu sem lætur þau vakna fyrr,“ segir Arna. „Mörg börn aðlagast þessu fljótt en þetta getur haft mikil áhrif á sum þeirra lengi.“

Arna segir þetta einnig hafa áhrif á kvöldin og þá helst á eldri börnin. Þau vilji ekki fara að sofa því það sé enn bjart, „enn dagur“. Líklega séu þau einfaldlega ekki syfjuð og þar kemur melatónín aftur við sögu.


Myrkragardínur koma sannarlega til bjargar, ef þær eru rétt uppsettar.

Erla og Arna koma með góð ráð sem gott er að hafa í huga fyrir þá sem tengja við svefnvanda yfir sumartímann. gunnthorunn@frettabladid.is

> **Birtan getur haft mikil áhrif á börnin en þau eru auðvitað misviðkvæm.**
>
> Arna Skúladóttir



> **Við vanmetum gjarnan áhrifin sem birtan hefur á okkur almennt.**
>
> Erla Björnsdóttir



### Góð ráð við svefnleysi í birtunni

Það sem er mikilvægt að hafa í huga er að vera meðvituð um áhrif birtunnar. Það er ýmislegt sem hægt er að gera til þess að hjálpa líkamanum að verjast birtunni sem mest.

#### Fyrir fullorðna

- Vertu með sólgleraugu úti á kvöldin yfir sumartímann, jafnvel þó það sé ekki sól.
- Gott er að búa til meiri dimmu á heimilinu með því að draga fyrir glugga þegar inn er komið.
- Mikilvægt er að hafa myrkur í svefnherberginu og nota utanáliggjandi myrkvunargluggatjöld.

#### Fyrir börnin

- Passið að loka á sólarljósið sem kemur inn um gluggann að morgni, passið að loka hverri skímu. Helst múra upp í gluggann.
- Ekki láta barnið fara of seint að sofa að kvöldinu. Langoftast (nær alltaf) hefur það nær engin áhrif á hvenær barnið vaknar að morgni. Eina sem gerist er að þið fáið bara þreyttara barn að morgni, og enginn er skemmtilegri þegar hann er þreyttur.
- Haldið föstum venjum, bæði hvað gert er fyrir svefn (t.d. knús og lesa) og á svefntímum og passið að daglúrar séu ekki of seint að deginum. Fjörugu krakkarnir vilja oft nefnilega líka seinka daglúrum (því það er svo gaman að leika úti) og þá verður erfiðara að sofna að kvöldinu.




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Bandaríkjaforseti gefur tóninn í tollastríði við Kína

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að láta sverfa til stáls gegn Kína með því að leggja 25 prósenta toll á tilteknar vörur. Ákvörðunin gæti verið upphafið að hörðu viðskiptastríði Bandaríkjanna og Kína sem forstjóri AGS hefur áhyggjur af.

Hinir íþyngjandi tollar munu frá 6. júlí leggjast á um 800 vörur. Viðskipti með þær á ári nema nú 34 milljörðum dala, eða sem nemur ríflega 3.600 milljörðum króna. Kínversku vörurnar, sem Trump vill koma böndum á innflutning á, eru allt frá dekkjum flugvéla og túrbínum til uppþvottavéla. Stjórnvöld útiloka ekki frekari tollaálögur á fleiri vörur að andvirði 16 milljarða dala til viðbótar.

„Þessir tollar eru nauðsynlegir til að koma í veg fyrir frekari ósanngjarnan flutning á bandarískri tækni og hugverki til Kína og munu verja bandarísk störf. Bandaríkjamenn geta ekki lengur búið við að tapa tækni og hugverkum okkar vegna ósanngjarnra viðskiptahátta,“ lét Trump hafa eftir sér.

Trump hefur þar að auki varað kínversk stjórnvöld við að ef þau svari í sömu mynt muni Bandaríkin leggja á enn frekari tolla. Kínverjar hafa sömuleiðis verið vígreifir í tali og Geng Shuang, utanríkisráðherra Kína, ítrekað að viðskiptaþvinganir muni þýða að samningaviðræðum Kína og Bandaríkjanna verði sjálfhætt.

„Taki Bandaríkin upp einhliða verndartollastefnu gegn kínverskum hagsmunum munum við bregðast umsvifalaust við með nauðsynlegum aðgerðum til að verja þá,“ sagði Geng Shuang. **– smj**



**Donald Trump tollar Kína í botn.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Óvíst hvort grói um heilt í Eyjum

**VESTMANNAEYJAR** „Ég hef verið í samskiptum við forystuna,“ segir Jarl Sigurgeirsson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum. „Við erum með okkar hugmyndir en við viljum aðallega koma okkar hlið á framfæri og heyra í þeim hljóðið og út frá því munum við hugsanlega ræða okkar væntingar til málsins.“

Líkt og Fréttablaðið greindi frá lýsti fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum yfir fullu vantrausti á Pál Magnússon í harðorðri ályktun. Ljóst er að ólga er innan flokksins og óskaði fulltrúaráðið í Eyjum eftir fundi með forystu flokksins. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ritari staðfesti í samtali við Fréttablaðið að forysta flokksins hefði farið yfir stöðuna og ráðgert sé að eiga fund með Eyjamönnum á næstunni. Eyjamenn og Valhöll leita núna að heppilegum fundartíma en vonast er eftir því að hann verði sem fyrst svo hægt sé að ræða málin.

Aðspurður hvort hann haldi að grói um heilt segir Jarl: „Ég sé það ekki fyrir mér, þarna er bara fólk sem er búið að stofna annan flokk. Það eru núna þrír flokkar í Vestmannaeyjum og það er bara fínt fyrir lýðræðið að hafa úr nægu að velja, en maður veit aldrei hvað gerst.“ Jarl segir að viðbrögðin við ályktun fulltrúaráðsins hafi verið blendin og samkvæmt heimildum blaðsins er forystan talin vera í þröngri stöðu.



„Menn skiptast í flokka eftir því hvernig þeir taka þessu. Mér finnst flestir hafa skilning á því að við óskum eftir fundi, það er ekki hægt að láta þetta hjá líða án þess að eitthvað sé gert.“ **– tg**

# Víða hægt að horfa á leikinn sögulega undir berum himni

**Stuðningsmenn íslenska landsliðsins sem vilja komast í alvöru stemningu klukkan 13.00 í dag og horfa á stórleik Íslands og Argentínu þurfa ekki að örvænta. Víðsvegar um höfuðborgarsvæðið er leikurinn sýndur á risaskjáum.**

**HM2018** Gríðarleg eftirvænting er fyrir leik Íslands og Argentínu og ljóst að stemningin verður mögnuð. Í Hljómskálagarðinum er mikið lagt upp úr að skapa stemningu fyrir alla fjölskylduna með leiktækjum og veitingum.

Á Garðatorgi, á Rútstúni, Thorsplani og í Hlégarði verða einnig risaskjáir þar sem tilvalið er að fjölmenna með alla fjölskylduna.

Á Akureyri verður leikurinn sýndur á risaskjá í Gilinu á Akureyri, einstök stemning skapast alltaf í Gilinu við slíkar aðstæður.

Brauð&co, Hagavagninn, KaffiVest og Melabúðin standa fyrir sameiginlegu vesturbæjaráhorfi fyrir utan Vesturbæjarlaugina. Leikurinn verður einnig sýndur í BOX street food, sem er nýtt verkefni í Skeifunni, þar eru 15 sölustaðir með fjölbreyttum veitingum.

Í Hjartagarðinum milli Laugavegs og Hverfisgötu mun Canopy Reykjavík og 66° Norður bjóða upp á beina útsendingu á leikjum Íslands.

Gert er ráð fyrir að það rigni eitthvað á höfuðborgarsvæðinu meðan á leiknum stendur og smáskúrir verði víðast hvar um land. **– tg**







# Stephen Hawking hvílir meðal jafningja í Westminster Abbey

**VÍSINDI** Jarðneskum leifum breska eðlisfræðingsins Stephens Hawking var komið fyrir í Westminster Abbey í gær. Hawking mun hvíla þar um ókomna tíð við hlið Isaacs Newton og Charles Darwin, einhverra áhrifamestu vísindamanna sögunnar, ásamt rúmlega þrjú þúsund öðrum breskum þegnum og aðalsfólki sem þar er greftrað.

Margir þekktir vísindamenn hvíla í Westminster Abbey en á síðustu öld var aska eðlisfræðinganna Ernests Rutherford og Josephs Johns Thomson færð í kirkjuna.

John R. Hall, prófastur í Westminster Abbey, sagði við athöfnina í gær að Hawking ætti skilið þennan mikla heiður, ekki einungis vegna afreka sinna í vísindum, heldur einnig vegna þeirra miklu hindrana sem hann þurfti að yfirstíga og þess fordæmis sem hann gaf þeim sem glíma við erfiðleika í lífi sínu.

„Hvort Stephen Hawking hafi verið trúleysingi, hvort hann hafi verið efasemdamaður, það veit ég ekki,“ sagði Hall. „Sama hvort einstaklingurinn trúir á guð eða ekki, þá tel ég að sjá megi drottin í stórkostlegum afrekum hans.“

Rödd vísindamannsins hefur verið sett saman við frumsamið tónverk tónlistarmannsins Vangelis og er ætlað að senda skilaboð vonar og friðar út í geim. Lucy, dóttir Hawking, hefur lýst tónverkinu sem fallegu og táknrænum virðingarvotti sem skapar tengingu á milli nærveru föður þeirra á jörðinni, vilja hans að fara út í geim og rannsóknum hans á eigin hugarheimi.

Hawking fæddist 8. janúar 1942 og lét fljótt til sín taka í vísindunum. Hann lést þann 14. mars síðastliðinn. Heimurinn var honum hugleikinn og þá einkum uppruni hans. Hann lagði aðallega stund á kennilega eðlisfræði og stjörnufræði.

Þegar hann var 21 árs greindist hann með blandaða hreyfitaugahrörnun, eða ALS-sjúkdóminn, sem ræðst á mænuna og veldur lömun. Sögðu læknar honum að hann ætti tvö ár eftir ólifuð. Árin urðu þó 55 talsins.

Eftir hann liggja fjölmörg rit ýmsum sviðum vísindanna. Þekktasta verk hans er eflaust Saga tímans, sem gefin var út árið 1988. Hefur hún selst í yfir tíu milljónum eintaka og verið þýdd yfir á hátt í fjörutíu tungumál. **– khn, la**



**Hawking lagður til hinstu hvílu í Westminster Abbey.** NORDICPHOTOS/GETTY




KIA
The Power to Surprise

## Fagnaðu með Kia á HM

Með hverjum ætlar þú að fagna í dag? Kia er stoltur samstarfsaðili íslenska landsliðsins og HM í fótbolta og við hlökkum til að fylgjast með leik Íslands og Argentínu á eftir. Við minnum einnig á að þú færð 7 ára ábyrgð með öllum nýjum Kia bílum. Það er næstum jafnlangt og meðalstarfsævi atvinnumanns í fótbolta! Styðjum strákana okkar alla leið. Áfram Ísland.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 86614 06/18




**Stóra stundin er runnin upp**
Í dag klæðumst við fánalitunum og tökum þátt í stórkostlegasta viðburði íslenskrar knattspyrnusögu. Nýklædda Fullveldisvélin okkar er búin að fljúga með Tólfuna og hraustan hóp stuðningsfólks til Moskvu þar sem þau verða fulltrúar okkar allra á vellinum.
**Til hamingju með daginn, Íslendingar. Áfram Ísland!**




#DRAUMURINN

ICELANDAIR

# Einstakt afrek



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ísland leikur í dag sinn fyrsta leik í sögunni í lokakeppni heimsmeistaramóts í knattspyrnu karla. Andstæðingarnir eru engir byrjendur – Argentínumenn með sjálfan Messi í broddi fylkingar.

Óhætt er að segja að eftirvæntingin sé áþreifanleg. Öll þjóðin bíður með öndina í hálsinum eftir að leikar hefjist. Þetta á ekki síst við um okkur sem störfum í fjölmiðlum. Útsendarar okkar á mótinu geta nú loksins hætt að spyrja strákana hvernig þeir hafi það á hótelinu og farið að fjalla um leikinn sjálfan og eftirköst hans.

Ísland mætir til leiks með lítið breytt lið. Flestir Íslendingar geta væntanlega allt að því þulið upp byrjunarliðið í leiknum á morgun með lokuð augun, og náð að minnsta kosti níu af ellefu réttum. Af hverju ættum við líka að breyta til? Árangurinn hefur verið ævintýri líkastur undanfarin ár.

Við skulum þó ekki taka því sem sjálfsögðum hlut að Ísland fari nú á hvert stórmótið á fætur öðru. Líkurnar verða aldrei með okkur. Við erum langfámennasta þjóðin sem leikið hefur í lokakeppni HM frá upphafi. Það vorum við líka á EM fyrir örfáum árum. Sá hópur leikmanna sem nú spilar fyrir Ísland er líka einstakur. Grjótharðir reynsluboltar eins og Kári Árnason, eða Ragnar Sigurðsson, í bland við náttúrulega hæfileika leikmanna eins og Jóhanns Berg Guðmundssonar og Gylfa Sigurðssonar.

Sumir þessara leikmanna eru nú komnir á aldur í knattspyrnulegu tilliti, aðrir, eins og landsliðsfyrirliðinn sjálfur, hafa lagt líf og limi að veði fyrir landsliðið í mörg ár og finna fyrir því á líkama og sál. Að minnsta kosti þrír landsliðsmenn hafa gengið til liðs við íslensk lið og hætta því væntanlega leik með landsliðinu að loknu HM. Kynslóðaskipti eru að hefjast fyrir alvöru.

Árangur Íslands undanfarin ár er samspil margra þátta. Lars Lagerbäck hóf byltinguna og Heimir Hallgrímsson hefur fumlaust tekið við kyndlinum. Þeir hafa haft úr einstakri gullkynslóð leikmanna að spila. Leikmanna sem hafa ekki bara hæfileika heldur líka hugarfar til að leggja sig alla fram fyrir lið og þjóð. Umgjörð um landsliðið hefur líka verið í sífelldri þróun. Bæði knattspyrnusambandið og aðdáendur íslenska liðsins geta verið stolt af þeim árangri sem náðst hefur.

KSÍ er örvinnustaður í samanburði við önnur knattspyrnusambönd, starfsmenn sambandsins virðast þó margra manna makar í vinnuframlagi og tryggja að aðbúnaður landsliðsins sé eins og best verður á kosið. Stuðningsmenn hafa líka séð til þess að ekkert erlent lið hlakkar nú til heimsóknar á Laugardalsvöllinn. Hálftómar stúkur heyra sögunni til.

Við Íslendingar skulum njóta þessara vikna í Rússlandi, bæði þau okkar sem heima sitjum og þau sem ætla að fylgja liðinu. Það eitt og sér að Ísland sé þátttakandi á mótinu er afrek sem lengi verður í minnum haft. Við getum ekki búist við að Ísland fari á stórmót á tveggja ára fresti.

Nú er bara að finna leið til að stoppa þennan Messi. Áfram Ísland!

> Nú er bara að finna leið til að stoppa þennan Messi.
>
> Áfram Ísland!

**Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **1. júlí 2018** merktar:

**„Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2"**
Laufásvegi 40, 101 Reykjavík

Umsóknarblöð má fá á heimasíðu STEFs.

sýn

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Komið fagnandi, fiskibollur

Í vikunni var eiginmaðurinn spurður að því við hvað eiginkona hans starfaði. Hann svaraði því til að hún ynni sem „fúll á móti“. Í kjölfarið einsetti ég mér að afsanna starfstitilinn. Eftirfarandi er dæmi um það þegar góður ásetningur fer myndarlega í vaskinn.

Skoðun mín á fótbolta er þessi: Ég kysi heldur að horfa á málningu þorna á vegg en að horfa á fótboltaleik í sjónvarpinu. Mánuðum saman hefur mér tekist að leiða hjá mér heimsmeistaramótið í fótbolta og dýrð íslenska karlalandsliðsins. En svo gerðist eitthvað.

Sjálfsímynd mín er sú að ég sé of andfélagsleg fyrir hópíþróttir. Að flagga íslenska fánanum af öðru tilefni en Júróvisjón er allt of mikið fiskibollur í dós í mötuneyti Framsóknarflokksins þegar ég er að reyna að vera meira svona latte og avókadóbrauð á Kaffihúsi Vesturbæjar. Þegar ég heyri orðið víkingar sé ég fyrir mér fjárglæframenn og kennda kalla á Fjörukránni.

En dropinn holar steininn. Í Norður-London er nú að finna leikskóla fullan af börnum alls staðar að úr heiminum sem hrópa slagorðið „húh“ einum rómi. Ég ber ábyrgð á þessum gjörningi. Eftir að hafa sent stýru leikskóla barnanna minna ítrekuð YouTube-vídjó af íslenska víkingaklappinu lét hún undan þrýstingi og kallaði leikskólann saman á kóræfingu. Í gær var HM-dagur í leikskólanum. Börnin mættu með fána og ég bakaði köku; ég keypti þrjú kíló af m&m til að komast yfir nógu marga bláa, rauða og hvíta súkkulaðihnappa til að þekja kökuna í fánalitunum. Ég er orðin eins og pabbinn í kvikmyndinni My Big Fat Greek Wedding, gamall Grikki í Bandaríkjunum sem bætir upp fyrir fjarlægð við heimalandið með því að vera grískari en allt grískt: „Nefndu orð, hvaða orð sem er, og ég skal sýna fram á að það á grískar rætur,“ var slagorðið hans. Á gangi um hverfið mitt hér í London heyrði ég sjálfa mig segja: „Krakkar, Islington hét áður fyrr Gislandune. Orðið er samsett úr karlmannsnafninu Gísli og „dun“ sem er fornenska og þýðir hæð; Gísla-hæð. Fornenska er náskyld íslensku. Islington á því íslenskar rætur.“ Næsta dag heimsóttum við Greenwich-hverfi. Þegar við gengum framhjá Kirkju heilags Alfegusar fylltist ég skyndilegum þjóðernismóð: „Krakkar, þessi kirkja stendur á þeim stað þar sem við, norrænu víkingarnir, drápum Alfegus erkibiskup af Kantaraborg eftir að hafa farið ránshendi um dómkirkjuna hans og brennt hana svo til grunna. Húh!“

### Aðkeyptur hvítþvottur

Skilaboð þessa pistils áttu í alvörunni að vera einföld: Ég er ekki „fúl á móti“ – áfram Ísland. Komið fagnandi, fiskibollur. Hvar er skráningareyðublaðið í Framsóknarflokkinn? En svo, aftur, gerðist eitthvað.

Í vikunni sendi Knattspyrnusamband Íslands frá sér fréttatilkynningu þar sem kvartað var undan litlum fyrirtækjum sem nota „strákana okkar“ í markaðsskyni. Vildi KSÍ koma því á framfæri að slíkt stríði gegn reglum um notkun á vörumerkjum KSÍ. Sama dag fór glæsilegt kynningarmyndband um landsliðið eins og eldur um sinu á samfélagsmiðlum. Myndbandið var vandað í alla staði og var því leikstýrt af markmanni liðsins sem á framtíðina fyrir sér í kvikmyndagerð. Nema hvað, myndbandið var ekki kynningarmyndband. Það var Kók-auglýsing.

Sem móðir tveggja áhrifagjarnra barna sem eru nýbúin að uppgötva fótbolta og hlaupa um götur Lundúna og hrópa „húh“ hef ég töluvert meiri áhyggjur af vali KSÍ á opinberum styrktaraðilum liðsins en þeim litlu fyrirtækjum sem hengja nú upp heimatilbúin plaköt í gluggann hjá sér með mynd af landsliðstreyjunni og loforði um tvennu-tilboð.

Um leið og ég óska íslenska karlalandsliðinu góðs gengis í fyrsta leik sínum á HM í dag óska ég þess að forsvarsmenn KSÍ hugsi sig tvisvar um áður en þeir bjóða aftur stórfyrirtæki sem selur vöru sem gengur gegn öllum hugmyndum um heilbrigði, hollustu og hreysti að kaupa sér hvítþvott með því að bendla sig við „strákana okkar“. Það stríðir kannski ekki gegn reglum um vörumerki, en það brýtur í bága við almennt velsæmi. Húh!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


emmessís
Trúðaís
HNETU
Toppur
Ístrukkur
14 stk.
Tökum HM með Ístrukki!



Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari og Helgi Kolviðsson aðstoðarþjálfari á lokaæfingu landsliðsins fyrir leikinn á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ekki víst að besta frammistaða landsliðsins frá upphafi dugi

**Íslensku strákarnir fá það verðuga verkefni að verjast Lionel Messi og argentínska sóknarhernum í Moskvu í dag. Aron Einar Gunnarsson vann kapphlaupið við tímann og er klár fyrir þennan fyrsta leik Íslands á heimsmeistaramóti. Pólverjinn Szymon Marciniak sér um flautuleik á leiknum í Moskvuborg.**

**FÓTBOLTI** Klukkan 13.00 flautar Pólverjinn Szymon Marciniak á stærsta leik íslenskrar knattspyrnusögu, allavega ef marka má orð Heimis Hallgrímssonar. Hvernig sem fer verður þetta alltaf söguleg stund, enda fyrsti leikur íslensks fótboltalandsliðs á heimsmeistaramóti.

Mótherjarnir eru ekki af verri endanum; ein stærsta fótboltaþjóð heims og tvöfaldir heimsmeistarar Argentínu sem hafa innan sinna raða þann sem margir telja besta fótboltamann allra tíma, Lionel Messi. Og líkt og á EM 2016 mætir Ísland risaliði með risastjörnu innanborðs í fyrsta leik sínum. Í Frakklandi mætti Ísland Portúgal og náði í 1-1 jafntefli.

Stærsta spurningarmerkið í aðdraganda leiksins, allavega hvað íslenska liðið varðar, var hvort Aron Einar Gunnarsson yrði klár í slaginn. Akureyringurinn virðist hins vegar hafa unnið kapphlaupið við tímann og miðað við orð hans á blaðamannafundi í gær var hann aldrei í vafa. „Ég hafði engar áhyggjur af að ég myndi ekki ná þessu. Þegar maður setur sér markmið þarf maður að gjöra svo vel að gera allt sem maður getur til að ná því. Ég er klár í leikinn og get ekki beðið eftir því að leiða liðið út á völlinn, þ.e. ef Heimir velur mig í liðið,“ sagði Aron Einar. Heimir er að vonum ánægður að hafa endurheimt fyrirliðann sinn.



### Hefur séð á liðinu í fjarveru Arons Einars

„Ég ætla kannski ekki að segja að Aron sé ómetanlegur en hann er gríðarlega mikilvægur fyrir hópinn. Við höfum þurft að spila án hans í nokkurn tíma og mér finnst það hafa sést á liðinu. Hann er mikill leikstjórnandi og gefur liðinu mikið sjálfstraust,“ sagði Heimir.

Á blaðamannafundinum í gær var Eyjamaðurinn spurður út í föst leikatriði þar sem Ísland ætti að hafa yfirhöndina gegn Argentínu, enda með talsvert hávaxnara lið.

### Leggja mikla vinnu í föst leikatriði

„Við höfum gert vel í föstum leikatriðum og ætlum ekki að breyta því. Þetta er eitt af okkar einkennum. Við leggjum mikla vinnu í föst leikatriði og þau eru einn af okkar styrkleikum. Hæð breytir því ekki hvort við beitum þeim eða ekki,“ sagði Heimir.

Eyjamaðurinn segist vera búinn að velja byrjunarliðið fyrir leikinn í dag. Stærsta spurningin er hvort Heimir spilar með tvo hreinræktaða framherja eða fer sömu leið og á seinni stigum undankeppni HM og lætur Emil Hallfreðsson spila við hlið Arons Einars á miðjunni. Gylfi Þór Sigurðsson myndi þá leika fyrir framan þá og styðja við fremsta mann.

### Byrjunarlið Íslands




**1** Hannes Þór Halldórsson **2** Birkir Már Sævarsson **3** Kári Árnason **4** Ragnar Sigurðsson **5** Hörður Björgvin Magnússon **6** Jóhann Berg Guðmundsson **7** Aron Einar Gunnarsson **8** Emil Hallfreðsson **9** Birkir Bjarnason **10** Gylfi Þór Sigurðsson **11** Jón Daði Böðvarsson

> Við höfum gert vel í föstum leikatriðum og ætlum ekki að breyta því. Þetta er eitt af okkar einkennum. Við leggjum mikla vinnu í föst leikatriði og þau eru einn af okkar styrkleikum. Hæð breytir því ekki hvort við beitum þeim eða ekki.
>
> Heimir Hallgrímsson

### Ætla upp úr riðlinum

Mikið hefur verið gert úr þeirri staðreynd að Ísland er langfámennasta þjóðin sem hefur komist á HM. Þrátt fyrir það vottar ekki fyrir minnimáttarkennd hjá íslenska liðinu og Heimir setur stefnuna á 16-liða úrslit.

„Íslenskur fótbolti stendur ekki og fellur með úrslitunum í næstu þremur leikjum. Við verðum að halda áfram og horfa fram á veginn. En markmiðið er að fara upp úr riðlinum og ef við gerum það skiljum við tvö góð lið eftir. Við ættum ekki að óttast neinn andstæðing eftir það. Þannig er hugarfar okkar þegar við komum inn í þetta mót,“ sagði Heimir.

### Markavélar í framlínunni hjá Argentínu

Heimir Hallgrímsson segir að það verði ekki þverfótað fyrir góðum leikmönnum í argentínska hópnum.

„Það fer svolítið í taugarnar á okkur þjálfurunum þegar eina spurningin er um Lionel Messi. Þetta eru leikmenn í bestu liðum heims sem við horfum á í hverri viku. Ef of mikil athygli fer á einn leikmann í liðinu er einhver annar sem getur refsað okkur. Það væri að æra óstöðugan að telja upp alla leikmennina sem eru góðir í argentínska landsliðinu,“ sagði Heimir.

Til að setja styrk argentínska hópsins í samhengi, þá eru innan hans markahæsti leikmaður Spánarmeistara Barcelona (Lionel Messi), Ítalíumeistara Juventus (Gonzalo Higuaín) og Englandsmeistara Manchester City (Sergio Agüero).

Heimir segist líka meðvitaður um að besta frammistaða íslenska liðsins dygði kannski ekki til sigurs gegn því argentínska.

„Íslendingar gætu átt leik lífs síns og samt tapað fyrir frábæru liði eins og Argentínu. Það er raunveruleikinn,“ sagði Heimir. **ingvithor@frettabladid.is**

## Stjarna dagsins á HM 2018

Cristiano Ronaldo skoraði öll mörk Portúgals í 3-3 jafntefli gegn Spáni í besta leik HM 2018 til þessa. Ronaldo tryggði Evrópumeisturunum stig þegar hann skoraði með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu tveimur mínútum fyrir leikslok. Ronaldo er elsti leikmaðurinn til að skora þrennu á HM, eða 33 ára og 130 daga gamall. Hann skoraði aðeins samtals þrjú mörk á fyrstu þremur heimsmeistaramótum sínum en tvöfaldaði markafjölda sinn á HM í gær. Ronaldo hefur nú skorað á öllum níu heimsmeistara- og Evrópumótunum sem hann hefur spilað á.



**HM 2018 í Rússlandi í gær**

**A-riðill**

**Úrúgvæ - Egyptaland 1-0**
1-0 José Giménez (89.).

**B-riðill**

**Marokkó - Íran 0-1**
1-0 Sjálfsmark Aziz Bouhaddouz (90.)

**Spánn - Portúgal 3-3**
0-1 Christiano Ronaldo (4.), 1-1 Diego Costa (24.), 2-1 Ronaldo (44.), 2-2 Costa (55.), 2-3 Nacho (58.), 3-3 Ronaldo (88.)

### KRISTJÁN TEKUR VIÐ RHEIN-NECKAR LÖWN

Kristján Andrésson, sem þjálfar nú sænska karlalandsliðið í handbolta, mun taka þýska liðinu Rhein-Neckar Löwen sumarið 2019. Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, og Alexander Petersson leika með liðinu.

Kristján sem hefur þjálfað sænska liðið síðan 2016 mun starfa áfram sem landsliðsþjálfari samhliða starfi sínu hjá þýska liðinu. Sænska liðið varð í sjötta sæti á HM 2017 á fyrsta móti hans með liðið og Svíþjóð varð svo í öðru sæti undir hans stjórn á EM 2018.

Svíþjóð hefur tryggt sér sæti á heimsmeistaramótinu sem fram fer í Danmörku og Þýskalandi í janúar árið 2019. Rhein-Neckar Löwen varð í öðru sæti í þýsku efstu deildinni á síðustu leiktíð, en liðið varð þýskur meistari árin 2016 og 2017.

Kristján mun hitta fyrir sænsku landsliðsmennina Mikael Appelgren, Andreas Palicka, Jerry Tollbring og Jesper Nielsen hjá Rhein-Neckar Löwen.



## HM í dag

**10.00** Frakkland - Ástralía
**13.00** Ísland - Argentína
**16.00** Danmörk - Perú
**19.00** Króatía - Nígería

17. JÚNÍ

# HÁTÍÐ Í KÓPAVOGI




**Kópavogsvöllur 10.00**
17. júní hlaup fyrir börn í 1.-6. bekk.

**Skrúðganga 13.30**
Frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni.
Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs.
Nýstúdent og fjallkona leiða gönguna.
**Skrúðgangan leggur af stað klukkan 13.30**

**Á Rútstúni og víðar 13.00**
Götuleikhús Kópavogs verður á flakki með alls kyns sprell. Leiktæki, barnatjald fyrir 0-5 ára, hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira. Íþrótta- og æskulýðsfélög verða með sölutjöld á Rútstúni. Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar. Klifurveggur og sveitin sýnir tæki og búnað.

**Útisvæði við Menningarhúsin í Kópavogi 13.00-17.00**
Ærslabelgurinn, hoppukastalar, skapandi sumarhópar úr Molanum, Krakkahestar, andlitsmálun og fleira.
Gerðarsafn, Bókasafn og Náttúrufræðistofa Kópavogs verða opin kl. 11-17.

**Hátíðar- og skemmtidagskrá**
**á Rútstúni 14.00**
Kynnir Sigyn Blöndal

**Hátíðardagskrá**
Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn Össurar Geirssonar
Ávarp bæjarstjóra
Nýstúdent flytur ræðu
Fjallkona flytur ljóð

**Skemmtidagskrá**
Karíus og Baktus
Ronja ræningjadóttir
Söngvaborg
Ari Ólafsson
Sigurvegari söngkeppni Samfés
Between Mountains
Ellý -Katrín Halldóra ásamt hljómsveit
Hljómsveitin Sue

## Stórtónleikar á Rútstúni hefjast klukkan 19.30

**Aron Mex og AleXos - 200 Mafia - Amabadama - Herra Hnetusmjör og Joe Frazier - Stuðmenn**

Nánari upplýsingar á www.kopavogur.is

Kópavogsbær

# Argentína

**Sæti í riðlakeppni:** 3
**Mörk:** 19/16
**Heimsmeistaramót:** 16
**Heimsmeistaratitlar:** 2
**Meðalaldur:** 29 ára
**Leikjahæstur:** Mascherano
**Yngstur:** Lo Celso 22
**Elstur:** Caballero 36
**Fyrirliði:** Lionel Messi

**Þjálfari Argentínu**
Jorge Sampaoli
**Aldur:** 58 ára

Sampaoli var kynntur til leiks sem þjálfari argentínska landsliðsins fyrir ári. Síðan þá hefur hann prófað ýmislegt en á enn eftir að finna töfralausnina eins og tapið stóra gegn Spáni í mars sýndi. Sampaoli gerði Chile að Suður-Ameríkumeisturum 2015 og náði svo góðum árangri með Sevilla á þarsíðasta tímabili. Sampaoli vill spila pressubolta í anda Marcelos Bielsa en sá leikstíll virðist ekki henta argentínska liðinu neitt sérstaklega vel.



**Suður-Ameríku-riðillinn**

| | S | J | T | Stig |
|---|---|---|---|---|
| 1. Brasilía | 12 | 5 | 1 | 41 |
| 2. Úrúgvæ | 9 | 4 | 5 | 31 |
| 3. Argentína | 7 | 7 | 4 | 28 |
| 4. Kólumbía | 7 | 6 | 5 | 27 |
| 5. Perú | 7 | 5 | 6 | 26 |
| 6. Chile | 8 | 2 | 8 | 26 |

HM2018

Diego Macias
blaðamaður á Diario Olé frá Argentínu

## Erum of háð Lionel Messi

„Það eru fjölmörg vandamál búin að koma upp hjá argentínska liðinu síðustu vikur, meiðsli trufluðu undirbúninginn okkar svo að þeir sem byrja leikinn gegn Íslandi munu ekki eiga marga leiki saman sem lið,“ segir Diego Macias, blaðamaður á Diario Olé frá Argentínu, er hann var spurður í gær út í leikinn gegn Íslandi. Þrátt fyrir það eru væntingarnar miklar.

„Fólk í Argentínu lifir fyrir fótbolta, það fylgjast allir með og við vitum að við erum of háð Lionel Messi. Hann er einstakur, sá besti í sögu knattspyrnunnar en það er ekki hægt að ætlast til að hann vinni alla leiki fyrir okkur. Við þurfum að fá meira framlag frá öðrum leikmönnum liðsins.“

Þetta gæti verið síðasta tilraun Messi til að vinna Heimsmeistaramótið með Argentínu.

„Fyrir HM í Brasilíu þá var talað um að þetta gæti verið hans síðasta mót en hann hefur náð að halda sama dampi. Argentínska þjóðin vill halda honum sem lengst og vonandi er þetta ekki síðasta mót hans fyrir þjóð sína.“

# Biðin endar líklega ekki í Rússlandi



Undanfarinn aldarfjórðung eða svo hafa yngri landslið Argentínu verið afar sigursæl. Frá 1995 hefur Argentína fimm sinnum orðið heimsmeistari U-20 ára og tvisvar sinnum Ólympíumeistari (2004 og 2008). A-landsliðið hefur hins vegar ekki unnið titil síðan 1993 þegar Argentína varð Suður-Ameríkumeistari.

Fjölmargir frábærir leikmenn hafa leikið með Argentínu síðan þá, enginn þó betri en Lionel Messi, fyrirliði og markahæsti leikmaður í sögu argentínska landsliðsins. Hann hefur rakað inn titlum með Barcelona og unnið öll þau einstaklingsverðlaun sem hægt er að vinna. En hann á enn eftir að vinna titil með Argentínu, ef Ólympíugullið 2008 er frátalið. Þótt það hafi ekki úrslitaáhrif á arfleifð Messi þráir hann að leiða Argentínu til sigurs á stórmóti. Og nýlega sagðist hann vera tilbúinn að skipta á titli með Barcelona fyrir titil með argentínska landsliðinu. Messi hefur verið nálægt því að brjóta þennan þykka ís á undanförnum árum en Argentína tapaði í úrslitum HM 2014 og Suður-Ameríkukeppninnar 2015 og 2016.

Messi er hluti af afskaplega sterkri kynslóð leikmanna fæddra á árunum 1987 og 1988 en auk hans eru Gonzalo Higuaín, Sergio Agüero, Ángel Di María, Nicolás Otamendi og Éver Banega helstu merkisberar þess hóps. Markvörðurinn Sergio Romero er einnig hluti af hópnum en hann verður ekki með á HM. Romero hefur leikið nánast alla keppnisleiki argentínska liðsins undanfarin ár og lék vel á HM 2014. Talið er að Willy Caballero, markvörður Chelsea, standi á milli stanganna á HM. Hann er 36 ára en hefur samt einungis leikið þrjá landsleiki.

Varnarleikurinn er einnig spurningarmerki en viðvörunarljós blikkuðu eftir 6-1 tap fyrir Spáni í vináttulandsleik í mars. Argentínska vörnin opnaðist þá hvað eftir annað og leit afar illa út. Jorge Sampaoli, þjálfari Argentínu, gerði Chile að Suður-Ameríkumeisturum með hápressu og sóknarbolta að vopni en argentínska liðið virðist ekki vera jafn vel sniðið að þeim leikstíl og það chileska.

Það er því spurning hvort Sampaoli fari sömu leið og Alejandro Sabella í Brasilíu fyrir fjórum árum. Leggi áherslu á þéttan varnarleik og treysti á að Messi dragi kanínur upp úr hattinum. Hann er með örlög argentínska liðsins í hendi sér eins og síðustu ár.

**Úrslitaleikjaógæfa Argentínumanna**

A-landslið Argentínu hefur ekki átt góðu gengi að fagna í úrslitaleikjum undanfarna áratugi en ef Ólympíuleikarnir þar sem U-23 ára liðið leikur er tekið út úr myndinni hefur Argentína tapað sex úrslitaleikjum í röð. Eru komin 25 ár síðan Argentína vann síðast úrslitaleik í Suður-Ameríkukeppninni gegn Mexíkó. Þeir hafa fengið mörg tækifæri til að bæta upp fyrir það á undanförnum árum en Argentína hefur leikið þrjá úrslitaleiki frá árinu 2014 og tapað þeim öllum.

Sá stærsti var í úrslitum Heimsmeistaramótsins í landi erkifjendanna, Brasilíu, fyrir fjórum árum þegar Argentína tapaði 0-1 fyrir Þýskalandi. Var það endurtekning frá úrslitaleiknum 1990 og úrslitin voru þau sömu. Þýskaland vann nauman sigur með marki Mario Götze í framlengingu.

Argentínumenn mættu Chile í úrslitum Suður-Ameríkukeppninnar tvö ár í röð, 2015 og 2016, en í bæði skiptin varð markalaust jafntefli og Chile vann eftir vítaspyrnukeppni.

Hefur markaskorun reynst liðinu erfið í þessum sex úrslitaleikjum en í þeim hafa þeir aðeins skorað þrjú mörk.

ingvithor@frettabladid.is

## 10 Lionel Messi

**Aldur:** 30 | **Leikir:** 124 | **Mörk:** 64

Lionel Messi kom Argentínu á HM nánast einsamall þegar hann skoraði þrennu gegn Ekvador í lokaleik undankeppninnar. Messi er fyrirliði argentínska liðsins og gengi þess stendur og fellur með honum. Messi var valinn besti leikmaður HM 2014 þegar Argentína tapaði í úrslitum fyrir Þýskalandi.

Messi hefur unnið allt sem hægt er að vinna með Barcelona en fyrir utan Ólympíugull 2008 hefur hann ekkert unnið með argentínska landsliðinu. Hann er markahæsti leikmaður í sögu þess með 64 mörk. Hann var rekinn út af eftir tvær mínútur í fyrsta landsleiknum sínum.

**64**
**mörk hefur Lionel Messi skorað fyrir Argentínu**

**Staðfest byrjunarlið Argentínu**




**1** Willy Caballero **2** Eduardo Savio **3** Nicolás Otamendi **4** Marcos Rojo **5** Nicolás Tagliafico **6** Maximilano Meza **7** Javier Mascherano **8** Giovani Lo Celso **9** Angel Di Maria **10** Lionel Messi **11** Sergio Agüero

## Sögumoli

Ef Javier Mascherano spilar leikinn gegn Íslandi í dag slær hann leikjamet argentínska landsliðsins. Mascherano, sem leikur í dag með Hebei China Fortune, hefur leikið 143 landsleiki, líkt og Javier Zanetti gerði á sínum tíma. Mascherano lék sinn fyrsta landsleik gegn Úrúgvæ í júlí 2003, þá 19 ára gamall. Hann er að spila á sínu fjórða heimsmeistaramóti en hann hefur einnig tekið þátt í fimm Suður-Ameríkukeppnum. Þá varð Mascherano Ólympíumeistari með Argentínu 2004 og 2008.






# Byrjunarliðið liggur fyrir hjá Argentínu

Jose Sampaoli, þjálfari Argentínu, var ekkert að tvínóna við hlutina þegar hann ræddi við blaðamenn á blaðamannafundi fyrir leik liðsins gegn Íslandi í dag. Sampaoli kunngjörði þar hvernig hann hygðist stilla upp byrjunarliði argentínska liðsins gegn íslenska liðinu á morgun.

Willy Caballero mun leysa Sergio Romero af í markinu, en Romero meiddist á æfingu í undirbúningnum fyrir mótið. Þá ætlar Sampaoli að leggja traust sitt á Sergio Agüero í framlínu liðsins í stað Gonzalo Higuain. Paulo Dybala, samherji Higuains hjá Juventus, hlýtur svo ekki náð fyrir augum Sampaoli að þessu sinni.

„Við höfum verið að æfa okkur alla vikuna miðað við það að byrja eins og ég sagði frá áðan. Það er ekkert leyndarmál hvernig við byrjum og allur okkar undirbúningur hefur miðast við að byrja svona,“ sagði Sampaoli.

**Við höfum aflað okkur upplýsinga um íslenska liðið og ég veit vel að þetta er erfiður andstæðingur.**

Jose Sampaoli, þjálfari Argentínu

Sampaoli tók sér svo drjúgan tíma í að mæra Lionel Messi, fyrirliða og lykilleikmann Argentínu.

„Lionel Messi er einstakur leikmaður og hann er bæði líkamlega og andlega vel stemmdur fyrir þetta mót.

Messi gerir sér klárlega vonir um það að vinna mótið, en ég tel að það setji enga aukapressu á hann. Það hefur lengi verið pressa á honum að ná árangri og það er ekki ný staða. Ég tel að þetta sé ekki síðasta mótið hjá honum, hann er það hraustur núna og svo mikill eldmóður í honum að ég tel að hann geti spilað í hæsta gæðaflokki í allavega fjögur ár í viðbót,“ sagði Sampaoli um argentínsku stórstjörnuna.

Messi hefur ekki enn unnið stóran titil með Argentínu, en einu sigurverðlaun hans með liðinu er Ólympíugull frá árinu 2008.

„Við höfum aflað okkur upplýsinga um íslenska liðið og ég veit vel að þetta er erfiður andstæðingur.

Einn af lykilleikmönnum þeirra [Aron Einar Gunnarsson] er að jafna sig eftir meiðsli. Þetta er hópur leikmanna sem spilar vel sem lið og liðsheildin er þeirra aðalsmerki,“ sagði Sampaoli um íslenska liðið.

„Þeir eru þéttir og skipulagðir til baka og beita góðum skyndisóknum. Við búum okkur undir erfiðan leik og vitum vel að við verðum að hafa okkur alla við til þess að fara með sigur af hólmi,“ sagði Sampaoli en fremur um andstæðinga Argentínu á Spartak Stadium í hádeginu á morgun.



# ÍSLENSK JARÐARBER GLEÐILEGT SUMAR!

Þótt sumarið sé ekki alltaf mjög sumarlegt er hægt að bragða á sumrinu hvenær sem maður vill með glænýjum íslenskum jarðarberjum.

Það er fátt huggulegra en að koma inn eftir góða útiveru, hella upp á og reiða fram dýrindis vöfflur með rjóma og ferskum jarðarberjum.
Eigðu alltaf smá bragð af sumrinu í ísskápnum.

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt.is

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

# Sturlaðar staðreyndir um leikmenn á HM




Hver vissi að Alfreð Finnboga og Heimir Hallgríms fóru saman í ferð til Liverpool fyrir 20 árum? Að pabbi Gylfa Sig varð Íslandsmeistari í pílu með vinstri, að Birkir Már hafi brætt úr hlaupabretti í Bolungarvík og að mágur Luis Suarez hafi spilað með KR? Fréttablaðið skoðaði nokkrar sturlaðar staðreyndir um leikmenn Íslands og góðvina sjónvarpsáhorfenda.

## Hannes Halldórsson

Pabbi hans, Halldór Þórarinsson, var efnilegur markmaður. Hann fékk aðeins eitt spjald á ferlinum, en það fékk hann í leik sem vannst 10-0. Halldóri leiddist eitthvað þófið í markinu og pantaði stól til að setjast á. Sat hann sem fastast enda lítið að gera þar til dómarinn áttaði sig á dólgslátunum og spjaldaði hann.

Kvikmyndaferil Hannesar þekkja flestir en eftir að hafa leikstýrt nokkrum myndböndum fyrir Nylon-flokkinn stofnaði hann kvikmyndafyrirtækið Kuwait ehf. Hann var eini starfsmaðurinn.

## Rúnar Alex Rúnarsson

Rúnar Alex kom inn á í sínum fyrsta leik í Pepsi-deildinni 11. ágúst 2013 eftir að Hannes Þór Halldórsson fékk rauða spjaldið á 56. mínútu. Rúnar Alex var nokkrar mínútur að koma sér inn á völlinn í kjölfarið en hann gleymdi legghlífunum sínum. Þurfti því að finna þær og leituðu leikmenn og starfsfólk KR logandi ljósi að hlífunum en leikmaður má ekki fara inn á völlinn án þeirra. Þær fundust í úlpunni hans og skokkaði strákssi inn á.

## Ari Freyr Skúlason

Er Valsari eins og bróðir hans og móðir, Hallfríður Vigfúsdóttir, en pabbi þeirra, Skúli Oddgeirsson, er granítharður KR-ingur.

## Hörður Björgvin Magnússon

Varð góður vinur Pauls Pogba strax á fyrsta degi Pogba í Juventus og var túlkurinn hans á æfingasvæðinu. Spiluðu þeir saman tölvuleiki til að eyða tímanum. „Hann vann mig reyndar oftast,“ sagði Hörður í samtali við Daily Mail fyrir viðureign Manchester United og Bristol í enska deildarbikarnum síðasta vetur.

## Samúel Kári Friðjónsson

Fékk sénsinn með Keflavík gegn Val 26. maí árið 2013 og spilaði gegn fyrrverandi landsliðsmanninum Matthíasi Guðmundssyni. Hann þótti standa sig vel en fékk rauða spjaldið fyrir að rífa kjaft við aðstoðardómarann. „Samúel virðist hafa látið aðstoðardómarann heyra það. Leiðinlegur endir á finni frumraun stráksins,“ sagði í textalýsingu leiksins. Valur vann leikinn 4:0. Arnór Ingvi Traustason spilaði einnig fyrir Keflvíkinga.




## Emil Hallfreðsson

Er orðinn vínínn-flytjandi en Allegrini-vínflöskurnar koma beint í gegnum Emil. Allegrini-fjölskyldan í Valpolicella-dalnum, sem er skammt frá Verona þar sem Emil spilaði lengi, framleiðir vínin en þau hafa hlotið góða dóma og margvísleg verðlaun.




## Kári Árnason

Kemur úr mikilli Valsætt en faðir hans spilaði með félaginu. Hann var hálft ár í Val en skipti aftur yfir í Víking þar sem hjartað slær. Hann var aldrei valinn í yngri landslið Íslands. Alnafni hans, Akureyringurinn Kári Árnason, lék ellefu landsleiki á árunum 1961 til 1971.




## Aron Einar Gunnarsson

„Þessi þjóð er ekkert upp á marga fiska. Hér er mikil fátækt og þetta eru mestmegnis glæpamenn.“ Setning sem hóf næstum því alþjóðlega deilu á milli Íslands og Albaníu en fyrirliðinn sagði þessa setningu eftir að hafa séð gaur beran að ofan með haglabyssu á bakinu. Aron baðst afsökunar og hefur ekki stigið feilspor sem fyrirliði síðan.

## Sverrir Ingi Ingason

Fyrsta markið hans í Meistaraflokki kom með varaliði Breiðabliks, Augnabliki, gegn KB. Þá skoraði hann fram hjá Val Gunnarssyni sem hélt Hannesi Halldórssyni á bekknum hjá Leikni forðum daga. Fyrsta markið í efstu deild kom gegn KR en þar stóð Hannes í rammanum.

## Gylfi Þór Sigurðsson

Er byrjaður að læra á píanó og hefur gaman af að spila pílu en faðir hans, Sigurður Aðalsteinsson, er Íslandsmeistari í pílu og í landsliði eldri kylfinga. Hann kastaði pílunni alltaf með hægri en eftir veikindi þjálfaði hann þá vinstri upp og kastar nú með henni.



## Ragnar Sigurðsson

Vinir hans kalla hann sykurinn og kallar hann sig það á Instagram. Eftir EM-ævintýrið fór Ragnar í frí til Íslands. Þar skellti hann sér upp á svið með Arnari Friðrikssyni trúbador og söng lag Liverpool-liðsins You'll Never Walk Alone af stakri snilld og við mikinn fögnuð gesta. Hann hefur spilað slétta 100 landsleiki – 77 A-landsleiki og 23 með yngri landsliðum.

## Birkir Már Sævarsson



Tengdasonur Bolungarvíkur eyddi jólafríinu sínu í bænum eitt sinn og skellti sér í ræktina. Þar stillti hann hlaupabrettið í botn og hljóp sem vindurinn. Brettið þoldi ekki áganginn og bræddi úr sér.

## Arnór Ingvi Traustason



Njarðvíkingurinn magnaði kom nokkuð óvænt inn í hópinn fyrir EM en hann hafði ekki tekið þátt í neinum leik í undankeppninni. Fjölskylda hans fór út og var á fyrstu leikjunum en fór heim fyrir Austurríkisleikinn því bróðir hans var að fara að keppa á Pollamótinu í Vestmannaeyjum. Þau misstu því af þegar sonurinn skoraði sigurmarkið eftirminnilega gegn Austurríki.

F Sjá nánar á Fréttablaðið+
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.


Gestrisni af gamla skólanum
GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ - GLEÐILEGT SUMAR
9
8
7
10
6
5
1
2
4
3
Gisting og matur á góðu verði um allt land
Við hjá Edduhótelum höldum sérstaklega mikið upp á þjóðhátíðardaginn því hann hefur ávallt markað sumarkomuna. Þá hafa hótelin okkar um allt land loksins verið opnuð fyrir gesti.
Þú finnur Edduhótel á vísum stað í nágrenninu þar sem þú getur notið gistingar á góðu verði og uppgötvað náttúruperlur landsins.
Á Edduhótelunum eru hagstæðir veitingastaðir sem bjóða upp á gómsætan mat úr einstaklega fersku hráefni.
Velkomin á Hótel Eddu.
10 HÓTEL ALLAN HRINGINN:
1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Höfn • 5 Neskaupstaður
6 Egilsstaðir • 7 Stórutjarnir • 8 Akureyri • 9 Ísafjörður • 10 Laugar í Sælingsdal
hotel edda
Gestrisni af gamla skólanum
SÍÐAN 1961
Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000.



## Alfreð Finnbogason



Við níu ára aldur flutti fjölskyldan búferlum til Skotlands, nánar tiltekið Edinborgar þar sem Finnbogi faðir Alfreðs stundaði nám í 18 mánuði. Árið 1997 var hann svo með í merkilegri ferð þar sem full flugvél af Íslendingum fór í fyrsta sinn beint til Liverpool að horfa á leik Liverpool og Manchester United. Þar var einnig Heimir Hallgrímsson og birtust þeir félagar á mynd saman í Morgunblaðinu sem gerði ferðinni skil.



KNATTSPYRNA

Lítið á björtu hliðarnar

Þúsund manns skráðir í Liverpool-klúbbinn

Sprengjuhótanir stöð... uðu ekki elstu „Púlara...

NOKKRIR íslenskir feðgar voru í Liverpool. Í þeim hópi voru Finnbogi Alfreðsson og sonurinn Alfreð Finnbogason úr Grindavík og Valsararnir Ari Jafetsson og Jafet Ólafsson.

MARGIR mættu tímanlega á völlinn á laugardagsmorgun til að sjá leikmennina koma á Anfield. Feðgarnir Stefán Friðriksson og Friðrik Friðriksson létu sig ekki vanta frekar en Eyjamennirnir Heimir Hallgrímsson, Júlíus Hallgrímsson, faðir hans Hallgrímur Þórðarson og afinn Júlíus Hallgrímsson.

MIÐVIKUDAGUR



## Lionel Messi

Annar af besta fótboltamönnum heims byrjaði skyndilega að fá sér húðflúr og safna skeggi. Eitthvað fór þó flúrið á kálfanum í taugarnar á honum því hann flúraði yfir það. Henti bara svörtum lit upp allan kálfann svo nú er eins og hann sé alltaf í svörtum sokk.



## Rúrik Gíslason

Birtist eitt sinn sem fullskapaður tónlistarmaður í einum þætti af Týndu kynslóðinni árið 2012 en hann er mikill gítarglamrari. Gaf Jón Jónsson honum toppeinkunn fyrir kassagítarflutning sinn af laginu U got it bad með Usher. „Ég vissi að það byggi mikið í honum en hann kom mér samt á óvart.“

## Birkir Bjarnason

Ofboðslega myndarlegur maður sem vakti verðskuldaða athygli breska fatarisans ASOS sem vildi fá Akureyringinn unga til að verða módel fyrir sig. Birkir reyndar þáði boðið en ekki hafa neinir pappírar verið undirritaðir.

## Ronaldo



Spurður um upphafið sagði Ronaldo eitt sinn, að hann þyrfti að þakka Albert Fantrau æskuvini sínum fyrir allt. Þannig var að í unglingaliði Sporting átti sá sem skoraði flest mörk að komast að í akademíunni. Fantrau og Ronaldo voru báðir búnir að skora sitthvort markið. Eftir góðan samleik komst Fantrau í gegn, fór fram hjá markverðinum og átti bara eftir að rúlla boltanum í netið. Þess í stað gaf hann á Ronaldo sem skoraði í autt markið. Framhaldið þekkja flestir. Ronaldo hefur unnið allt sem hægt hefur verið að vinna fyrir utan HM styttuna. Blaðamenn fundu þennan Fantrau og bönkuðu upp á. Hann átti heima í risastóru húsi og átti rándýra bíla en var atvinnulaus. Spurður hvernig hann hefði efni á þessu öllu var svarið einfalt. „Þetta kemur allt frá Ronaldo.“



## Jóhann Berg Guðmundsson

Var gríðarlega góður í tölvuleiknum Counter Strike en lagði tölvumúsina á hilluna þegar fjölskyldan flutti til Englands. Þar var nettengingin ekki nógu góð og kom Jóhann út úr herberginu sínu einn daginn og sagðist vera hættur. Hóf feril sinn í Fylki en stoppaði þar stutt.

## Jón Daði Böðvarsson

Barnabarn Þorsteins frá Hamri, eins af okkar fremstu ljóðskáldum en alls gaf hann út 26 ljóðabækur. Faðir hans er Böðvar Bjarki Þorsteinsson kennari og móðir er Ingibjörg Erna Sveinsdóttir frá Miðhúsum í Reykhólasveit. Langafi Jóns Daða var Jón Daðason bóndi í Miðhúsum í Reykhólasveit, sonur Maríu Magdalenu Andrésdóttur úr Breiðafjarðareyjum en hún var á sínum tíma sá íslendingur sem náði hæstum aldri allra íslendinga, 106 árum.

## Luis Suarez



Alinn upp í fátækt og vann sem götusópari og var í alls kyns veseni áður en hann kynntist ástinni í lífi sínu, Sofiu Balbi. Bróðir hennar, Gonzalo Balbi, kom árið 2014 að spila með KR en hann flutti hingað með íslenskri kærustu.

## Ólafur Ingi Skúlason

Íslenski landsliðsmaðurinn Ólafur Ingi Skúlason gekk á dögunum til liðs við uppeldisfélag sitt Fylki og var hann kynntur með stórkostlegu myndbandi. Þar sést vel í húðflúr sem Ólafur Ingi er með á bakinu en þar stendur „Farðu í R***gat“. Fótbolti.net spurði Ólaf út í húðflúrið á dögunum og kom í ljós að það er 20 ára gamalt. „Við vorum nokkrir félagar sem fengum okkur tattú og þetta varð fyrir valinu hjá mér. Þetta er ekkert sem maður strokar svo auðveldlega út.“



## David de Gea

Kærasta hans, Edurne Garcia, tók þátt í Eurovision fyrir Spán árið 2015 með laginu Amanecer og endaði í 21. sæti. Hún situr einnig í dómarasætinu í Espania got talent.

## Björn Bergmann Sigurðarson

Var einn efnilegasti knattspyrnumaður landsins og var kominn á bekkinn hjá ÍA rúmlega 15 ára gamall. Stórlið fylgdust með honum og bauð norska liðið Rosenborg honum út til reynslu eftir að hafa séð hann hita upp gegn Val í hálfleik! Hann fékk einnig boð um að fara til Manchester United en hafnaði því.




# Fjölskyldudagur

## Smárabíó og Emmessís
## **Sunnudaginn 17. júní**

**TILBOÐ** Í BÍÓ

**500 kr.**

á fjölskyldumyndina **Draumur** allan daginn

**INSTAGRAM** LEIKUR

**Viltu vinna bíómiða og ís?**

**Taggaðu mynd af þér með EmmessísTopp**
**í Smárabíó og þú gætir unnið.**
**#istoppursmarabio**




SMÁRA BÍÓ

# Öndunin er uppspretta orkunnar

Hinn danski **Nicolai Engelsbrecht** hefur einstaklega góða nærveru, er innilegur og opinn. Nicolai hefur átt viðburðaríka ævi. Vafasöm fortíð varð að bjartri framtíð þegar hann ákvað að snúa við blaðinu eftir að hafa misst augað í sýruárás. Í dag vinnur hann með alls konar fólki, þar á meðal föngum, og styðst við sérstakar öndunaræfingar til að losa um stress og streitu sem hann segir vera rót ýmissa vandamála.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is





Eftir sýruárásina í Kaupmannahöfn leiddi eitt af öðru og nú vinnur Nicolai m.a. með föngum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skælbrosandi og hlýlegt andlit tekur á móti blaðamanni á veitingastað í Reykjavík á grábjörtum degi. Nicolai er kominn hingað til lands í því skyni að reyna að fá inni í fangelsunum með sérstakt betrunarprógramm fyrir fanga sem nefnist Prison SMART (e. stress management and rehabilitation training). Í vikunni fór Nicolai á fund með fangelsismálayfirvöldum og gekk sá fundur vel. „Vel var tekið í hugmynd mína og mér sýndist vera mikill áhugi, en ekki var hægt að gefa mér svar alveg strax. Ég er hins vegar vongóður,“ segir Nicolai. „Ég veit að það er skortur á þjónustu til fanga hér á landi. Ég tel að Prison SMART muni hafa mikil og góð áhrif ef ég fæ að vinna með föngunum hér á landi.“

Prison SMART gengur út á að nýta öndun til að leita inn á við, losa um streituvalda og erfiða lífsreynslu. Sjálfur hefur hann undanfarin ár unnið í fangelsum í London, Lúxemborg, Danmörku og Svíþjóð og hefur náð miklum árangri. Prison SMART stuðlar að því að umbreyta hugsunum, viðhorfum og hegðun fanga og rjúfa þannig vítahring ofbeldis í samfélögum.

„Með sérstökum öndunaræfingum, líkamsþjálfun, þekkingu og færniþjálfun verða fangar meðvitaðir um eigið sjálf. Þannig geta þeir sleppt taki á neikvæðum tilfinningum, uppsafnaðri streitu og eyðileggjandi hegðun og náð valdi á eigin lífi,“ segir Nicolai. „Öndun er ein mikilvægasta orkuuppsprettan sem við eigum. Fólk lítur á öndun sem sjálfsagðan hlut, og þykir jafnvel erfitt að trúa því hversu mikil áhrif öndunaræfingar geta haft. En ef við drögum ekki andann, þá deyjum við. Þetta er svo augljóst.“

Prison SMART var sett á laggirnar í Bandaríkjunum árið 1992 og hefur farið víða, til yfir 50 landa á heimsvísu. Um er að ræða frjáls félagasamtök og renna um 80 prósent af ágóða í góðgerðarmál. Rest fer í að fjármagna ferðir kennara, líkt og ferð Nicolais hingað til lands. Hátt í 300.000 fangar hafa notið góðs af þessu verkefni og tölfræðin sýnir fram á mikinn árangur.

**ÞEGAR ÉG VAR KOMINN UPP Á SPÍTALA VAR ÉG HVATTUR TIL AÐ GRÁTA, ÞAR SEM SALTVATNIÐ Í TÁRUM MÍNUM GÆTI HJÁLPAÐ TIL VIÐ HREINSUN OG BATAFERLI AUGNANNA. EN ÉG BARA GAT EKKI GRÁTIÐ, ÞÓ ÉG REYNDI. ÉG VAR SVO REIÐUR.**

### Missti augað í sýruárás

Tæplega tvítugur var Nicolai langt leiddur í fíkniefnaneyslu í undirheimum Kaupmannahafnar. „Ég ákvað að læra kokkinn eftir grunnskóla og fór að vinna á veitingastað 17 ára gamall. Ég byrjaði fljótlega að drekka mikið og taka mikið kókaín, líkt og margir í þessum bransa eiga til,“ segir Nicolai. „Margir vinir mínir voru á þessari bylgjulengd, að nota kók í stöðugum partíhöldum og teknótónlist. Þegar ég var 18 ára ákvað ég að mig langaði bara að taka skrefið að fullu og þá byrjaði ég að selja eiturlyf.“

Nicolai var snöggur að klífa metorðastigann í undirheimunum og hann varð fljótlega hluti af skipulögðum glæpasamtökum. Líf hans einkenndist af mikilli neyslu, ofbeldi og stanslausu djammi.

„Eitt af þessum partíkvöldum endaði á annan hátt en venjulega. Ég var að ganga frá einum klúbbi til annars þegar maður réðst á mig. Ég vildi ekki selja honum eiturlyf og þá skvetti hann framan í mig sýru. Sársaukinn var gríðarlegur. Húðin á mér fuðraði upp og ég missti strax sjónina á báðum augum, sá bara skært hvítt ljós.“ Nicolai lá á spítala í þrjá mánuði eftir árásina sem var mikill skellur og vakning um að breyta um lífsstíl. „Þegar ég kom upp á spítala var ég hvattur til að gráta, þar sem saltvatnið í tárum mínum gæti hjálpað til við hreinsun og bataferli augnanna. En ég bara gat ekki grátið, þó ég reyndi. Ég var svo reiður.“

Það er í raun kraftaverk að hann hafi fengið sjónina til baka á öðru auganu. Læknarnir töldu afar litlar líkur á því. Hann náði þó fullum bata á vinstra auga en hægra augað varð að fjarlægja. „Ég missti hins vegar hægra augað og er með gerviauga í dag. Það var ákveðin vakning og ég man að ég hugsaði allan tímann sem ég lá á spítalanum að nú yrði ég að hætta þessu og breyta um lífsstíl,“ segir Nicolai. „Löngunin var sannarlega til staðar þegar ég útskrifaðist af spítalanum. Það var aftur á móti ekkert sem tók á móti mér annað en mitt gamla líf. Engin tæki eða tól sem ég gat nýtt mér til þess að breyta um stefnu. Ég fór því bara aftur í sama far.“

### Dagurinn sem lífið breyttist

Nicolai var sorgmæddur í hjarta og reiður eftir árásina. Hann varð árásargjarnari í hegðun og tóku félagar hans eftir því. Háttsettur og þekktur aðili í undirheimunum tók hann á tal og sagði að hann ætti að íhuga að fara á aðra braut. „Ég hafði þekkt þennan mann lengi. Hann er faðir vinar míns og var mér einnig sem faðir í þessu óheilbrigða lífi. Hann nálgaðist mig og sagði að ég væri að hegða mér undarlega, að ég væri algjörlega farinn. Það kom mér á óvart. Ég hugsaði með mér að ef þessi maður segði að ég væri búinn að missa mig í ofbeldishneigð, þá hlyti eitthvað mikið að vera að,“ segir Nicolai sem hafði reynt að fara til sálfræðings og leita sér hjálpar víða en ekkert virkaði.

„Ég hélt ég að hefði allt til brunns að bera. Ég átti fína íbúð í Kaupmannahöfn og aðra í Amsterdam. En ég var alltaf einmana og þunglyndur. Mér leið aldrei vel. Ég hélt áfram í þessu rugli í eitt ár þangað til sami maður fór með mig í bíltúr. Við vorum búnir að keyra í svona hálftíma og vorum komnir aðeins út fyrir Kaupmannahöfn þegar ég áttaði mig og spurði hvað við værum að gera. Hann svaraði mér

## Opinn fyrir nýjum aðferðum



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, fagnar öllum góðum úrræðum. „Ég var aðeins búinn að heyra um þetta prógramm, en hef ekki kynnt mér það alveg nógu vel. Mér líst þó vel á það sem ég hef heyrt,“ segir Guðmundur Ingi.

„Það er alveg á hreinu að við þurfum að prófa nýjar aðferðir því þessar sem eru notaðar í dag eru greinilega ekki að virka. Það er í raun ekki verið að styðjast við neinar markvissar aðgerðir. Menn eru bara lokaðir inni og geymdir þar. Iðjuleysið er svo mikið,“ segir Guðmundur Ingi.

„Það er ekki unnið með föngum, ekki unnið úr þeirra áföllum sem þeir urðu fyrir á lífsleiðinni og annað. Það er alls konar sem þarf að vinna úr til þess að fangar geti verið meira undirbúnir til þess að koma aftur út.“

Guðmundur segir að annar hver fangi lendi aftur í fangelsi og kostnaðurinn við hvern og einn hleypur á milljónum. Ef markmiðið á að vera betrun og fækkun endurkoma, þurfi að leita nýrra leiða. Fangelsismálayfirvöld séu tilbúin að prófa eitthvað nýtt en skortur er á frumkvæði og einnig fjármagni.




# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið. Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

2 · 2 MARAÞON · 2 Krakkar · 2 BÍÓ · 2 SPORT · Golfstöðin · hopster · 3 · CIRKUS

**+ yfir 60 erlendar stöðvar**

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

að við værum að fara á fund með félaga hans. Ég kippti mér ekki upp við það. Þetta var síðasti dagurinn sem ég notaði eiturlyf. Líf mitt breyttist til frambúðar á þessum degi.“

Þeir renndu í hlað við hús skammt frá Kaupmannahöfn. Þar tók á móti þeim stæltur maður í jógaklæðum og spurði hvort þeir væru þarna til að taka þátt í Breath SMART prógramminu. „Vinur minn svaraði já, hátt og snjallt og ég stóð bara og klóraði mér í hausnum yfir þessu. Svo fórum við inn. Vinur minn sagðist þurfa að skreppa á klósettið en keyrði svo bara í burtu og skildi mig eftir, ekki með bíl eða neitt,“ segir Nicolai og hlær. „Ég verð honum ævinlega þakklátur. Hann bjargaði lífi mínu.“

**Kennarinn hvatti hann áfram**

Nicolai kemur frá öruggu og góðu heimili, ekki brotnu, sem er gjarnan ein af ástæðum þess að fólk leiðist út í rugl. Fjölskylda hans er upp til hópa listafólk og að hans sögn afskaplega ljúft og gott fólk en lífið er alls konar og það getur verið erfitt og ósanngjarnt. „Ég var átta ára þegar æskuvinur minn varð fyrir bíl og lét lífið. Það hafði gríðarleg áhrif á mig og ég spurði mikið um það hvers vegna hann hefði dáið. Ég fór að velta alls konar hlutum fyrir mér og spurði um tilgang lífsins, hvað gerðist eftir dauðann og hvers vegna ég hefði ekki dáið frekar en hann. Vissulega gat enginn svarað þessum spurningum, og ekki enn þann dag í dag. Þegar ég var 12 ára lést frændi minn úr lungnasjúkdómi og þar með hafði ég misst tvo ástvini á stuttum tíma.“

Nicolai fór að standa sig verr í skóla og varð eirðarlaus. Hann segir það líklegt að hann hefði greinst með ADHD ef hann hefði fengið að fara í greiningu en fékk í staðinn stimpil frá kennurum sínum um að vera vandræðagemlingur. „Ég fékk oft að heyra það að ég væri óþekkur krakki, vondur krakki, gæti ekki lært eða hlustað og væri almennt til trafala. Ég fór í kjölfarið að sækjast í félagsskap sem ég tengdi við á þessum nótum. Ef þú heyrir svona hluti stöðugt um þig frá fullorðnum einstaklingum þegar þú ert barn, þá ferðu að trúa þeim.“

Nicolai ílengdist með Breath SMART félögum og fór fljótt að aðstoða við ýmislegt í tengslum við hugmyndafræðina. Kennarinn hans hvatti hann til að halda fyrirlestur um lífsreynslu sína. Hann fór í kjölfarið að tala við fólk og ungmenni í forvarnarskyni. „Ég hafði verið að hjálpa honum með námskeiðin, taka fram dýnurnar og ganga frá og svona. Eftir að ég var búinn að vera þarna í þrjá mánuði hvatti kennarinn mig til að koma fram opinberlega og segja sögu mína. Ég hafði aldrei staðið fyrir framan fólk og talað áður eða neitt. Ég hætti í skóla 15 ára gamall, svo þetta var algjörlega nýtt fyrir mér. En mér gekk óskaplega vel og fólk tengdi við mig. Ég fór að sjá að ég hafði áhrif á ungt fólk, jafnaldra og einnig eldra fólk og hugsaði með mér að þetta væri eitthvað sem ég ætti kannski að taka mér fyrir hendur.“

Nicolai hélt fyrirlestra í næstum þrjú ár þegar tækifæri kom til að vinna með Prison SMART prógrammið. Hann var þá aðeins 24 ára gamall og var ekki með neina menntun á neinu sviði. En ákvað að taka af skarið og flutti til London. Hann komst í samband við konu sem er kennari í prógramminu og fór að vinna náið með henni. Fljótlega fór hann sjálfur að kenna. „Ég hef unnið með glæpamönnum, ofbeldismönnum, nauðgurum – og það sem er virkilega gefandi er að sjá árangur,“ segir Nicolai. „Einn daginn fékk ég hugboð um að ég ætti að fara til Íslands, sem ég og gerði.“

**Sækir sér reynslu víða um heim**

Nicolai fór til Kína á síðasta ári og dvaldi í musteri þar í eitt og hálft ár. Þar lærði hann hugleiðslu, tai chi og qigong. Engir símar voru þar og engin samskipti við umheiminn.



„Einn daginn fékk ég hugboð um að ég ætti að fara til Íslands, sem ég og gerði,“ segir Nicolai sem er hrifinn af Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÉG HUGSAÐI MEÐ MÉR AÐ EF ÞESSI MAÐUR VÆRI AÐ SEGJA AÐ ÉG VÆRI BÚINN AÐ MISSA MIG Í OFBELDISHNEIGÐ, ÞÁ HLYTI EITTHVAÐ MIKIÐ AÐ VERA AÐ.



Tolli og Nicolai heimsóttu nýja fangelsið saman í vikunni. Tolli segist afar hrifinn af hugmyndum Nicolais og Prison SMART.

Algjör friður og ró í einangrun uppi í fjöllum í Hubei-héraðinu í Mið-Kína. Þá hefur hann lært hugleiðslu í Indlandi og víðar, lært jóga, tekið þrjátíu daga í þögn og svo mætti lengi telja.

„Það er skrítið að tala um þetta núna, því þetta virðist vera svo fjarlægt mér. Mér finnst ég hafa upplifað nokkur líf á mínu stutta lífsskeiði. Það er sérstakt að hugsa til þess. Ég gæti ekki snúið til baka þó ég myndi reyna það,“ segir Nicolai. „Það hafði enginn trú á mér þegar ég tók skrefið að breyta um lífsstíl. Félagar mínir í genginu hlógu bara að mér og sögðu að það væri ekki nokkur leið fyrir mig að breytast. Auðvitað er erfitt fyrir fólk sem er vant því að drekka og nota eiturlyf og lifa ákveðnum lífsstíl að taka aðra stefnu, en það er allt hægt. Við þurfum bara að aðlaga orkuna í líkamanum okkar ákveðinni bylgjulengd. Ég trúi því að allir geti breyst.“

Nicolai verður með vinnustofu í Yoga Shala í Skeifunni 17. júní klukkan 14 og einnig Breath SMART viðburð helgina 21. til 24. júní í Bólstaðarhlíð 43. Nánar um það á Facebook-síðu Art of Living á Íslandi. Nicolai stefnir að því að halda enn fleiri námskeið hér á landi.



Í höfuðstöðu á götu í Hong Kong. Nicolai veigrar sér ekki við að gera jógaæfingar hvar sem er, hvenær sem er.


ÁGÚST
SPRENGJA
Flugsæti til Alicante
FRÁ 29.900 Í ÁGÚST
báðar leiðir m/tösku og handfarangri
Frá kr.
59.995
BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN
Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.
BENIDORM
23. TIL 30. ÁGÚST
Don Jorge Apartamentos ***
Frá kr. 59.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 89.345
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Ekkert fæði innifalið
TENERIFE
8. TIL 22. ÁGÚST
Hotel Villa Adeje Beach ****
Frá kr. 119.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 155.095
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Allt innifalið
COSTA DEL SOL
13. TIL 24. ÁGÚST
Bajondillo Apartments ***
Frá kr. 89.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 111.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Ekkert fæði innifalið
GRAN CANARIA
14. TIL 28. ÁGÚST
Roque Nublo Apartamentos ***
Frá kr. 69.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 92.695
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði innifalið
SALOU
7. TIL 16. ÁGÚST
Hotel Jaime I ***
Frá kr. 79.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 112.495
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Ekkert fæði innifalið
KRÍT
27. ÁGÚST TIL 7 SEPT.
Omega Platanias Apartments ***
Frá kr. 74.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
Frá kr. 89.095
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður innifalinn
ALMERÍA
9. TIL 16. ÁGÚST
La Minería Apartments ***
Frá kr. 59.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 78.295
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður innifalinn
MALLORCA
19. TIL 26. ÁGÚST
Hotel Sorrento / Portofino ***
Frá kr. 69.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 99.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður innifalinn
KRÓATÍA
31. ÁGÚST TIL 10. SEPT
Laguna Bellevue Apartments ***
Frá kr. 68.345
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Frá kr. 90.795
Verð á mann m.v. 2 fullorðna
Innifalið: Flug, Gisting, Ekkert fæði innifalið
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
595 1000 • Bókaðu þína ferð á heimsferdir.is
Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu



Edda á vegum Det Norske Teater er mikið sjónarspil, sem verður sýnt á Listahátíð í Reykjavík, þar sem höfundareinkenni leikstjórans Roberts Wilson leyna sér ekki. MYND/LESLEY LESLIE-SPINKS

# Hvers vegna við sköpum leikhús

**Robert Wilson** er einn þekktasti leikstjóri heims en Det Norske Teater sýnir uppfærslu hans á Eddu á Listahátíð í Reykjavík. Wilson segir að sinn útgangspunktur sé alltaf að spyrja spurninga því þannig verði til eiginleg samræða.


Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is




Robert Wilson er án efa einn áhrifamesti framúrstefnu leikhúsmaður og listamaður samtímans. Hann á að baki ómældan fjölda áhrifaríkra leikhús- og óperusýninga, myndlistarsýningar og fjöllistaverk, bæði á eigin vegum og í samstarfi við marga af þekktustu listamönnum síðustu áratuga. Þekktastur er hann fyrir samstarfsverkefni við Philip Glass, Einstein on the Beach, en að auki má nefna listamenn á borð við William S. Burroughs, Allen Ginsberg, Tom Waits, Mariana Abramovic og fjölmarga fleiri.

Hann er þekktur fyrir einstaka og heildstæða sýn á leikhúslistina og í uppfærslu hans á verkinu Edda, á vegum Det Norske Teater, eru höfundareinkenni hans afar greinileg. Edda verður sýnd í Borgarleikhúsinu á sunnudags- og mánudagskvöld á vegum Listahátíðar í Reykjavík og í því er fólgið einstakt tækifæri til þess að kynnast höfundarheimi einstaks listamanns sem hefur átt ríkan þátt í að móta veröld lista og menningar síðustu áratugina.

## Nýr og heillandi heimur

Það benti ekkert til þess að Wilson ætti eftir að verða listamaður heldur þvert á móti, eins og hann segir sjálfur, um uppruna sinn, æsku og uppeldi. „Ég er fæddur og uppalinn í Waco, gríðarlega íhaldssömum bæ í miðju Texas og þar var ekkert listasafn, engin leikhús eða neitt af þeim toga. Í þessu samfélagi þótti það beinlínis vera ósiðlegt að fara í leikhús á þessum tíma.“

Wilson er fæddur árið 1941 og það er langt um liðið frá því hann yfirgaf heimabæinn ungur að árum. Enn eimir þó eftir af suðurríkjahreimnum, hann dregur seiminn örlítið, er sérdeilis kurteis, yfirvegaður og prúðmannlegur. „Það var ekki fyrr en ég fór að heiman til New York í þeim tilgangi að læra að verða arkitekt að ég upplifði það í fyrsta sinn að fara á listasöfn og listagallerí og þarna opnaðist fyrir mér nýr heimur. Allt annar heimur en ég hafði áður séð og kynnst og ég hreinlega trúði þessu ekki. Ég heillaðist af þessum heimi og allt mitt líf var gjörbreytt. Ég var ekki orðinn tvítugur og allt sem ég hafði áður séð og upplifað var svo óendanlega ólíkt öllu sem þessi nýja veröld hafði upp á að bjóða. Faðir minn hafði aldrei komið í listasafn eða í leikhúsið og það segir ákveðna sögu.“

Wilson segir að hann hafi strax skynjað að hann vildi verja meiri tíma í þessari nýju veröld og því hafi hann lagt sig eftir því að kynnast henni betur og fólkinu sem þar bjó. „Ég kynntist listamönnum, fólki sem var frjálslynt og frjálst í hugsun, og það var sterk upplifun vegna þess að það var í svo mikilli andstöðu við allt sem ég hafði áður kynnst. Andstöðu við þetta íhaldssama samfélag þar sem mér fannst ég alltaf skynja að þar væri einhver maður í mysunni. Ég ólst upp með rasistum en svo var ég allt í einu í hringiðu frjálslyndra hugmynda. Í Texas gastu ekki gengið eftir götu með svörtum manni eða farið á sama klósett án þess að vera úthrópaður. Ég held að þessar sterku andstæður hafi átt sinn þátt í að móta mig og hvernig ég nálgast það sem ég hef tekið mér fyrir hendur í lífinu.“



Það var engin list æsku Wilsons í Waco, Texas. MYND/LUCIE JANSCH

**Í TEXAS GASTU EKKI GENGIÐ EFTIR GÖTU MEÐ SVÖRTUM MANNI EÐA FARIÐ Á SAMA KLÓSETT ÁN ÞESS AÐ VERA ÚTHRÓPAÐUR.**

## Hlegið að tragedíunni

Wilson segir að þó svo hann hafi heillast af listinni á þessum tíma hafi það ekki átt við allt sem hann sá á þessum árum. „Ég fór og sá Broadway-sýningar á þessum tíma og mér líkaði þær og mér líkaði hreint ekki við óperuna. En svo sá ég sýningar eftir danshöfunda á borð við George Balanchine, Merce Cunningham, John Cage og Mörthu Graham og þessi veröld dansins heillaði. Þetta var svo laust við natúralisma á meðan Broadway var alltaf að berjast við að vera sálrænt, natúralistískt og fólk að reyna að vera náttúrulegt á sviðinu en það var allt eitthvað svo tilbúið að sjá. En í ballett eftir George Balanchine var allt óraunverulegt og það var annar heimur. Ekki eftiröpun á þeim heimi sem ég sá á götunni.“

Á þessum tíma og reyndar alla tíð síðan hefur Wilson einnig verið heillaður af kvikmyndum gömlu meistaranna á borð við Buster Keaton, Charles Chaplin og fleiri. „Þar er engin natúralismi og ef maður skoðar list Chaplins sem dæmi þá er það svo mikill dans. Húmorinn í þessum gömlu þöglu myndum er líka svo dásamlegur, eins og þegar Chaplin, þessi raunalegi flækingur, sveltur og grípur til þess að ráðs að éta skóinn sinn. Maður hlær að tragedíunni og seinna þegar ég kynntist verkum Samuels Beckett féll ég fyrir þeim af sömu ástæðu.“

Þetta er sú stefna sem leiddi Wilson áfram og það er greinilegt að það sem togar í hann er ekki síst húmorinn. „Bara að það sé ekki of alvarlegt eða náttúrulegt, þá togar það í mig. Ég er kannski meiri formalisti í því sem ég hef gert í mínum verkum en ég var alltaf fráhverfur natúralismanum. Maður þurfti alltaf að vera að hugsa um hvað leikarinn var að hugsa, hvað leikstjórinn var að spá og höfundurinn. Þetta var byrði. En þöglu myndirnar voru svo einfaldar að barn gat strax skilið það sem var að gerast, þar var alltaf húmor og tímasetningar skiptu öllu máli. Það er stefnan ég sem ég tók.“

## Allt er tónlist

Verk meistara kvikmyndanna, Becketts og danshöfundanna sem heilluðu Wilson eiga það sameiginlegt

# BÓK! BÓK! HÚH!




**Fjallið í Kaupmannahöfn**
VILDARVERÐ: 2.499.-
Verð: 2.999.-




**Refurinn**
VILDARVERÐ: 2.499.-
Verð: 2.999.-




**Meistararnir**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Þriðji engillinn**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Glerstofan**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Okkar á milli**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**111**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Vegahandbókin 2018**
VILDARVERÐ: 4.599.-
Verð: 4.999.-




**Ísland á HM**
VILDARVERÐ: 2.599.-
Verð: 2.999.-




**Íslenska kraftaverkið**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Marrið í stiganum**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð:3.999.-




**Blóðengill**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 18 júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



MAÐUR ER MANNS GAMAN

Nú verður fjör í sumar. **Magnús Hlynur** verður á faraldsfæti og heimsækir áhugavert og skemmtilegt fólk á suðvesturhorninu. Fylgstu með öll mánudagskvöld í sumar.

stod2.is | 1817

MARGFALT SKEMMTILEGRI



Vinna Wilsons hefst með vitund um hreyfingu og kyrrstöðu og að hlusta á þögnina. MYND/LESLEY LESLIE-SPINKS

að það er mikið lagt upp úr hinu sjónræna. Aðspurður tekur Wilson undir mikilvægi hins sjónræna í sínu höfundarverki og bendir á að Edda sé ágætis dæmi um þetta. „Þetta er allt annað en raunsæi. Þarna erum við með guði og menn og þetta er allt annar heimur en sá sem við þekkjum og lifum í. Þetta er heimur sem ég vil taka þátt í að skapa fremur en að horfa á þá veröld sem er fyrir augunum á mér þegar ég er að bíða eftir strætó. Ef það væri það sem heillaði þá gæti ég bara farið og beðið eftir strætó,“ segir Wilson og það leynir sér ekki að það er aldrei langt í húmorinn.

Aðspurður um hvort það sé ekki snúið fyrir hann að nálgast verk á borð við Eddu vegna framandleika tungumálsins, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægt tungumálið er í verkum hans, segir Wilson að hann byrji alltaf á að sviðsetja allt sjónrænt. „Ég byrja á því að nálgast allt eins og dans og þá eru það tímasetningarnar sem skipta öllu máli. En svo er það tungumálið og tónlistin en fyrir mér er allt tónlist. Þannig að ég leitast við að hlusta á tungumálið eins og það sé tónlist og heyri það þannig. Auðvitað geta fylgt því takmarkanir að skilja ekki tungumálið en stundum heyri ég líka eitthvað sem þeir sem skilja tungumálið heyra ekki. Heyri kannski að eitthvað þarf að vera hraðara, mýkra, meira inn á við en út á við og svo framvegis. Allt er þetta tónlist.

Þegar ég leikstýri þá er það alltaf formlega. Í þau fimmtíu ár sem ég hef leikstýrt þá hef ég aldrei, aldrei sagt neinum hvað viðkomandi á að hugsa.“

**Að hlusta á þögnina**

Leikstjóraferill Wilsons hófst árið 1966 og aðeins fjórum árum síðar var hann farinn að leikstýra víða um Bandaríkin og Evrópu. Hann er margverðlaunaður fyrir verk sín og þekktur fyrir heildstæða sýn á leikhúsið. Þannig má geta þess að Wilson lætur sér aldrei nægja að leikstýra sýningum, í hefðbundnum skilningi, heldur er hann einnig maðurinn á bak við hönnun, lýsingu og allt heildaryfirbragð. Hann segir að þetta birtist meðal annars í því hvernig hann nálgast tungumálið eins og tónlist, eins og hann nefndi áður.

„Tungumál stendur vitsmunum okkar nærri en tónlistin sálarlífinu og hinu andlega. Tónlist er í eðli sínu kraftaverk. En að því sögðu þá leitast ég við að færa allt á þetta andlega svið – á svið dansins. Hvort sem það eru orð og þagnir eða hreyfing og kyrrstaða. Martha Graham sagði að vitundin gerði það að verkum að það væri ekkert til sem heitir kyrrstaða. Við erum meðvituð um hreyfinguna áður en hún kemur og hún býr því innra með okkur í kyrrstöðunni. Þetta er lína sem er í stöðugu flæði. Eins sagði John Cage að það væri ekkert til sem heitir þögn vegna þess að við hlustum stöðugt og í hvert sinn sem við tölum þá heldur hljóðið áfram. Í þessum skilningi er alltaf eitthvað að gerast.

> ÞESSI HEIMUR EDDU ER GRÍÐARSTÓR OG HANN ER SVO FORN AÐ ÞAÐ NÁNAST ÞYRMIR YFIR MANN VIÐ AÐ FARA UM ÞENNAN STÓRA NORRÆNA SAGNAHEIM. EN Á SAMA TÍMA GETUR HANN VERIÐ SVO ÓTRÚLEGA SAMTÍMALEGUR.

Þegar blaðamaður bað Einstein um að endurtaka eitthvað sem hann hafði sagt þá svaraði hann að það væri engin þörf fyrir það því allt væri þetta sama hugsunin. Sama línan, sama flæðið og það gildir einnig á leiksviði.

Mín vinna hefst með þessari innri vitund um hreyfingu og kyrrstöðu og að hlusta á þögnina. Það er minn útgangspunktur.“

**Orðaforði augnanna**

Wilson leggur áherslu á að öll elementin í leikhúsi séu jafn mikilvæg. Þessu til útskýringar nefnir hann lýsinguna sem hann segir vera eins og persónu.

„Hvernig ljósið birtist á sviðinu og lýsir upp, til að mynda mjólkurglas, það felur í sér ákveðna afstöðu eins og um persónu sé að ræða. Það gerir meira en að hjálpa okkur að sjá hvað er á sviðinu. Það getur til að mynda hjálpað okkur að ýkja og sjá augnhreyfingar sem segja okkur svo ótrúlega mikið. En þegar maður fer í leikhúsið í dag þá er það oftast þannig að hann er ekki til staðar lengur, þessi orðaforði augnanna. Þessi ótrúlegi orðaforði augnhreyfinga sem geta sagt okkur svo ótal margt. Við erum búin að tapa þessu,“ segir Wilson og heldur áfram því það leynir sér ekki að þetta er honum hjartans mál.

„Í þöglu myndununum var lagt mikið upp úr augnhreyfingum og þær voru mikilvægur hluti af því að segja söguna. Í austrænum löndum á borð við Balí eru 275 mismunandi aðferðir við að hreyfa augun og það er leikrænt tungumál sem þú lærir sem barn. Í þessu er fólginn orðaforði sem ég vil nýta í mínu leikhúsi og til þess að miðla honum til áhorfenda nota ég farða til þess að draga fram augun, ljós til þess að þú sjáir enn betur og svo dansa þau. Þau opinbera sálina.“

Aðspurður um hvers vegna við höfum tapað niður þessum eiginleika í vestrænni menningu stendur ekki á svari frá Wilson. „Það er náttúralisminn. Allt á að vera eins og í lífinu sjálfu á meðan þú ert að bíða eftir strætó eða eitthvað í þá veru.“

**Ástæðan fyrir leikhúsi**

Edda er allt annað en natúralísk götumynd og aðspurður segir Wilson að það hafi því einmitt verið áskorun sem hann féll strax fyrir. „Edda er einmitt heimur sem er ekki af þessum heimi. Þessi heimur Eddu er gríðarstór og hann er svo forn að það nánast þyrmir yfir mann við að fara um þennan stóra norræna sagnaheim. En á sama tíma getur hann verið svo ótrúlega samtímalegur. Venjulega sjáum við ekki slíkt á leiksviði.“

Wilson segir að það hafi gefið honum gríðarlega mikið að vinna með norska leikskáldinu og þýðandanum Jon Fosse sem er höfundur leikgerðar. „Það besta við Fosse var að hann gaf mér svo mikið rými – sagði mér aldrei um hvað viðkomandi situásjón ætti að snúast eða um hvað verkið fjallar. Mætti bara með þennan frábæra texta og lagði fyrir mig allt þetta vinnurými.

Mín vinna er nefnilega fyrst og fremst fólgin í því að spyrja: Hvað er þetta? Fremur en að segja öðrum hvað þetta er. Og ef þú nálgast vinnuna með spurningu þá geturðu átt í raunverulegum samræðum og skoðanaskiptum. Þetta er eins og með áhorfendur; þegar þeir hafa mótað með sér skoðanir og hugmyndir þá er hægt að eiga í samskiptum við þá um þær hugmyndir.

Þetta þýðir ekki að maður hafi ekki sínar hugmyndir sem leikari eða leikstjóri en þú mátt ekki ætlast til of mikils. Ætlast til þess að það sem þú setur fram sé skilið með einhverjum ákveðnum hætti sem þú ert þegar búinn að ákveða. Þá verður aldrei til nein einlæg samræða og samskipti um það sem tekist er á við hverju sinni.

Við verðum að muna að ástæðan fyrir því að við sköpum leikhús er fyrir fólkið, fyrir almenning. Út frá því skrifum við leikrit, leikum, lýsum, búum til búninga og allt sem til þarf. Þetta er gert fyrir almenning en ekki okkur sem vinnum í leikhúsinu.“

**Að kafa í djúpið**

Eddukvæðin eru einmitt skýrt dæmi um þetta í huga Wilsons vegna þess að þau hafi verið skrifuð fyrir viðtakendur og séu í raun ótrúlega leikhúsleg í eðli sínu. „Núna þegar ég er að koma með Eddu til Íslands þá finn ég fyrir þessu. Finnst ég á einhvern hátt vera að komast nær uppruna þessara kvæða, þessum framandi heimi sem er svo ótrúlega heillandi, og það felur í sér heilmikla áskorun. En ég veit það eitt að Waco í Texas er alveg rosalega langt frá Íslandi og heimi Eddunnar,“ segir Wilson og hlær við tilhugsunina. „Þetta er allt annar heimur en hann er líka þarna í minni fortíð og sögu á einhvern hátt og það var ein helsta ástæðan fyrir því að mig langaði til að gera þetta. En það skipti mig líka miklu máli hvað þetta fól í sér mikla áskorun.“

Þú finnur alltaf nýjar áskoranir á þínum ferli, ekki satt? „Það er þannig sem við vinnum og það er vegna þess sem við vinnum. Að kafa í djúpið og sjá hvaða uppgötvanir koma með þér upp á yfirborðið. Það er verkefni hvers dags og allrar minnar starfsævi.“

# Secret Solstice

LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ 2018

Kynning á tónlistarhátíðinni Secret Solstice 21. - 24. júní 2018




Mikill mannfjöldi safnast saman á Secret Solstice hátíðina þar sem margir þekktir tónlistarmenn stíga á svið. Gestir eru á öllum aldri. MYND/BIRTA RÁN

# Stærsta útihátíðin í Reykjavík

Secret Solstice hátíðin verður haldin hátíðleg í fimmta skiptið dagana 21. til 24. júní í Laugardalnum í Reykjavík. Fram kemur mikill fjöldi innlendra sem erlendra tónlistarmanna á heimsmælikvarða. Má þar nefna Slayer, Stormzy, Gucci Mane, Clean Bandit, Bonnie Tyler, Death From Above, Jet Black Joe, Högna, Casio Fatso og Loga Pedro ásamt mörgum fleirum.

# Peningarnir teknir úr umferð

## Gestir á Secret Solstice greiða fyrir veitingar á hátíðinni með því að bera armbönd sín upp að skynjurum. Auðvelt er að leggja pening inn á armböndin og fá endurgreitt þegar hátíðinni lýkur.

Ein af þeim nýjungum sem gestum tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice verður boðið upp á er að skilja veskið eftir heima. Hátíðin í ár verður nefnilega peningalaus. Armbönd hátíðargesta verða útbúin örgjörva og virka rétt eins og snertilaus greiðslukort, þ.e. greitt verður fyrir veitingar og vörur með því að bera armböndin upp að þar til gerðum skynjurum. Með þessu móti styttast raðir auk þess sem hættan á að gestir týni peningunum sínum er úr sögunni en armböndin eru rækilega fest á úlnliði þeirra. Vert er að geta þess að þeir sem leggja 10 þúsund krónur eða meira inn á armband sitt fyrir 20. júní nk. fá tvo fría drykki á hátíðinni og er hægt að velja á milli bjórs, léttvíns og síders.

Þetta er í fyrsta skipti sem þessi leið er farin á íslenskri tónlistarhátíð en hún hefur reynst afskaplega vel á hátíðum víða um heim. Skipuleggjendur hátíðarinnar segjast hafa skoðað fyrirkomulagið erlendis og séð í því ýmsa kosti sem framsækin hátíð á borð við Secret Solstice ætti að bera. Til dæmis er aukið öryggi fólgið í því að greiða með armböndunum en einnig viss þægindi, sérstaklega fyrir þá sem sækja hátíðina frá öðrum löndum. Þeir þurfa þá ekki að hugsa um að skipta gjaldeyri eða leita uppi í hraðbanka til að verða sér úti um pening. Fyrir utan það þá auðveldar þetta þeim sem selja vörur og veitingar á svæðinu bókhald sitt og umstang.



Það eru allir glaðir á útihátíð í Laugardalnum. Nú þarf ekki einu sinni að vera með pening á sér til að kaupa veitingar. MYND/BIRTA RÁN



Mörg þekkt nöfn koma fram á Secret Solstice um næstu helgi og það verður dúndurfjör. MYND/BIRTA RÁN

### Leikur einn að leggja inn

Til þess að leggja inn á armböndin fyrir hátíðina þarf ekki annað en að fara inn á vefsvæði Secret Solstice, secretsolstice.is, og fylgja þar einföldum leiðbeiningum sem leiða til þess að bankareikningur viðkomandi er tengdur við armbandið. Eftir það verður leikur einn að leggja pening inn á armbandið, í gegnum vefsvæði Secret Solstice og Solstice-appið, auk þess sem sá möguleiki er fyrir hendi að lagt verði sjálfkrafa inn á armbandið þegar innistæðan hefur farið undir tiltekin mörk.

Hátíðargestir fá armböndin sín afhent hjá starfsmönnum Secret Solstice þegar þeir mæta á hátíðarsvæðið í Laugardalnum og geta eftir það farið á sérstaka bása inni á svæðinu þar sem einnig er hægt að leggja inn á armböndin, hvort sem er með peningum eða greiðslukortum. Þannig hafa skipuleggjendur séð til þess að allir geti notað þessa nýju þjónustu. Starfsfólk verður svo til staðar ef leysa þarf úr vandræðum vegna armbandanna.

### Armböndin þola ýmislegt

Hátíðargestir geta með auðveldum hætti fylgst með innistæðu sinni því í hvert sinn sem þeir greiða með armbandinu birtist staðan á skjá hjá söluaðilum. Ef þeir efast um að innistæðan sé rétt þá geta gestir heimsótt tiltekna bása á svæðinu og farið fram á yfirlit yfir allar færslur sínar meðan á hátíðinni hefur staðið. Auk þess geta hátíðargestir ávallt fylgst með færslum sínum á vefsvæði Secret Solstice og í Solstice-appinu.

Litlar líkur eru taldar á að armböndin bili meðan á hátíðinni stendur enda eru þau vatns- og hitaþolin og hvort sem regnið bleytir upp í gestum eða sólin vermir þá eiga armböndin að skila fullri virkni. Einnig eru þau kirfilega fest á úlnliði gesta og því þrautin þyngri fyrir þjófa að reyna ná þeim af. Þykja armböndin því sérlega örugg.

Þegar hátíðinni lýkur og ef enn er innistæða á armböndum gesta er hægt að fá peninginn til baka á básum inni á svæði Secret Solstice. Frá 24. júní til 8. júlí er hægt að gera hið sama í gegnum vefsvæði Secret Solstice en þá þarf að skrá inn kóða aftan á armbandinu og gefa upp upplýsingar um bankareikning sinn.

Morgundagurinn verður betri með After Party

Náttúruleg lausn við timburmönnum




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**

**www.artasan.is**

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Ólafur H. Hákonarson**, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Veffang:** frettabladid.is


Gull
2,25% ALC./VOL.

# Lofar töfrandi og góðu partíi

**Logi Pedro verður á persónulegum nótum á Secret Solstice í ár og segir stærstan sigur og draum tónlistarfólks að áheyrendur þekki lögin og taki undir.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég er alltaf spenntur fyrir Secret Solstice. Það er gaman að haldin sé sumartónlistarhátíð í Reykjavík sem hefur yfir sér einstakan sjarma. Það er tryllt stemning og töfrandi að ganga um á milli atriða í Grasagarðinum því Laugardalurinn er eins og vin í borginni og þar hverfur maður í sveitarómantík,“ segir tónlistarmaðurinn Logi Pedro Stefánsson sem treður upp á Secret Solstice laugardaginn 23. júní.

„Ég lofa góðu partíi. Þetta er fyrsta tónlistarhátíðin sem ég kem fram á sem sólólistamaður og ætla eingöngu að flytja efni af nýju plötunni minni, enda er hún ekki nema 27 mínútur að lengd. Með mér verða Young Karin, Birnir, Sturla Atlas, Joey Christ og Flóni, sem öll eru á mála hjá plötufyrirtæki mínu Les Frères Stefson,“ segir Logi Pedro og útilokar að bróðir hans Unnsteinn Manuel stökkvi óvænt á svið til að taka lög Retro Stefson. „Það gerist ekki, enda erum við búnir að skipuleggja kombakk eftir tuttugu ár og ekki degi fyrr.“

## Vonandi syngja margir með

Logi Pedro var fjórtán ára þegar hann kom fyrst fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves árið 2006. Sama ár varð hljómsveitin Retro Stefson til en Logi hafði áður verið í öðrum hljómsveitum.

„Tónlistin spyr ekki um aldur,“ segir Logi. „Vitaskuld er misjöfn menning í kringum tónlistarmenn og oftar en ekki spilað í klúbbum fullorðinna en það er enginn of ungur til að koma fram á skemmtistað ef haldið er vel utan um hann. Hver og einn þarf að taka ákvörðun fyrir sig en það hentaði mér algjörlega að koma fram fjórtán ára og vafðist aldrei fyrir mér.“

Á nýrri plötu Loga Pedros, Litlum svörtum strákum, er persónuleg tónlist með rólegum lögum í bland við dansvæna söngva.

„Lögin segja margar sögur og ég ætla líka að taka rólegu lögin á tónleikunum. Mér finnst gaman að syngja angurvær lög og prófa aðrar tilfinningar á sviðinu en hingað til þar sem ég hef verið meira í því að skapa fjör og partí. Ég býst við að margir sjái á mér nýja hlið en platan hefur gengið miklu betur en ég bjóst við. Nú þegar hafa lögin fengið 1,3 milljónir streyma og ég gæti ekki beðið um betri viðtökur. Ég þori ekki að fullyrða hvort allir þekki lögin mín en vonandi geta sem flestir sungið með. Það er alltaf stærsti sigurinn og draumur tónlistarfólks að áheyrendur taki vel undir.“



Logi Pedro Stefánsson segir það hafa haft mikil áhrif á tónlist sína að verða faðir síðastliðið haust. MYND/ERNIR

## Barnið í sjálfum sér dýrmætt

Logi eignaðist soninn Bjart Esteban í fyrrahaust og segir föðurhlutverkið hafa mikil áhrif á sig sem lagasmið.

„Að verða faðir hefur breytt öllu í mínu lífi. Allt verður öðruvísi og betra og maður finnur hvernig hausinn á manni vírast upp á nýtt. En um leið og maður tekst á við mesta ábyrgðarhlutverk lífsins, sem er að ala upp barn, er einnig mikilvægt að týna ekki barninu í sjálfum sér. Viðhorfsbreytingin verður til þess að maður skynjar lífið upp á nýtt og þegar kemur að tónsmíðum og stúdíóvinnu er stórkostlegt að hafa gengið í gegnum svo dýrmæta lífsreynslu.“

Logi er lærður hljóðtæknimaður frá Tækniskólanum og rekur hljóðverið 101derland.

„Námið hafði mikil áhrif á tónlistarferilinn og var mjög skemmtilegt. Strax á eftir einbeitti ég mér ákaft að verkfræðilegu hliðinni á því að búa til tónlist en það getur bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif á lagasmíðina. Maður tekur svona tímabil og áttar sig svo á því að maður hefur einblínt á að allt hljómi vel í stað þess að hugsa um tilfinninguna í tónlistinni. En svo lærist þetta og úr verður samspil tilfinninga og tónlistarverkfræði sem minnir á gott hjónaband,“ segir Logi.

## Undir björtum sumarhimni

Secret Solstice hefst á sumarsólstöðum, fimmtudaginn 21. júní, og hefur Logi engar áhyggjur af veðri eða vindum á hátíðinni.

„Veðrið hefur lítið að segja. Þetta er einfaldlega geggjuð tónlistarhátíð sem vex og dafnar með hverju árinu og það er alltaf mikið fjör. Það tekur tónlistarhátíðir mörg ár að skapa sína eigin menningu og hefðir. Þannig fer fólk í pollagallanum á Þjóðhátíð í Dalnum, í vetrarpelsi á Iceland Airwaves en í sumarkjól og stuttermabol á Secret Solstice. Margir skarta glitsteinum og skrautlegri andlitsmálningu, og andrúmsloftið er létt og skemmtilegt. Það er líka einstakt að vera á lifandi útitónleikum í blómlegum görðum undir björtum sumarhimni og enda í klúbbpartíum í Höllinni þar sem skemmtikraftar og hátíðargestir skemmta sér saman undir tónlist atvinnuplötusnúða,“ segir Logi Pedro, fullur tilhlökkunar.



# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ 2018



**Jón Stefánsson stofnaði Graduale Nobili árið 2000 en kórinn kemur fram á Þingvöllum á morgun, 17. júní, kl. 15. Jara Hilmarsdóttir er ein söngkvenna í kórnum.**

→4



Freyðitöflur leysast hraðar upp í líkamanum heldur en hefðbundnar töflur, og næst því hámarksvirkni eftir u.þ.b. hálfa klukkustund.

# TREO – skjót verkun við mígreni og tilfallandi verkjum

TREO freyðitöflur sem innihalda asetýlsalicýlsýru og koffín eru ætlaðar við mígreni og vægum verkjum og er lyfið leyst upp í hálfu glasi af vatni. TREO freyðitöflur eru lyf sem fæst án lyfseðils í apótekum. →2

GLAMOUR




*Maí og Júníblað*
GLAMOUR
ER KOMIÐ ÚT







Mígreni er höfuðverkur sem kemur í köstum og lýsir sér oft í æðaslætti í öðrum helmingi heilans. Mígreni kemur fram hjá öllum aldurshópum og því fylgja oft ógleði og uppköst. Mígreniköst geta staðið allt frá nokkrum klukkustundum og upp í sólarhring. TREO freyðitöflur eru ætlaðar við mígreni og einnig vægum verkjum eins og höfuðverk, vöðva- og liðverkjum, tíðaverkjum og tannpínu. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára án samráðs við lækni og aldrei ef þau eru með hita.

### Skjótvirk freyðitafla

„TREO freyðitöflur eru verkjalyf og innihalda asetýlsalicýlsýru, en einnig innihalda þær koffín sem eykur verkjastillandi áhrif acetýlsalisýlsýru,“ segir Særós Ester Leifsdóttir, lyfjatæknir hjá Icepharma. „Freyðitöflur leysast hraðar upp í líkamanum heldur en hefðbundnar töflur, og næst því hámarksvirkni eftir u.þ.b. hálfa klukkustund.“ TREO freyðitöflur eru auðveldar í inntöku og getur því lyfið hentað vel þeim sem eiga erfitt með að gleypa töflur eða hylki.

### Gott að hafa í huga

TREO freyðitöflur eru til í tvenns konar pakkningum. Annars vegar er TREO til í stauk sem inniheldur 20 freyðitöflur og einnig kassa sem inniheldur þrjá stauka. TREO freyðitöflur eru eitt af fáum lausasölulyfjum sem ætluð eru við mígreni og gefa skjóta verkun. Þegar nota á TREO við vægum verkjum skal leysa upp 1-2 freyðitöflur í ½ glasi af vatni 1-4 sinnum á sólarhring. Við mígreni skal leysa upp 2 freyðitöflur í ½ glasi af vatni 1-4 sinnum á sólarhring. Passa þarf að taflan sé alveg uppleyst áður en lyfið er tekið inn. Nota má TREO freyðitöflur að hámarki í 10 sólarhringa í mánuði.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. MEDA AB. MEO180603 – júní 2018






Höfuðverkur getur stafað af vöðvabólgu. Þá er gott að fara í nudd eða til sjúkraþjálfara.

# Streita veldur höfuðverk

Margir fá höfuðverk oft og tíðum. Aðrir eru lausir við hann. Spennuhöfuðverkur er algengastur. Í flestum tilfellum er hann skammvinnur en oftast má kenna streitu um. Verkir eru oft yfir enninu og um höfuðið. Telja má að líkaminn sé að segja stopp við álagi með höfuðverknum og er merki um að fólk ætti að hvílast meira. Sumir upplifa ógleði, jafnvel uppköst með höfuðverk.

Hávaðamengun, til dæmis vegna umferðargatna, getur skapað bæði höfuðverk og heyrnarskaða. Hávaði getur þess vegna verið heilsuspillandi. Um 10% af þeim sem þjást af spennuhöfuðverk hafa einnig mígreni. Í sumum tilfellum getur höfuðverkur orsakað kvíða eða þunglyndi.

Höfuðverkur getur verið afleiðing vöðvabólgu í hálsi og öxlum. Ef fólk finnur fyrir sársauka eða eymslum í vöðvum kringum höfuð og háls þarf viðkomandi meðhöndlun hjá sjúkraþjálfara. Einnig getur verið gott að synda, fara í heitan pott og gera slökunaræfingar. Líkamsrækt og hreyfing hefur góð áhrif. Sömuleiðis er nægur svefn mikilvægur. Vægar höfuðverkjatöflur hjálpa en forðast ætti ávanabindandi verkjalyf.

**» Höfuðverkur getur verið afleiðing af vöðvabólgu í hálsi eða öxlum. Ef fólk finnur fyrir sársauka eða eymslum þarf að taka væg verkjalyf og leita sér aðstoðar hjá fagfólki.**

# Léttu lifrinni lífið

## Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.

Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóðið og ótalmargt fleira færi úr skorðum.

### Hreinsun eiturefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar m.a. efnaskiptum og hreinsar eiturefni og óæskileg efni úr líkamanum.

### Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulifur. Fitulifur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:

- Áfengi og koffein
- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka/gerviefni
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lífræn)
- Sykraðir drykkir og snakk
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti o.fl.)

### Gott með sumargleðinni!

Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemina en Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem taldir eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls. Í blöndunni er einnig efnið kólín* sem stuðlar að:



Active Liver er gríðarlega vinsæl vara og ekki síst núna þegar útilegur og sumargleði ganga í garð með grilli og mikilli gleði svo ekki sé nú talað um HM-gleðina.




- Eðlilegum fituefnaskiptum
- Eðlilegri starfsemi lifrar
- Eðlilegum efnaskiptum er varða amínósýruna hómósystein

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar. Active Liver er gríðarlega vinsæl vara og ekki síst núna þegar útilegur og sumargleði ganga í garð með grilli og mikilli gleði, svo ekki sé nú talað um HM-gleðina.

### Vinnsla, geymsla og dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn, vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum ofan í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál. Active Liver getur hjálpað til þarna og sérstaklega þegar álag á meltinguna er mikið.

> Lifrin er allt í senn, vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð, því allt sem við látum ofan í okkur eða á fer þar í gegn og fer í einhvers konar úrvinnslu.

### Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur lengi notað Active Liver: „Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

Hin fullkomna þrenna fyrir öflugri meltingu



Grænn og vænn smoothie daglega!
Vel samsett boost getur verið uppfullt af næringarefnum sem auka orkuna, jafna blóðsykurinn og örvar meltinguna.

+




ENZYMEDICA
Digest - gegn þrálátum meltingarvandamálum
• Fullkomin ensímblanda sem styður meltinguna.
• Eykur orku.
• Lítil hylki sem auðvelda inntöku.
• 1 tafla rétt fyrir máltíð.

+




Bio-Kult
Öflugir gerlar sem styrkja meltinguna
7 gerlastofnar sem hjálpa við að byggja upp og koma jafnvægi á þarmaflóruna, bakteríudrepandi hvítlaukur sem er einnig öflugur fyrir ónæmiskerfið og þykkni úr fræjum greipaldins sem vinnur gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum.

WHOLE EARTH
DOWN-TO-EARTH GOODNESS

FRÍSKANDI LÍFRÆNT GOS FULLKOMNAR DAGINN







Yfirfullt af náttúrulegum gæðum
Frískandi bragð - No nonsense

Fæst í heilsuvörubúðum og öllum helstu matvöruverslunum

www.wholeearthfoods.com

Segðu halló



Jara hefur sungið í kór í Langholtskirkju síðan hún var sex ára og er nú í stjórn Graduale Nobili. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Ættjarðarlög á Þingvöllum

**Margir treysta ekki veðrinu á 17. júní en það verður ekki sagt um dömukórinn Graduale Nobili sem heldur útitónleika á Þingvöllum á þjóðhátíðardaginn.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Veðrið setur gjarna strik í þjóðhátíðarreikninginn hjá landanum en dömurnar í dömukórnum Graduale Nobili ætla ekki að láta neinn bilbug á sér finna og ætla að syngja í Stekkjargjá klukkan þrjú á morgun, í þjóðbúningum og sama hvernig viðrar.

„Við sóttum um styrk í fullveldissjóð og nýtum hann í þetta verkefni, hátíðartónleikana Stóð ég við Öxará,“ segir Jara Hilmarsdóttir, söngkona og einn stjórnarmeðlimur kórsins. „Við ætlum að syngja ættjarðarlög í bland við lög eftir íslensk tónskáld svo þetta verður svolítið þjóðlegt og mjög skemmtilegt.“

Og kórinn verður víðar þennan dag. „Við vorum svo heppnar að fá boð um að syngja á Austurvelli kl. 11 um morguninn og þá ákváðum við, fyrst við værum að fagna 17. júní svona vel, að útvega þjóðbúninga á allan kórinn svo við verðum enn þjóðlegri. Það gengur ágætlega,“ bætir hún við en þegar þetta er skrifað átti aðeins eftir að útvega einn búning.

Jón Stefánsson, hinn ástsæli kórstjóri Langholtskirkju, stofnaði kórinn Graduale Nobili árið 2000 til að gefa stúlkum sem höfðu verið í kór í kirkjunni frá barnsaldri tækifæri til að halda áfram að syngja þó þær væru orðnar of stórar fyrir barnakórana. „Nobili er eiginlega svona framhaldsdeild Gradualekóranna í Langholtskirkju og þar sem við erum eiginlega hvorki stúlknakór né kvennakór þá förum við bil beggja og köllum okkur dömukór.“

Jón stjórnaði kórnum í fimmtán ár en núverandi stjórnandi er Þorvaldur Örn Davíðsson. Kórinn telur 23 meðlimi á aldrinum 18-26 ára og hann hefur getið sér gott orð víða um heim og meðal annars sungið með Björk á Biofilium-tónleikaferðinni og inn á plötu hljómsveitarinnar Fleet Foxes en kórinn söng einmitt með sveitinni á Iceland Airwaves í fyrra. Þá hefur kórinn einnig unnið til fjölda verðlauna á alþjóðavettvangi og hljómdiskur hans In Paradisum var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna og Menningarverðlauna DV. „Við erum mjög góðar vinkonur allar, enda höfum við margar hverjar verið að syngja saman síðan við vorum sex ára í kórunum í Langholtskirkju,“ segir Jara. „Það gefur okkur sérstakan hljóm því við þekkjum hver aðra svo vel að við erum ótrúlega samstilltar. Margar okkar eru í söngnámi og flestar í einhverju tónlistarnámi og kórinn er örugglega ástæða þess.“

Allar nánari upplýsingar um tónleikana á Þingvöllum sem og kort af staðsetningu Stekkjargjár má finna á Facebook-síðu Graduale Nobili og á viðburði tónleikanna Stóð ég við Öxará – hátíðartónleikar.



Dömukórinn Graduale Nobili heldur tónleika á Þingvöllum 17. júní.

**„Við erum mjög góðar vinkonur allar, enda höfum við margar hverjar verið að syngja saman síðan við vorum sex ára í kórunum í Langholtskirkju.**

# Frábær sumarleikur á 50 ára afmæli Góu

**Helgi Vilhjálmsson stofnaði sælgætisgerðina Góu árið 1968 og hún fagnar því fimmtíu ára afmæli í ár. Fyrsti molinn var karamella en nú hefur hann ekki tölu á öllum þeim tegundum sælgætis sem framleiddar eru undir merkjum Góu, Lindu og Driftar.**



Helgi í Góu hefur framleitt uppáhaldssælgæti margra Íslendinga í fimmtíu ár. MYND/SIGTRYGGUR ARI.

Ég stofnaði sælgætisgerð af því að ég vann í sælgætisgerð. Maður verður múrari af því að vinna í múrverki,“ segir Helgi aðspurður um hvernig ævintýrið byrjaði. „Ég var að vinna í Nóa Síríus og varð svolítið spenntur fyrir þessari framleiðslu. Aldrei að vita nema ef maður hefði verið að vinna í annars konar framleiðslu að maður hefði orðið spenntur fyrir því.

Til að byrja með átti fyrirtækið eina karamelluvél og fyrsta varan var því Góu karamellur sem verða alltaf númer eitt í mínum huga. Fyrirtækið var meira að segja nefnt Góa því það eru bara þrír stafir sem pössuðu vel á litla karamellu.“ Árið 1973 hófst svo framleiðsla á Hrauni, súkkulaðinu með brakandi hrísbjúpnum sem allir Íslendingar þekkja. „Hraunið kom þannig til að maður fór í siglingar og kynnti sér það sem fékkst úti í heimi,“ segir Helgi. „Þá var mikið um svona stykki með karamellum eða hnetum og maður átti það nú kannski ekki til, sérstaklega ekki hneturnar. En maður átti kex og þá var bara að koma rís utan um það einhvern veginn. Það var bölvað brambolt en gekk upp að lokum og varð svona úfið þegar við vorum að búa það til svo hraun var gott nafn.“

Hann segir að umbúðakröfur hafi breyst mikið síðan þetta var. „Hraunið var ekki í sérumbúðum heldur bara selt í stykkjum upp úr hvítum löngum kassa. En núna er það víst ekki talið heilsusamlegt,“ segir Helgi og bætir við: „Mér finnst nú að veikindi hafi ekki minnkað eftir að farið var að pakka öllu inn, eiginlega helst aukist ef eitthvað er.“

## Hraunið vinsælast

Aðspurður um vinsælasta sælgætið segir hann Hraunið löngum hafa verið vinsælast og svo súkkulaðirúsínurnar. „Maður hefur verið dálítið heppinn með þennan hring sem maður er í, Hraunið og rúsínurnar, Prinsinn og karamellurnar og lakkrísinn og svo Lindubuffið ofan í allt saman. Við keyptum Lindu á Akureyri 1993 og svo keyptum við lakkrísgerðina Drift og Appolo 2002 svo þetta er orðin stór og mikil blanda,“ segir




hann og hlær. „Maður þarf að fara að setjast niður og skoða hvað er í þessu risastóra blandi í poka.“ Meðal helstu framleiðsluvara Góu eru Hraun, Æði, Toffí, Prins, Flórída, Brak, Lindubuff, Conga og Appolo lakkrís. Samhliða framleiðslu flytur fyrirtækið inn sælgæti sem dreift er til söluturna og dreifingaraðila. Árið 1980 opnaði Helgi einnig kjúklingastaðinn vinsæla KFC.

## Gott starfsfólk skiptir öllu

Helgi segir að fyrirtækið sjálft standi upp úr þegar horft er yfir þessa hálfu öld. „Mér finnst svo merkilegt að hafa bara tekist að gera þetta. Það væri gaman að athuga einhvern tíma hvað mörg fyrirtæki voru nýskráð árið 1968 og hversu mörg eru eftir í dag. En það er mikilvægt að taka fram að svona ævintýri geta ekki orðið að veruleika nema maður hafi gott fólk í kringum sig.“

Talandi um gott fólk þá er starfsmannafjöldinn hjá Góu um 50 manns og hafa sumir þeirra starfað hjá fyrirtækinu í yfir 40 ár. „Þetta hefur gengið skemmtilega vel hjá okkur og fólk hefur tekið vel á móti vörunni,“ segir Helgi og bætir við að árstíðir sælgætisframleiðandans séu þrjár. „Jólin með konfektinu og súkkulaði í bakstur, páskarnir með páskaeggjunum og svo sumartíðin þegar fólk fer með Hraunbitana og lakkrísinn með sér í fríið.“

Helgi er ekki alveg tilbúinn til að gefa upp hvert uppáhaldssælgætið hans sjálfs er. „Mér finnst þetta eiginlega allt gott þegar það kemur beint út úr vélinni,“ segir hann. „Þetta er eins og þegar mamma var að baka pönnukökur í gamla daga, þær voru langbestar sjóðandi heitar með sykri beint af pönnunni. Ég geri reglulega svona „gæðakönnun“ við færibandið og þess vegna er maður kannski svolítið pattaralegur,“ segir hann og hlær.

Aðspurður um hverju hann þakki þessi fimmtíu ár í framleiðslu á úrvals sælgæti sem færir Íslendingum gleði á góðum stundum segir Helgi: „Það er svo margt sem við höfum framleitt sem hefur hitt í mark. Ég hef verið frekar seigur í því að hafa alltaf sömu kennitölu enda gengur þetta ekki út á að vera alltaf að skipta um svoleiðis og safna gróða heldur að þjóna fólki.“



**Í tilefni fimmtíu ára afmælisins verður möguleiki að vinna Hoover Board svifbretti ef keypt er askja af Góu góðgæti.**

## Fimmtíu svifbretti

Í tilefni fimmtíu ára afmælis Góu er efnt til sumarleiks þar sem í hverri sælgætisöskju frá fyrirtækinu er möguleiki á vinningi. Fólk getur unnið allt frá sælgætiskörfum upp í Hoover Board svifbretti, en fimmtíu heppnir vinningshafar eignast svoleiðis í sumar. „Já, ég hef haft gaman af að finna það sem fólk langar í. Þegar við urðum fjörutíu ára þá gáfum við nokkur hundruð hlaupahjól. Núna eru þessi svifbretti að slá í gegn um allan heim og ég vildi gefa fimmtíu slík í tilefni af afmælinu,“ segir Helgi um leikinn og bætir við: „Einnig erum við að safna saman minningum í kringum Góu á Facebook og gefa sælgætisglaðninga til þeirra sem þar taka þátt.“



# Berast á banaspjótum

**Víkingahátíðin í Hafnarfirði hófst fyrir helgi og hefur notið mikilla vinsælda þrátt fyrir votviðri. Vel mælist fyrir hjá gestum hátíðarinnar að þurfa ekki að greiða aðgangseyri sem er nýlunda.**



Víkingarnir láta til sín taka á Víðistaðatúni þetta árið. Hægt verður að fylgjast með þeim um helgina.

Á sama tíma og íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hélt í víking til Rússlands komu aðrir víkingar sér fyrir á Víðistaðatúni í Hafnarfirði þar sem þeir undirbjuggu árlega hátíð sína. Víkingahátíðin í Hafnarfirði hefur verið haldin síðan árið 1995 og er bæði elsta og stærsta hátíð sinnar tegundar á landinu. Þar hafa helstu víkingar landsins – sem og erlendir gestir – sýnt listir sínar og selt varning tengdan líferni sem margir sjá í hillingum.

Venju samkvæmt hófst hátíðin á fimmtudegi en óvanalegt í ár er að ekki þarf að greiða aðgangseyri að hátíðinni. Skipuleggjandi í ár er Rimmugýgur en það er félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga sem hefur það að markmiði að efla áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá Rimmugýgi hefur aðsóknin verið til fyrirmyndar og vafalaust hefur sú staðreynd að ekki þurfi að greiða fyrir aðgang vegið upp á móti því að sólin hefur mestan hluta hátíðarinnar verið í felum.

## Áhuginn vaknaði á Víkingahátíð

Rimmugýgur var formlega stofnað við Öxarárfoss á Þingvöllum 7. júní 1997 þegar stofnfélagar sórust í bræðralag undir stjórn Jörmundar allsherjargoða. Áhuginn á stofnun félagsins vaknaði aftur á móti tveimur árum fyrr, eða á fyrstu Víkingahátíðinni í Hafnarfirði. Frá þessum tíma hefur félagið vaxið og dafnað og eru í dag um tvö hundruð skráðir félagar, héðan og þaðan af landinu. Rimmugýgur hefur frá stofnun tekið þátt í Víkingahátíðinni í Hafnarfirði sem jafnan hefur verið haldin með liðsinni Fjörukrárinnar. Í ár er það hins vegar félagið eitt sem stendur að hátíðinni.

Auk þess að halda Víkingahátíðina í Hafnarfirði sækja félagar Rimmugýgjar aðrar hátíðir, bæði innan lands sem utan. Bardagar eru æfðir árið um kring og óhætt að fullyrða að íslensku víkingarnir kunna sitthvað fyrir sér þegar kemur að því að berjast.

## Fagna sigri eða drekkja sorgum

Þrátt fyrir að víkingahátíðin keppi um helgina við sjálft landsliðið í knattspyrnu og þjóðhátíðardag Íslendinga láta víkingarnir engan bilbug á sér finna. Hvetja þeir þá Hafnfirðinga sem ætla sér að horfa á landsleikinn gegn Argentínu klukkan 13 á Thorsplani í miðbæ Hafnarfjarðar endilega til að gera sér ferð á Víðistaðatún að leik loknum. Það er aðeins stuttur gangur og á Víkingahátíðinni má jafnt fagna sigri og drekkja sorgum – að hætti víkinga.

Þannig fer fram bardagasýning klukkan 15 og klukkan 16 hefst bogfimimót og leikjasýning. Einnig eru á hátíðinni sögumenn, handverk, markaður og víkingaskóli barnanna. Og að sjálfsögðu verða veitingar til sölu á svæðinu og víkingatónlist mun óma um svæðið.

Þá er vert að geta þess að um miðjan dag á morgun, 17. júní, fer fram svo gott sem alvöru víkingabardagi í miðbænum í tengslum við hátíðarhöld Hafnarfjarðarbæjar. Bardaginn hefst klukkan 15.05.



Margir fylgjast með bardaga víkinganna og sumir fá að spreyta sig með þeim.



**Margir víkingar eru mjög handlagnir og selja varning sinn á Víkingahátíðinni.**

Víkingahátíðin á Víðistaðatúni er opin í dag og á morgun frá klukkan 13 til 19.







RARIK

# Verkefnastjóri liðaverndar

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

*RARIK hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 60% þess er jarðstrengir.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða verkefnastjóra liðaverndar. Meginverkefni eru uppsetning liðabúnaðar og tengsl við fjargæslukerfið.

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna að þessum verkefnum. Starfsstöð verkefnastjóra er í Reykjavík.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Undirbúningur og áætlanagerð vegna liðaskipta
- Uppsetning liðabúnaðar og tengsl við fjargæslukerfið
- Yfirferð og prófun liðabúnaðar með reglulegum hætti
- Utanumhald með skráningu á rekstrartruflunum
- Undirbúningur pantana frá birgjum
- Önnur verkefni þar sem sérþekking verkefnastjóra nýtist fyrirtækinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rafveitustörfum æskileg
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Um fullt starf er að ræða. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

*Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2018. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Rangárþing eystra

# Skipulags- og byggingarfulltrúi

*Í Rangárþingi eystra búa tæplega 2000 manns. Sveitarfélagið er mikið landbúnaðarhérað en jafnframt er ferðaþjónusta vaxandi atvinnugrein. Þar er að finna einstakar náttúruperlur og þekkta sögustaði eins og Þórsmörk, Tindfjöll, Eyjafjallajökull, Skógarfoss, Seljalandsfoss og Paradísarhelli.*

*Sögusvið Brennu-Njáls sögu teygir sig um allt svæðið. Þar er einnig afþreying af ýmsu tagi og hentar öllum aldurshópum s.s. söfn, sýningar, sundlaugar, hestaleigur, gönguleiðir, íþróttamiðstöð, golf, gallerí, veiði o.fl.*

*Hvolsvöllur er þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og þar er stjórnsýslan ásamt grunnskóla og leikskóla, heilsugæslu, apóteki, sundlaug, íþróttahúsi, verslun, banka, veitingastöðum o.fl. Helstu atvinnuvegir eru iðnaður, verslun og þjónusta.*

*Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á heimasíðu þess **www.hvolsvollur.is***

Laust er til umsóknar starf skipulags- og byggingarfulltrúa sem jafnframt er sviðsstjóri framkvæmda- og þjónustusviðs Rangárþings eystra. Um er að ræða fjölbreytt starf í sveitarfélagi þar sem mikil uppbygging á sér stað.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ber ábyrgð á skipulagsgerð í sveitarfélaginu í samræmi við lög nr.123/2010 og reglugerðir og á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög nr. 160/2010 og reglugerðir. Starfið heyrir undir sveitarstjóra Rangárþings eystra.

Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið. Skipulags- og byggingarfulltrúi/ sviðsstjóri framkvæmda- og þjónustusviðs ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra í öllum störfum sínum og ákvörðunum. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Yfirumsjón með skipulagsgerð á vegum sveitarfélagsins
- Eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi
- Yfirferð og samþykkt aðaluppdrátta, verkfræði- og séruppdrátta
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu
- Eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.
- Ábyrgð og umsjón með útgáfu byggingaleyfa, vottorða og skráningu mannvirkja
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar, eignasjóði, fráveitu og leiguíbúðum
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við verkstjóra áhaldahúss, skrifstofustjóra og sveitarstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi t.d. byggingarfræði, verkfræði, tæknifræði eða arkitektúr
- Æskilegt er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 25. gr. mannvirkjalaga og 7. gr. skipulagslaga
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum bygginga- og skipulagsmálum er æskileg
- Þekking/reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Góð tölvukunnátta og þekking á forritum skilyrði
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Vegagerðin

# Forstöðumaður rekstrardeildar

Vegagerðin óskar eftir að ráða öflugan einstaklingi til að sinna starfi forstöðumanns rekstrardeildar Vegagerðarinnar í Reykjavík. Á rekstrardeild eru 10 starfsmenn og hlutverk deildarinnar er að hafa umsjón með innkaupum, birgðahaldi, rekstri tækja og véla og fasteigna auk eftirlits með búnaði á vélaverkstæðum Vegagerðarinnar. Minjavarsla fellur einnig undir starfssvið deildarinnar.
Gert er ráð fyrir að starfsmaður hefji störf á haustmánuðum.

Umsóknarfrestur
**2. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6829**

Helstu verkefni

- Stjórnun og rekstur daglegrar starfsemi og verkefna rekstrardeildar.
- Starfsmannamál.
- Yfirumsjón með innkaupum á tækjum, vörum og búnaði ásamt birgðahaldi.
- Umsjón með gerð útboða og samninga um innkaup.
- Yfirumsjón með rekstri véla og tækja Vegagerðarinnar, ásamt fasteignum, viðhaldi þeirra og nýbyggingum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða annað sambærilegt próf sem nýtist í starfi. Framhaldspróf kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg.
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni til ákvarðanatöku og eftirfylgni, geta til að sýna sjálfstæði og öguð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.

VEGAGERÐIN

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hreinn Haraldsson vegamálastjóri eða Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri í síma 522-1000

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent



**Umsóknarfrestur er til 2. júlí**

# Leiðtogi innri þjónustu Stjórnarráðsins

*Ert þú stafræn/n og sniðug/ur?*

Þann 1. júlí tekur til starfa ný þjónustueining Stjórnarráðsins. Hlutverk hennar er að þróa sameiginlegan rekstur ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands meðal annars með því að auka notkun upplýsingatækni með það að markmiði að stuðla að nútímalegri og hagkvæmri starfsemi.

Framundan er uppbygging innri þjónustu Stjórnarráðsins sem felur í sér tækifæri fyrir öflugan stjórnanda í opinberri þjónustu.
Um nýja einingu er að ræða sem tekur til starfa eftir endurskoðun á sameiginlegri stoðþjónustu ráðuneytanna og tekur við verkefnum sem Rekstrarfélag Stjórnarráðsins hefur sinnt.

Leitað er að jákvæðum og öflugum framkvæmdastjóra með góða þjónustulund sem hefur reynslu af sambærilegri starfsemi, stjórnanda sem hefur hvetjandi nærveru, er drífandi í verkum og með gott auga fyrir úrbótatækifærum.

**Helstu ábyrgðarsvið framkvæmdastjóra**

- Móta og innleiða innri þjónustu í nánu samstarfi við öll ráðuneyti Stjórnarráðsins.
- Þróa og auka hagnýtingu upplýsingatækni í daglegri starfsemi Stjórnarráðsins.
- Stýra mannauði þjónustueiningarinnar.
- Ábyrgð á miðlægum rekstri og áætlanagerð fyrir þjónustueininguna.
- Móta þjónustustefnu og innleiða þjónustusamninga.
- Tryggja góð samskipti við ráðuneyti og birgja.

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, til dæmis í upplýsingatækni, viðskiptafræði eða stjórnun eða verkfræði.
- Góð þekking á upplýsingatækni er kostur.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð er nauðsynleg.
- Reynsla af stefnumótun, hönnun þjónustu og breytingastjórnun er kostur.
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja til árangurs.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og uppbyggilegt viðmót.
- Geta til að miðla upplýsingum á vönduðu, einföldu og skýru máli.

Markmið starfseiningarinnar er að reka miðlæga þjónustu níu ráðuneyta í nánu samstarfi við þau. Þar eru 30 starfsmenn og notendur þjónustunnar á sjötta hundrað.

**Nánari upplýsingar eru á Starfatorgi og heimasíðu Capacent.**

Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn. Með umsókn og ferilskrá skal fylgja ítarlegt kynningarbréf ásamt rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna embættinu. Sótt er um starfið á heimasíðu Capacent.
**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2018.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

INNRI ÞJÓNUSTA STJÓRNARRÁÐSINS

# Bæjarstjóri

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða bæjarstjóra til starfa. Ölfus er landfræðilega mjög stórt sveitarfélag með ríflega 2.100 íbúum. Þéttbýliskjarninn er Þorlákshöfn en í dreifbýlinu er einnig blómleg byggð búskapar, hestamennsku og ferðaþjónustu.

**Leitað er að einstaklingi sem hefur leiðtogahæfileika, stefnumótandi hugsun, áhuga á uppbyggingu samfélagsins, frumkvæði, metnað og mjög góða samskiptahæfileika.**

Í boði er fjölbreytt og áhugavert samfélag, metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi með tækifæri til að hafa áhrif á mótun sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur
**2. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6832**

Verksvið bæjarstjóra er m.a.:
- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins.
- Ábyrgð á stefnumótun og áætlunargerð.
- Ábyrgð á og stýring á daglegum rekstri.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Framkvæmd á ákvörðunum bæjarstjórnar.
- Þátttaka í uppbyggingu sveitarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu.
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur.
- Reynsla af eftirfylgni stefnumótunar.

Sveitarfélagið Ölfus er í mikilli sókn. Íbúum fjölgar hratt og aðstaða fyrir fjölskyldufólk og börn í leik- og grunnskóla er framúrskarandi góð og það á einnig við um aðstöðu til íþrótta- og tómstundaiðkunar. Tækifæri til atvinnuuppbyggingar eru gríðarlega mikil á svæðinu, ekki síst fyrir tilstuðlan hafnarinnar í Þorlákshöfn og fjölbreyttra tækifæra í ferðaþjónustu.

Nánari upplýsingar um sveitafélagið er að finna á www.olfus.is

Hamingjan er hér!

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Vegagerðin

# Sérfræðingur/verkefnastjóri vetrarþjónustu

VEGAGERÐIN

Vegagerðin óskar eftir að ráða öflugan einstaklingi til að taka við starfi sérfræðings/verkefnisstjóra vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á þjónustudeild Vegagerðarinnar í Reykjavík. Um er að ræða fullt starf við stjórnun, umsjón, rekstur og þróun vetrarþjónustuverkefna á landsvísu.

Þjónustudeild skipuleggur og hefur m.a. umsjón með stefnumörkun og úthlutun fjármagns til þjónustuverkefna Vegagerðarinnar á landsvísu, samræmingu og faglegri þróun. Upplýsingagjöf um færð og ástand. Mælibúnaður, skilti, merkingar o.fl.

Umsóknarfrestur
**2. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6830**

Helstu verkefni
- Fagleg og verkefnaleg ábyrgð á og yfirumsjón með daglegri starfsemi vetrarþjónustu á landsvísu.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Samræming faglegra vinnubragða og stjórnunar.
- Þátttaka í rannsóknum og fylgjast með nýjungum og þróun vetrarþjónustuverkefna.
- Stjórnunarleg og verkefnalega ábyrgð á daglegum verkefnum og rekstri vetrarþjónustu vaktstöðvar suður.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf í verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Reynsla af áætlanagerð .
- Þekking og reynsla á sviði vetrarþjónustu og upplýsingatækni er kostur.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Hæfni til ákvarðanatöku, eftirfylgni og að vinna sjálfstætt,
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Pálsson forstöðumaður þjónustudeildar (einar.palsson@vegagerdin.is ) í síma 522-1000

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Lögmaður á lögfræðistofu

Virt lögfræðistofa óskar eftir að ráða lögmann í fullt starf

**Helstu verkefni:**
- Lögmannsstörf, t.d. slysa- og skaðabótaréttur
- Málflutningur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af störfum á lögmannsstofu nauðsynleg
- Reynsla af slysa- og skaðabótamálum kostur
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

***Sjá nánar á www.intellecta.is***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

---

Sandgerði og Garður er nýtt sterkt sameinað sveitarfélag á Suðurnesjum með um 3.400 íbúa. Þar er fjölskyldu- og barnvænt samfélag og kraftmikið atvinnulíf. Í sveitarfélaginu eru tvö ráðhús, bæði í Garði og Sandgerði, og hefur bæjarstjóri starfsstöð í þeim báðum. Sjá nánar á **www.sandgerdi.is** og **www.svgardur.is**

# BÆJARSTJÓRI

Ný bæjarstjórn óskar eftir að ráða öflugan bæjarstjóra til að leiða sameinað sveitarfélag og þær breytingar sem hafnar eru. Framundan eru fjölmörg krefjandi verkefni við að sameina íbúa og starfsfólk um nýtt sveitarfélag, og spennandi tækifæri sem m.a. tengjast alþjóðaflugvelli í landi sveitarfélagsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og hefur yfirumsjón með starfsemi þess og sér um framkvæmd þeirra ákvarðana sem bæjarstjórn tekur
- Bæjarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá funda bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Bæjarstjóri gætir hagsmuna bæjarfélagsins út á við og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki og samtök
- Sameining stofnana/skipulagsbreytingar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er æskileg
- Farsæl reynsla á sviði rekstrar og stjórnunar
- Þekking og reynsla af stjórnun breytinga æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á að takast á við uppbyggingu bæjarfélagsins
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er skilyrði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir,** katrin@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

---

Í Strandabyggð búa rúmlega 450 íbúar og er Hólmavík þéttbýlisstaðurinn. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt, grunnskóli, leikskóli og tónskóli. Gott íþróttahús og sundlaug. Nánari upplýsingar um Strandabyggð er að finna á vefsíðunni www.strandabyggd.is.

# SVEITARSTJÓRI

Starf sveitarstjóra í Strandabyggð er laust til umsóknar. Leitað er að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni.

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Strandabyggðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Reynsla af bókhaldi, stjórnun og rekstri
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Menntun sem nýtist í starfi

**Upplýsingar veitir:**
**Þórir Þorvarðarson,** thorir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

BLÁSKÓGABYGGÐ

Bláskógabyggð er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem nú búa rúmlega 1100 íbúar. Sveitarfélagið varð til árið 2002 við sameiningu þriggja hreppa, Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps. Þrír þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu, Laugarás, Laugarvatn og Reykholt.

# SVEITARSTJÓRI

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir starf sveitarstjóra laust til umsóknar.

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Bláskógabyggðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Reynsla af mannauðsmálum
- Reynsla og/eða þekking af markaðsmálum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Upplýsingar veitir:**
**Þórir Þorvarðarson,** thorir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700





Akureyri iðar af mannlífi allan ársins hring. Í bænum búa um 19.000 manns og er hann sá langfjölmennasti utan höfuðborgarsvæðisins, miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland.
Akureyri er menningar- og skólabær sem byggir á traustum grunni. Þar starfar eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og ferðaþjónusta skipar sífellt hærri sess. Frá Akureyri er stutt í margar helstu náttúruperlur landsins og bærinn sjálfur er vinsæll áfangastaður um lengri eða skemmri tíma. Akureyri er vinsæll ferðamannastaður og fjölmargir heimsækja bæinn ár hvert.

# BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

Starf bæjarstjóra er fjölbreytt, krefjandi en um leið gefandi og viðburðarríkt. Leitað er að aðila sem er atorkusamur, metnaðarfullur og tilbúinn að leggja sig allan fram, býr yfir góðri reynslu og hefur einlægan áhuga á að ná árangi í starfi. Viðkomandi þarf að eiga góð samskipti fyrir hönd bæjarfélagsins og vera talsmaður þess í samskiptum við íbúa, fjölmiðla, viðskiptavini og opinbera stjórnsýslu.

**Starfssvið:**
- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði
- Bæjarstjóri undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt
- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna bæjarfélagsins og nánari útlistun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 50. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur
- Framúrskarandi leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem,** sverrir@hagvangur.is
**Inga S. Arnardóttir,** inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Íbúðalána sjóður

Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að þjóna íslensku samfélagi með veitingu stofnframlaga, lána og greiningum á húsnæðismarkaði til þess að stuðla að stöðugleika og auka möguleika almennings á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

# MANNAUÐS- OG FRÆÐSLUSTJÓRI

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða mannauðs- og fræðslustjóra. Hlutverk mannauðs- og fræðslustjóra er að efla og þróa mannauð Íbúðalánasjóðs, samskipti og starfsumhverfi starfsmanna. Mannauðs- og fræðslustjóri starfar á skrifstofu forstjóra og situr jafnframt í framkvæmdastjórn.

**Starfssvið:**
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni hennar í anda stefnu Íbúðalánasjóðs
- Stuðla að traustri fyrirtækjamenningu sem byggir á gildum sjóðsins: frumkvæði - ábyrgð - samvinna
- Ráðgjöf við stjórnendur við innleiðingu árangurs- og ánægjumælikvarða á sviði mannauðsmála og innleiðingu breytinga innan sjóðsins
- Ábyrgð á gerð, kynningu og framkvæmd fræðsluáætlunar
- Ráðgjöf til stjórnenda um fræðslu- og endurmenntunaráætlun starfsmanna og stjórnenda
- Ráðgjöf til starfsmanna og stjórnenda vegna þjálfunar- og starfsþróunarmála
- Yfirumsjón með þróun og framkvæmd reglubundins frammistöðumats fyrir starfsmenn og stjórnendur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er skilyrði sem og framhaldsmenntun, sem æskilegt er að sé á sviði stjórnunar-, vinnusálfræði eða mannauðsmála
- Haldgóð reynsla af stefnumiðaðri mannauðsstjórnun, starfsþróunarverkefnum og breytingastjórnun er kostur
- Leiðtogahæfni og frumkvæði í vinnubrögðum
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og árangursmiðuð nálgun verkefna

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem,** Sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamnings ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð er kraftmikið sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum. Til Vesturbyggðar teljast byggðakjarnarnir Birkimelur á Barðaströnd, Bíldudalur og Patreksfjörður og sveitirnar Barðaströnd, Breiðavík, Hænuvík, Ketildalir, Látrar, Rauðisandur og Suðurfirðir.

# BÆJARSTJÓRI

Vesturbyggð óskar að ráða öflugan bæjarstjóra til að stýra ört vaxandi samfélagi þar sem atvinnulíf og mannlíf er í miklum blóma.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Daglegur rekstur og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við bæjarstjórn, undirbúningur funda og upplýsingagjöf
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við íbúa, samstarfsaðila, stofnanir, samtök og fyrirtæki
- Að gæta hagsmuna Vesturbyggðar út á við, vera talsmaður bæjarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu æskileg
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir,** geirlaug@hagvangur.is
**og Katrín S. Óladóttir,** katrin@hagvangur.is.
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Spennandi störf í boði hjá VIRK



## Sérfræðingur á sviði gagna-úrvinnslu og greininga

Óskum eftir að ráða sérfræðing til starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði gagnaúrvinnslu, greininga og tölfræðiútreikninga. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna í þverfaglegu samstarfi hjá VIRK við framþróun starfsendurhæfingar.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Tölfræðileg greining á gögnum VIRK og annarra stofnana
- Alþjóðlegur samanburður á þjónustu, kerfum og tölfræði
- Þróun mælikvarða
- Skýrslugerð tengd tölfræðiúrvinnslu og gagnagreiningum
- Ýmis önnur verkefni

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem gefur sterkan grunn í greiningum, útreikningum og úrvinnslu gagna
- Frábær greiningarhæfni
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki og jákvætt viðmót
- Vilji og geta til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku og ensku
- Góð færni í að koma frá sér efni í ræðu og riti

## Ráðgjafar á sviði starfsendurhæfingar

Óskum eftir að ráða tvo ráðgjafa til starfa á skrifstofu VIRK í Reykjavík. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

### Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á virk.is

**Upplýsingar veitir:**
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2018.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur starfsins.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021 | bsi. ISO 9001 | ÍST 85:2012 | Framúrskarandi fyrirtæki | VR Fyrirmyndarfyrirtæki 2018

VIRK 10 ára

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# Húsasmiðjan leitar að vörustjóra lagnaefnis, hreinlætis- og blöndunartækja

**Við leitum að einstakling í starf vörustjóra lagnaefnis, hreinlætis- og blöndunartækja. Vörustjórinn þarf að búa yfir mikilli þjónustulund, vera drífandi og hafa brennandi áhuga á vöruflokknum.**

**Helstu verkefni:**
- Innkaup og vöruþróun
- Verðlagning og áætlanagerð
- Samningagerð og samskipti við birgja
- Mótun og innleiðing vörustefnu
- Miðlun upplýsinga og þjónusta við verslanir

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking á vöruflokknum
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og gagnrýnin hugsun
- Góð tölvufærni

**Hefur þú áhuga á að starfa hjá fyrirtæki:**
- Sem leggur ríka áherslu á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi?
- Þar sem ríkir góður starfsandi, jafnrétti og jákvætt hugarfar?
- Þar sem lagt er mikið upp úr öryggi og vellíðan starfsmanna?
- Þar sem lögð er áhersla á að vinna sem heild að því að gera Húsasmiðjuna að fyrsta vali viðskiptavina?

**Ef svo er, leggðu þá inn umsókn.**
**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um.**

Umsóknarfrestur er til **26. júní** og aðeins er tekið við umsóknum í gegnum ráðningarvef Húsasmiðjunnar **www.husa.is/laus-storf/**



**Byggjum á betra verði**

GRINDAVÍKURBÆR

## Laus staða matráðs við leikskólann Laut í Grindavík.

Leikskólinn Laut óskar eftir matráði í 100 % stöðu frá og með 14.ágúst. Leikskólinn Laut er fimm deilda leikskóli. Laut er Grænfánaleikskóli og starfar eftir Uppbyggingarstefnunni. Grunngildi leikskólans eru gleði,hlýja og virðing.

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á gerð matseðla og samsetningu fæðis fyrir börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára samkvæmt viðmiðum Manneldisráðs.
- Frumkvæðni og skipulagshæfni við innkaup og vörustjórnun.
- Menntun sem nýtist í starfi og reynsla af störfum í mötuneyti æskileg.
- Áhugi á að vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað.
- Jákvæði í mannlegum samskiptum.

Starfið hentar karlmönnum jafnt sem konum.

Matráður starfar samkvæmt starfslýsingu matráðs í Laut undir stjórn leikskólastjóra.

Laun samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags. Upplýsingar um starfið gefur Fríða Egilsdóttir leikskólastjóri í síma 420-1160 og 847-9859

**Umsóknarfrestur er til 1.júlí.**

Umsókn sendist á netfangið **frida@grindavik.is**

TEMPRA
einangrun – umbúðir

Tempra ehf. er stærst á sínu sviði á Íslandi í framleiðslu á EPS, (Expandable Polystyrene) í daglegu tali kallað frauðplast. Meginframleiðsla fyrirtækisins er einangrun fyrir byggingaiðnaðinn og kassar fyrir útflutning á ferskum fiskafurðum.

## Framleiðslustjóri

Tempra ehf. óskar eftir að ráða öflugan framleiðslustjóra. Starfið felst í stjórnun og vöruþróun framleiðslu, hvort heldur umbúða eða einangrunar. Framleiðslustjóri er hluti af stjórnunarteymi félagsins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Starfsmannastjórnun í framleiðslu
- Framleiðsluáætlun
- Gæðamál
- Innkaup og samningar við birgja
- Þróun framleiðsluferla
- Viðhald véla, tækja, steypumóta og húsnæðis
- Straumlínustjórnun (PBS/LEAN)
- CE-vottun, innleiðing og viðhald

### Menntun og hæfniskröfur:
- Verk- og/eða rekstrarfræði eða sambærileg menntun
- Yfirgripsmikil þekking og/eða reynsla af framleiðslustjórnun
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í ensku, kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Góð þekking á Excel, Navison, Word, Windows
- Þekking á iðntölvustýringum og róbot-stýringum

## Viðhaldsstarfsmaður

Tempra ehf. óskar einnig eftir að ráða öflugan staðgengil viðhaldsstjóra. Næsti yfirmaður er viðhaldsstjóri.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Viðhald framleiðsluvéla, tækja og kerfa
- Viðhald steypumóta
- Viðhald húsnæðis og kerfa þess
- Viðhald öryggiskerfa og búnaðar
- Stjórnun á meðhöndlun spilliefna
- Þátttaka í þróunarvinnu, endurbætur og innleiðing nýrra kerfa
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við viðhaldsstjóra og samkvæmt nákvæmari starfslýsingu

### Menntun og hæfniskröfur:
- Rafmagns- og rafeindatækni, vélstjórn eða vélfræði
- Góð þekking á iðnstýringum og áhugi á að vinna með róbota
- Góð þekking á rafmagnskerfum og tölvu-, loft- og rafmagnsstýringum
- Færni í að smíða úr stáli og áli, þ.m.t. rafsjóða
- Þekking á vökvakerfum (glussakerfum)
- Þekking á lögum og reglum um öryggi og hollustu á vinnustað
- Góð enskukunnátta
- Góð færni í Excel, Word, Windows

**Upplýsingar veitir: Inga S. Arnardóttir** - inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Tulipop® ICELAND

Tulipop er margverðlaunað hönnunarvörumerki með höfuðstöðvar í Reykjavík, skrifstofu í New York, og flaggskipsverslun á Skólavörðustíg í Reykjavík. Tulipop framleiðir vandaðar og fallegar vörur fyrir börn á öllum aldri og vinnur með alþjóðlegum framleiðendum sem keypt hafa réttinn að framleiðslu á vörum með persónum Tulipop ævintýraheimsins. Á árinu 2017 setti Tulipop sína fyrstu teiknimyndaseríu í loftið og í undirbúningi er framleiðsla á teiknimyndaseríu fyrir sjónvarp til alþjóðlegrar dreifingar.

## SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRI

Tulipop leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til að stýra stefnumótun og framkvæmd sölu- og markaðsmála. Um er að ræða spennandi starf í alþjóðlegu umhverfi þar sem framundan eru fjölbreytt verkefni í tengslum við markaðssókn í Bandaríkjunum, Bretlandi og Asíu í samstarfi við erlenda aðila.

**Starfssvið**
- Stefnumótun og framkvæmd markaðsstarfs
- Gerð og eftirfylgni við sölu- og markaðsáætlanir
- Mælingar og greining á markaðsstarfi
- Samskipti og miðlun, þ.á.m. ábyrgð og umsjón með samfélagsmiðlum
- Almannatengsl innanlands og erlendis
- Umsjón með heimasíðu og vefverslun
- Ábyrgð á þjónustu við Tulipop söluaðila, innanlands og erlendis
- Skipulagning og umsjón viðburða
- Samskipti við auglýsingastofur og almannatengslasérfræðinga, innanlands og erlendis
- Önnur fjölbreytt verkefni eftir þörfum

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (t.d. á sviði viðskiptafræði)
- 3ja ára starfsreynsla og góð þekking á markaðsstarfi á neytendamarkaði
- Mjög góð ensku og íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum

## VERSLUNARSTJÓRI & UMSJÓNARMAÐUR HEILDSÖLU

Við leitum að söludrifnum og þjónustulunduðum verslunarstjóra til að hafa umsjón með rekstri fallegu verslunarinnar okkar á Skólavörðustíg. Starfshlutfall er 50-100% eftir samkomulagi.

**Starfssvið**
- Umsjón með daglegum rekstri og þjónustu verslunar
- Afgreiðsla í verslun
- Afgreiðsla pantana í gegnum vefverslun
- Þjónusta við heildsöluaðila
- Innkaup og birgðastjórnun
- Mönnun verslunar, þjálfun starfsmanna og gerð vaktaplana
- Gerð söluáætlana og eftirfylgni sölumarkmiða
- Umsjón með ásýnd verslunar og útstillingum vara
- Þátttaka í markaðsstarfi
- Önnur fjölbreytt verkefni í samstarfi við aðra starfsmenn fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Brennandi áhugi á sölu hönnunarvara

Umsóknarfrestur er til og með **27. júní nk**. Umsókn ásamt kynningarbréfi skal skilað í gegnum heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.



# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**




## **SÉRFRÆÐINGUR** ÖRYGGISMÁLA

Við óskum eftir öflugum og áhugasömum einstaklingi í starf sérfræðings öryggismála á Keflavíkurflugvelli. Starfið felur í sér orsakagreiningu, úrbótavinnu og eftirfylgni ásamt því að sinna eftirliti og úttektum á starfsemi tengt öryggi flugafgreiðsluaðila. Mikil samvinna og samskipti við notendur og hagsmunaaðila flugvallarins sem og virk þátttaka í öryggis- og gæðastarfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Fjóla Guðjónsdóttir, **fjola.gudjonsdottir@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Menntun eða reynsla á svið flugtengdrar starfsemi er kostur
- Þekking og reynsla á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta

Maren og Jón Kolbeinn starfa sem verkfræðingar hjá Isavia og vinna að uppbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR: **8. JÚLÍ**

ISAVIA

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

# Bæjarstjóri Fjarðabyggðar

## Sveitarfélagið Fjarðabyggð auglýsir laust til umsóknar starf bæjarstjóra Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi með 5028 íbúa.
Upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á heimasíðu þess, www.fjardabyggd.is.

**Helstu verkefni bæjarstjóra:**
- Yfirumsjón með rekstri sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með stefnumótun og áætlunargerð
- Náið samstarf við bæjarstjórn og undirnefndir, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Samskipti við stofnanir, fyrirtæki, samtök og íbúa.

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og störfum á sveitarstjórnarstigi er kostur en ekki skilyrði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði

**Umsóknum ber að skila til skrifstofu sveitarfélagsins að Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð, eigi síðar en 26. júní.** Skulu umsóknir vera merktar sem umsókn um starf bæjarstjóra. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf umsækjenda þar sem hann gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstyður hæfi sitt í starfið.
Þá er áskilið að taka hvaða umsókn sem er eða hafna öllum.

**Upplýsingar um starfið veita Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs, eydis73@simnet.is , og Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar, jon@ts.is.**



*Fjarðabyggð er það sveitarfélag sem austast liggur á landinu og það fjölmennasta af sjö sveitarfélögum Austurlands, með um 5.000 íbúa. Það varð til við samruna 14 sveitarfélaga sem fór fram í nokkrum áföngum á árunum 1988 til 2018 og er Fjarðabyggð því eitt yngsta sveitarfélag landsins. Þú ert á góðum stað eru kjörorð sveitarfélagsins.*

*Fjarðabyggð er öflugt fjölkjarna sveitarfélag sem byggir á sterkum grunni hvað atvinnu- og verðmætasköpun varðar. Gjöful fiskimið eru undan ströndum Austfjarða og er útgerð og vinnsla sjávarafurða ein af meginstoðum atvinnulífsins ásamt álframleiðslu og tengdum þjónustugreinum. Landbúnaður, verslun og þjónusta gegna einnig mikilvægu hlutverki og hefur ferðaþjónusta vaxið hratt á undanförnum árum.*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is



## Svæðisstjóri árstíðadeildar Breidd

# Við leitum að öflugum stjórnanda

Við leitum að dugmiklum svæðisstjóra með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Svæðisstjóri starfar náið með verslunarstjóra, leiðir hóp sölumanna og ber ábyrgð á vöruframsetningu og útliti deildarinnar. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.

Starfið felur í sér stjórnun, tilboðsgerð, ráðgjöf og sölu á t.d. smáraftækjum, árstíðabundnum vörum, grillum, reiðhjólum, blómum, áburði, búsáhöldum o.fl.

**Sótt er um á alfred.is og umsóknarfrestur er til 25. júní**

Þú sækir um með Alfreð

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN





# Sérfræðingur í Útlánaáhættu

Landsbankinn leitar að sérfræðingi til starfa í Útlánaáhættu á Áhættustýringarsviði bankans.

Hlutverk Útlánaáhættu er að mæla og hafa eftirlit með útlánaáhættu bankans ásamt því að sjá bankanum fyrir kerfum og ferlum til að meta og stýra útlánaáhættu við útlánaákvarðanir og stefnumótandi ákvarðanir. Deildin ber einnig ábyrgð á greiningu og skýrslugjöf varðandi útlánaáhættu, eiginfjárþörf og virðisrýrnun útlána.

## Helstu verkefni

» Greiningar á útlánaáhættu og eiginfjárþörf
» Stuðningur og fræðsla til viðskiptaeininga við mat og greiningu á útlánaáhættu
» Notkun og þróun líkana við mat á útlánáhættu og í sviðsmyndagreiningum
» Virðismat útlána
» Skýrslugjöf til eftirlitsaðila

## Hæfni og menntun

» Háskólamenntun í raungreinum, verkfræði, tölvunarfræði, fjármálum eða sambærilegu
» Reynsla úr fjármálafyrirtækjum er kostur
» Reynsla af gagnagrunnsfyrirspurnum (SQL) og skýrslugerð
» Þekking á SAS er kostur
» Framúrskarandi greiningarhæfni
» Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Páll Guðmundsson, forstöðumaður Útlánaáhættu, í síma 410 5221 eða pall.gudmundsson@landsbankinn.is og Bergþóra Sigurðardóttir starfsþróunarstjóri, í síma 410 7907 eða bergsig@landsbankinn.is.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í Útlánaáhættu* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Jafnlaunaúttekt PwC






# Sálfræðingar - Heilsugæslan Fjörður

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar 50% starf sálfræðings við sálfræðiþjónustu fyrir fullorðna 18 ára og eldri og 50% starf sálfræðings barna hjá Heilsugæslunni Firði.**

**Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2018.**

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt hjúkrunarfræðingum, barnalækni, ljósmóður og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is) .

Sálfræðingar starfa í þverfaglegu teymi með læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru fagfólki á heilsugæslustöð. Um er að ræða krefjandi störf í skemmtilegu starfsumhverfi sem er í stöðugri þróun.

## *Sálfræðingur barna*

Laust er til umsóknar 50% starf sálfræðings fyrir börn við Heilsugæsluna Fjörð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september eða eftir nánara samkomulagi.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

Móttaka barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra sem hefur verið vísað til sálfræðings vegna geðræns vanda.

Viðkomandi starfar í teymi með læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru heilbrigðisstarfsfólki á heilsugæslustöðinni og í náinni samvinnu við skóla og félagsþjónustu á svæðinu.

### *Hæfnikröfur*

- Starfsleyfi frá landlækni er skilyrði
- Reynsla af greiningu og meðferð barna og unglinga með geðrænan vanda
- Þekking og reynsla af gagnreyndum aðferðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð
- Faglegur metnaður og áhugi á uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnarmiðuð nálgun í starfi
- Reynsla og áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Mikil samskiptahæfni, lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta

## *Sálfræðingur fyrir fullorðna*

Laust er til umsóknar 50% starf sálfræðings fyrir fullorðna 18 ára og eldri við Heilsugæsluna Fjörð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september eða eftir nánara samkomulagi.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Sálfræðiþjónusta fyrir einstaklinga 18 ára og eldri
- Greining, mat og meðferð á geðrænum vanda, gagnreynd sálfræðmeðferð og ráðgjöf
- Einstaklings- og hópmeðferð
- Námskeiðahald, ráðgjöf og fræðsla
- Handleiðsla og þjálfun nema í klínískri sálfræði
- Þátttaka í þróun og uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir s.s. Landspítala og félagsþjónustu
- Önnur tilfallandi verkefni eftir þörfum

### *Hæfnikröfur*

- Starfsleyfi frá landlækni er skilyrði
- Reynsla af greiningu og meðferð fullorðinna með geðrænan vanda
- Þekking og reynsla af gagnreyndum aðferðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð
- Faglegur metnaður og áhugi á uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla og áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Mikil samskiptahæfni, lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta

### *Nánari upplýsingar*

- Guðrún Gunnarsdóttir, s. 513-5400, gudrun.gunnarsdottir@heilsugaeslan.is
- Agnes Sigríður Agnarsdóttir, s. 513-5000, agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun*


Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


# Gólflausnir Malland ehf. óskar eftir starfsmönnum

**Gólflausnir Malland ehf. Steinhellu 17b, Hafnarfiði** óskar eftir starfsmönnum í gólflagningarstörf. Um er að ræða framtíðarstörf. Boðið er upp á góða tekjumöguleika. Leitað er eftir hraustum einstaklingum eldri en 18 ára og hafa áhuga á mikilli vinnu. Umsækjendur skili inn umsóknum á kristinn@malland.is

Gólflausnir Malland ehf. Steinhelli 17b, Hafnarfirði are seeking for workers for industrial flooring installations. We are seeking for long term workers. Good salary for good workers. We are looking for healthy persons not younger than 18 years old. Please contact kristinn@malland.is.

Gólflausnir Malland ehf. Steinhellu 17b, Hafnarfirði zatrudni pracowników do instalowania podlóg przemyslowych i mieszkaniowych. Wiek min. 18lat. praca na pelny etat. Tylko powazne oferty. Kontakt: kristinn@malland.is

GÓLFLAUSNIR MALLAND

**Steinhellu 17 b, Hafnarfirði**

GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

# Staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn er laus til umsóknar

Í skólanum eru 230 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi sem endurspeglast í einkunnarorðum skólans sem eru: Vinátta, virðing og velgengni. Starfsfólk og nemendur skólans vinna að metnaði að aukinni umhverfisvitund og minnkun matarsóunar. Húsnæði skólans er afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum, en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálum af miklum myndugleik. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu, skýrri sýn á skólastarf og leggur áherslu á vellíðan og árangur allra sem í skólanum starfa, nemenda jafnt sem starfsmanna.

**Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:**

- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Bera ábyrgð á félagsstarfi nemenda innan skólans og hafa umsjón með tómstundastarfi og lengdri viðveru nemenda.
- Hafa yfirumsjón með framkvæmd sjálfsmats.
- Veita markvissa kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna.
- Annast skipulagningu forfalla og skráningu þeirra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða.
- Farsæl stjórnunar- og kennslureynsla.
- Góðir skipulagshæfileikar og lipurð í samskiptum.
- Reynsla af umsjón með innra mati/sjálfsmati grunnskóla æskileg.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á skólaþróun.

Umsókninni skal fylgja ferilskrá um störf umsækjanda, menntun og stjórnunarreynslu og nöfn tveggja umsagnaraðila. Einnig skal fylgja greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um skólastarf og tilgreina þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfinu.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2018 eða síðar eftir samkomulagi. Umsækjendur skili umsókn í tölvupósti á netfangið olina@olfus.is fyrir miðvikudaginn 4. júlí 2018.**
**Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar íslenskra sveitarfélaga. Nánari upplýsingar um starfið veitir: Ólína Þorleifsdóttir verðandi skólastjóri, olina@olfus.is, s. 861 1732.**

**Umsóknarfrestur er til 2. júlí**



# Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að öflugum stjórnendum

## Lausar eru til umsóknar tvær stöður skrifstofustjóra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða og bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi skrifstofunnar. Í því felst stjórnun mannauðs og verkefna, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðasetning og mat á árangri. Lögð er áhersla á gott samstarf innan og utan ráðuneytisins. Í fjármála- og efnahagsráðneytinu eru sex fagskrifstofur og eitt stoðsvið sem saman mynda sterka heild. Um 90 einstaklingar skipa starfslið ráðuneytisins, flestir háskólamenntaðir. Meðalaldur starfsfólks í ráðuneytinu er 46 ár og kynjahlutfallið er jafnt.

Helstu verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins eru að tryggja stöðugleika og efnahagslega velsæld í íslensku samfélagi. Ráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisfjármála og efnahagsmála og markar stefnu og gerir áætlanir á þessum sviðum. Ráðuneytið fer með mannauðsmál ríkisins, vinnur að umbótum í ríkisrekstri og fer með eignamál þess.

**Skrifstofustjóri skrifstofu skattamála**

Skrifstofa skattamála mótar stefnu fyrir tekjuöflun ríkisins og annast mótun og undirbúning laga- og reglusetningu á því sviði með hliðsjón af stefnumótun ríkisfjármála og efnahagsmálum almennt. Skrifstofan undirbýr setningu heildarmarkmiða fyrir tekjuöflun ríkissjóðs og setur fram langtímaáætlanir um þróun tekna í samvinnu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins. Á skrifstofunni er umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga ár hvert og þar er samtímaeftirlit með innheimtu og þróun einstakra skatt- og tekjustofna. Auk þess sinnir skrifstofan undirbúningi tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga við önnur ríki. Á skrifstofu skattamála eru 14 starfsmenn. Skipað verður í embættið frá 1. janúar 2019.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun skilyrði.
- Leiðtogahæfileikar, góð samskiptafærni og uppbyggilegt viðmót.
- Þekking á opinberum fjármálum og hagstjórn er æskileg.
- Þekking og reynsla á málefnasviðum skrifstofunnar er æskileg.
- Þekking og áhugi á opinberri stjórnsýslu.
- Frumkvæði, metnaður og vilji til að leiða fram árangur liðsheildar.
- Hæfni til að miðla upplýsingum með skýrum hætti.
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli.

**Skrifstofustjóri skrifstofu fjármálamarkaðar**

Skrifstofa fjármálamarkaðar tekur til starfa 1. júlí 2018 í samræmi við nýtt skipulag ráðuneytisins. Skrifstofan annast málefni fjármálamarkaðar og undirbýr laga- og reglusetningu á því sviði. Skrifstofan sinnir málefnum sem varða fjármálastöðugleika og viðbúnað vegna erfiðleika eða áfalla í fjármálakerfinu. Auk þess fer skrifstofan með málefni Fjármálaeftirlitsins og málefni er varða lífeyrissjóði, almenna löggjöf um starfsemi þeirra og stjórnsýsluverkefni sem af henni leiða. Á skrifstofu fjármálamarkaðar eru 10 starfsmenn. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði eða önnur háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar, góð samskiptafærni og uppbyggilegt viðmót.
- Þekking og reynsla á málefnasviðum skrifstofunnar er æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og vilji til að leiða fram árangur liðsheildar.
- Þekking og áhugi á opinberri stjórnsýslu.
- Hæfni til að miðla upplýsingum með skýrum hætti.
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli.

**Nánari upplýsingar um störfin er á starfatorg.is og á hagvangur.is.**

Sérstök hæfnisnefnd, skipuð þremur einstaklingum, mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra. Um fullt starf er að ræða. Um embættin gilda lög nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um launakjör fer eftir kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Skipað verður í embættin til fimm ára í senn. Nánari upplýsingar veita Aldís Stefánsdóttir, aldis.stefansdottir@fjr.is, og Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.

Umsókn skal fylgja ítarlegt kynningarbréf ásamt rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna embættinu. Einnig ferilskrá og upplýsingar um starfsheiti. Sótt er um starfið á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is. **Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2018.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Ný tækifæri, nýjar áskoranir!



www.hagvangur.is

HAGVANGUR

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða skólastjóra við Ölduselsskóla

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Ölduselsskóla.**
Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli í Breiðholti með um 460 nemendur í 1.-10. bekk. Einkunnarorð skólans eru færni, virðing og metnaður og áhersla er lögð á að starfsmenn og nemendur sýni metnað í starfi, geri kröfur til sjálfs sín, leitist við að bæta færni sína á sem flestum sviðum og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu. Skólastarfið einkennist af öflugri kennslu í bóklegum og verklegum greinum, teymiskennslu og mikilli samvinnu kennara sem miðar að því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, styrkja samskipti innan nemendahópsins og skapa metnaðarfullt námsumhverfi án aðgreiningar. Unnið er eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og verið er að innleiða Uppbyggingarstefnuna – uppeldi til ábyrgðar. Ölduselsskóli tekur þátt í þróunarverkefnunum „Heilsueflandi Breiðholt" og „Læsi allra mál". Skólinn státar af fjölmenningarlegu umhverfi og við skólann starfar öflugt foreldrafélag með langa sögu.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2018.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélag Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. **Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

### Embassy clerk

The Embassy of Japan seeks a capable, responsible and flexible person for the position of Office Clerk.
Starting on 27th August ,2018(negotiable) with a contract renewal every two years.

Requirements:
- University degree
- Language skills in English and Icelandic (both written and spoken)
- Proficient use of computer/internet
- Good research and analytical skills
- Good knowledge of Iceland
- Good communication skills

Deadline for application: 15th July,2018

If interested, please send your CV in English to:
Embassy of Japan
Laugavegur 182, 105 Reykjavik
Tel: 510-8600
e-mail: japan@rk.mofa.go.jp

---




Vegna mikilla anna er laust starf snyrtifræðings á snyrtistofu og spa.
Þarf að búa yfir reynslu og ríkri þjónustulund.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá, mynd og umsagnaraðilum til thorny@bluelagoonspa.is fyrir 30. júní.

HREYFING

---

SAMSKIP



## > Sölufulltrúi í innflutningsdeild

**Innflutningsdeild veitir heildarþjónustu í innflutningi til Íslands. Sölufulltrúi sér um sölu á þjónustu Samskipa vegna innflutnings, gerir söluáætlanir og sinnir tilboðsgerð.**

**Starfssvið**
- Sala og kynning á þjónustu Samskipa til fyrirtækja (B2B) í innflutningi
- Þátttaka í og eftirfylgni með markaðs- og söluáætlunum
- Þátttaka í tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun á háskólastigi æskileg
- Reynsla af sölustörfum er nauðsynleg
- Sjálfstæði og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

**Eiginleikar**
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskipti
- Kappsemi, frumkvæði og metnaður
- Rík þjónustulund

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, hæfni og eiginleika.

Umsóknarfrestur er til og með **24. júní nk.**
Sótt er um starfið á vef okkar www.samskip.is og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SIA / NM88788

---

## Seltjarnarnesbær
### Laus störf

**Grunnskóli Seltjarnarness,** starfsfólk óskast í eftirtalin störf frá hausti 2018:
- **Nýbúakennsla,** fullt starf.
- **Umsjónarkennari,** fullt starf.
- **Stuðningsfulltrúar,** fullt starf og hlutastörf.

**Leikskóli Seltjarnarness,** starfsfólk óskast frá 1. ágúst nk.:
- **Deildarstjóri,** fullt starf.
- **Leikskólakennarar,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi,** fullt starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 16. júlí næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Jafnlaunaúttekt PwC 2018

SELTJARNARNESBÆR

**seltjarnarnes.is**

BÓKUN tripadvisor




## We're hiring for a fast global expansion

What kind of people are we looking for? If you're energetic, ambitious and thrive in a fast-paced environment, you could be the perfect fit for our fast-growing team!

### Location

Reykjavik, Iceland

### Working language

Mainly English

### Salary

Comprehensive compensation package (with base, bonus & equity) + amazing benefits

### How to apply

https://boards.greenhouse.io/tripadvisor/jobs/1206602

### Application deadline

June 28th, 2018

## We're looking for 15 Training and Support Specialists who will...

- Demo the Bokun system to new potential customers
- Onboard clients and set up new accounts
- Provide end-user application support via chat, phone and email
- Produce support material for customers, both in text and as videos
- Develop an extensive working knowledge of the Bokun product suite
- Troubleshoot issues reported by customers and provide solutions
- Facilitate problem-solving between end-user and Bokun's development staff
- Communicate technical information in non-technical terms

*Experience of online booking platforms in the attractions space is an advantage*

## We're also looking for 15

- Backend Engineers (Java)
- Frontend Engineers (React)
- UX/UI Designers
- DevOps Systems Engineer with Linux experience in AWS
- API experts / evangelists (documentation, support, sample applications)
- QA Engineers

## Why work for Bokun and TripAdvisor?

Exceptional career opportunities, incredible perks and benefits, and smart and collaborative co-workers: the list of reasons to join us at Bokun and TripAdvisor goes on and on. As one of the most recognisable brands in the world, millions of people love using our sites—and we love making their experience the best it can be! Come work for the world's largest travel site and you'll see what we mean.

**We take pride in employing top-quality and fun professionals!**

**We're open to applications from anyone who believes they meet our criteria.**

**All applications will be treated confidentially.**

# Ráðgjafi, opinn fyrir tækni

**Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða sölufulltrúa / ráðgjafa sem er til í að verða einn af okkar úrvals sérfræðingum í þeim raf- og rafeindatækjum sem fyrirtækið selur. Starfið felst í ráðgjöf, sölu og þjónustu raf- og rafeindatækja, sbr. aðgangskerfa (fyrir hótel, fyrirtæki og einstaklinga), dyrasíma, rafsegla, rafeindastýrðra læsinga ofl.**

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar er æskilegt
- Gott vald á ensku. Vald á Norðurlandamáli (sænsku, dönsku eða norsku) er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt og skipulega undir álagi, þjónustulund, góð framkoma, stundvísi og frumkvæði.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Hreint sakavottorð

**Umsóknir með ferilskrá sendist á bjorn@vv.is fyrir 20. júní**

Vélar og verkfæri var stofnað árið 1942 en á sér sögu aftur til ársins 1919. Fyrirtækið er rótgróið og traust fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið framúrskarandi fyrirtæki 8 ár í röð. Fyrirtækið selur hágæðavörur frá leiðandi framleiðendum eins og Assa Abloy, Axa, Bahco, Chamberlain, Dorma, d line, Frost, Mul-t-lock, Panasonic, Randi, Yale ofl.

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogur 1 C · 104 Reykjavík · Sími: 550 8500 · Fax 5508510 · www.vv.is

# SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTUGREININGU

**Leitum að öflugum sérfræðingi í eftirliti með lífeyris- og vátryggingamarkaði**

Hlutverk lífeyris- og vátryggingasviðs er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða og vátryggingafélaga. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi eftirlitsskyldra aðila á grundvelli gagnaskila auk framkvæmdar áhættumats, eftirliti með áhættustýringu og greiningarvinnu.

Um er að ræða fjölbreytt starf með áherslu á markaðsáhættu lífeyrissjóða og vátryggingafélaga og gjaldþoli vátryggingafélaga. Starfið felur í sér virka þátttöku í hópi sérfræðinga, samskipti við eftirlitsskylda aðila og alþjóðlega samvinnu.

## Starfssvið

- Mat og eftirlit með markaðsáhættu á lífeyris- og vátryggingamarkaði
- Þróun og eftirfylgni áhættumats varðandi markaðsáhættu
- Þróun og framkvæmd viðmiða Fjármálaeftirlitsins
- Greining á stöðu, aðferðafræði, innri ferlum og áhættustýringu með áherslu á markaðsáhættu
- Samvinna á vettvangi gjaldþols, endurkaupaáætlana og gagnaskila vátryggingafélaga
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi
- Önnur verkefni sem tengjast áhættugreiningu

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegu
- Viðeigandi þekking og reynsla á fjármálamarkaði, starfsemi lífeyrissjóða og vátryggingafélaga einkum á sviði áhættugreiningar
- Reynsla og þekking á markaðsáhættu ellegar hæfileiki til að greina þá áhættu
- Reynsla og þekking á gjaldþoli og gjaldþolsliðum vátryggingafélaga
- Þekking á reikningshaldi er kostur
„Það var svo alltaf hugmyndin að flytja aftur til Íslands. Við Guðrún erum búin að vera á flakki svo lengi. Fjölskylda hennar er hér og vinir. Líka hluti af minni. Loksins getum við keypt húsgögn og hengt upp myndir á veggi. Hún fékk vinnu sem forstöðumaður hjá Icelandair. Ég vinn hjá SidekickHealth sem er frumkvöðlafyrirtæki í heilsutækniiðnaði,“ segir Leifur sem stýrir þróun á lífsstílsprógrömmum hjá fyrirtækinu.

„Þetta er skemmtilegur vinnustaður og varan er mögnuð. Allir möguleikar tækninnar nýttir til að aðstoða fólk við að lifa heilbrigðu lífi. Aðalvaran hjá okkur er 16 vikna lífsstílsþjálfun sem hjálpar fólki að bæta heilsu og líðan og fást við skert sykurþol, sykursýki, offitu og ýmsa aðra lífsstílstengda kvilla. Nálgunin er heildstæð. Hreyfing, mataræði og líðan.“

### 40 klukkustunda ferðalag

Leifur segir margt líkt með Nýja-Sjálandi og Íslandi. „Stundum segir fólk að Nýja-Sjáland sé Ísland á sterum. Þar eru enda líka hverir og eldfjöll. En þar eru líka regnskógar og milt veðurfar,“ segir Leifur og horfir út um gluggann. „Ég held ég hafi ekki séð heiðan himin í heilan mánuð hér,“ segir hann og hlær. „En það er allt í lagi því það sem heillar mig mest við Ísland eru annars konar lífsgæði. Ég kann til dæmis að meta hugarfarið. Hér trúir fólk því að það geti allt sem hugur þess stendur til. Og því tekst það. Í leiklist, tónlist og íþróttum. Það er ótrúlegt að fylgjast með þessu,“ segir Leifur.

Það tekur um 40 klukkustundir að ferðast til Nýja-Sjálands. Honum finnst það lítið mál. „Ég er svo vanur löngum ferðalögum frá unga aldri. Reyndar eru fjölbreyttari möguleikar í flugi núna. Ferðalagið heim til Wellington verður sífellt auðveldara. En fyrir mér er heimurinn lítill,“ segir Leifur sem segist vel geta hugsað sér fleiri verkefni í kvikmyndaiðnaði.

„Ég ætla að halda áfram að vera opinn fyrir ævintýrum og nýjum hlutum. Það er ekkert gefið, allt getur gerst. Mér finnst líka gaman í vinnunni og að þróa þjónustu sem hefur góð áhrif á heilsu og líðan fólks.“



frettabladid.is fer með þér á HM!
frettabladid.is mun færa landsmönnum fréttir daglega frá HM í Rússlandi.
Fréttir og beinar textalýsingar
Stemningin í máli og myndum
Viðtöl og margt fleira!
FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttir
Markaðurinn
Sport
Lífið
Skoðun
Glamour
HM 2018 í Rússlandi
Jóhann Berg á æfingunni í dag. Fréttablaðið/Eyþór
Jóhann Berg Guðmundsson segir íslenska HM-hópinn ekki hafa yfir neinu að kvarta í Rússlandi.
„Þetta er mjög fínt. Hótelið gott og ekkert til að kvarta undan," sagði Jóhann Berg fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í dag.
Nokkuð vindasamt er í Kabardinka í dag. Jóhann Berg segir að íslensku landsliðsmennirnir kippi sér lítið upp við það, enda séð það svartara.
„Við erum vanir þessu. Þetta er bara flott. Við kvörtum ekki yfir smá vindi," sagði Jóhann Berg sem segir að íslensku landsliðsmennirnir drepi tímann á hótelinu m.a. í leikherberginu. „Við erum með borðtennis- og billjardborð og stóran skjá þar sem við getum séð myndir. Það er fullt sem við getum gert."
Það styttist óðum í leikinn gegn Argentínu, fyrsta leik Íslands á HM frá upphafi. Jóhann Berg segir að íslensku leikmennirnir
FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttir
Markaðurinn
Sport
Lífið
Skoðun
Glamour
Allir flokkar
SPORT
HM 2018 í Rússlandi
„Spennustigið magnast með hverjum degi"
Alfreð Finnbogason er vongóður um að byrja gegn Argentínu í Moskvu. Hann segist eiga erfitt með að stjórna spennustiginu en aðstæðurnar í Rússlandi séu til fyrirmyndar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook
FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um sundkeppni.



1. júní 1988, Linda Pétursdóttir bregður á leik í Laugardalslaug. MYND/LJÓSMYNDASAFNIÐ.

# Beygja, kreppa, sundur, saman…

Fyrir hálfri öld, nánar tiltekið þann fyrsta júní árið 1968, var Laugardalslaug í fyrsta sinn opnuð reykvískum almenningi. Sumarið áður hafði þó sundmeistaramót Íslands farið fram í lauginni og árið 1966 var haldið þar alþjóðlegt sundmót. Með vígslunni 1968 gátu reykvískir sundgarpar hins vegar stungið sér til sunds eða látið líða úr sér þreytuna í heitum pottum hinnar nýju laugar, sem ætlað var að gæti sinnt nálega þúsund gestum í einu. Fyrir vikið varð sprenging í sundferðum Reykvíkinga sem fjölgaði um nálega 60% í einu vetfangi.

Byggingarsaga Laugardalslaugar var löng og ströng. Rétt norðan hennar stóðu gömlu sundlaugarnar, þar sem nokkrar kynslóðir Reykvíkinga lærðu að synda frá ofanverðri nítjándu öld. Þegar hugmyndir um byggingu sundhallar í Reykjavík komu fram á þriðja áratugnum, kom vel til álita að hún risi á þeim slóðum, en að lokum varð úr að dæla heita vatninu fremur til bæjarins og byggja Sundhöllina þar. Framkvæmdir við mannvirkið töfðust vegna heimskreppunnar, en árið 1937 tókst loks að vígja Sundhöllina við Barónsstíg, sem þar með varð aðalvettvangur sundlífs höfuðstaðarins næstu árin.

Um 1950 var ákveðið að Laugardalurinn skyldi verða framtíðaríþróttamiðstöð Reykjavíkur með íþróttaleikvangi, stóru íþróttahúsi, almenningssundlaug og annarri skyldri starfsemi. Einar Sveinsson, húsameistari Reykjavíkur, teiknaði Laugardalslaugina árið 1954 og jarðvegsframkvæmdir hófust þegar sama ár, þótt ekki tækist að ljúka verkinu fyrr en fjórtán árum síðar.

Laugardalslaug var að sönnu hönnuð af metnaði, enda á tímum þar sem sundáhugi landsmanna var í sögulegu hámarki. Skyldunám í sundi hafði verið leitt í lög á stríðsárunum og kaupstaðir landsins komu sér upp veglegum sundlaugum einn af öðrum. Einna stærstan þátt í vitundarvakningunni átti þó Norræna sundkeppnin sem fangaði hug og hjörtu landsmanna í tvígang á sjötta áratugnum.

### Keppnisskap

Fyrsta Norræna sundkeppnin mun hafa verið haldin árið 1949, en þá aðeins með þátttöku Dana, Svía, Norðmanna og Finna. Um var að ræða lýðheilsuátak þar sem markmiðið var að fá sem flesta einstaklinga til að synda 200 metra og skipti tíminn þar engu máli. Urðu Finnar hlutskarpastir í þessari fyrstu keppni.

Ekkert bendir til að Íslendingum hafi verið boðið að vera með í þessari frumraun, en væntanlega hafa fregnir af þessari skemmtilegu keppni borist hingað til lands og þegar farið var að leggja grunn að næstu sundkeppni tveimur árum síðar höfðu Íslendingar slegist í hópinn.

Skipuleggjendum Norrænu sundkeppninnar var nokkur vandi á höndum þegar kom að þátttöku Íslendinga. Sundiðkun var afar mismunandi milli Norðurlandanna og aðgengi að almenningslaugum sömuleiðis. Íslendingar voru hins vegar í algjörum sérflokki í þessum efnum og því ljóst að líta yrði til annarra þátta en höfðatölureglunnar sívinsælu við stigaútreikninga. Því var gripið til þess ráðs að láta skipulagsnefndir keppninnar í hverju landi áætla mögulega þátttöku og út frá því var reiknuð út ákveðin deilitala. Deilitala Íslands varð mjög há og því ljóst að hlutfallslega þátttaka landsmanna þyrfti að verða talsvert hærri en hinna þjóðanna ef sigur ætti að vinnast.

Mörgum Íslendingum reyndist erfitt að skilja stærðfræðina á bak við reikniformúlur keppninnar og töldu þetta til marks um ranglæti stórþjóðanna. Þar var þó huggun harmi gegn að Íslendingar fengu leyfi til að hefja keppni fyrr að sumrinu en hinar norrænu þjóðarinnar. Var hugsunin sú að missa ekki allt ungviðið úr bæjunum í sveitina á meðan á sundkeppninni stæði.

Keppnistímabil Íslendinga var frá 20. maí til 10. júlí og hófst með mikilli viðhöfn. Morgunblaðið gerði keppnina að umfjöllunarefni í leiðara og gerðist ritstjórinn harla háfleygur: „Á því fer vel að hinar friðsömu menningarþjóðir Norðurlanda skuli nú, á tímum mikillar óvissu um frið og öryggi í heiminum efna til drengilegrar keppni sín á milli í fagurri og glæsilegri íþrótt, sem á komandi tímum mun eiga sinn þátt í að efla heilbrigði, líkamlega og andlega hreysti norrænna manna. – Til þess stendur allur hugur þessara þjóða.“

En þrátt fyrir skrúðmælgina um norræna samkennd og vinarþel, var alveg ljóst að Íslendingar ætluðu sér sigur og ekkert annað. Löngu áður en keppnin hófst birtust greinar í dagblöðum þar sem viðvaningar í sundi voru hvattir til að sækja námskeið til að komast 200 metrana og leggja þannig sitt af mörkum fyrir þjóðina. Síðar voru vinnuveitendur hvattir til að gefa starfsfólki sínu frí á vinnutíma til að skella sér í laugina og safna stigunum dýrmætu.

Til að auka enn á stemninguna og keppnisskapið var efnt til bæjarkeppni milli Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar – þar sem það sveitarfélag hreppti glæsilegan bikar sem næði bestu þátttökuhlutfalli. Frameftir sumri birtust svo reglulegar fréttir af þátttöku í einstökum bæjum, auk þess sem elstu og yngstu sundgarparnir voru nafngreindir.

### Glæstur sigur

Um 25% landsmanna þreyttu sundið og þegar tölur hinna Norðurlandaþjóðanna lágu fyrir um haustið komu yfirburðir Íslendinga í ljós. Næstmest þátttakan var í Finnlandi, þar sem um 4% þjóðarinnar synti. Danir og Svíar náðu um það bil 2% hvor þjóð og einungis einn af hverjum hundrað Norðmönnum lagði 200 metrana að baki. Hin illa þokkaða deilitala hafði engin áhrif á lokastöðuna, slíkt var forskot Íslands.

Óhætt er að segja að þjóðin hafi verið í sigurvímu. Verðlaunabikarnum, sem Noregskonungur hafði gefið til keppninnar, var fundinn staður á Þjóðminjasafninu. Og viðurkenningarskjöl með nöfnum þeirra 36.037 Íslendinga sem luku sundinu voru bundin inn í leður og fylltu þau fjórtán bindi. Ísland hafði rækilega jafnað um frændþjóðirnar á sundsviðinu!

En vandi fylgir vegsemd hverri. Þremur árum síðar, 1954, var Norræna sundkeppnin haldin að nýju og nú þurftu landsmenn að verja titilinn. Frá upphafi var ljóst að það yrði þrautin þyngri. Reglurnar voru nefnilega á þá leið að sú þjóð teldist sigra sem bætti mest þátttöku sína hlutfallslega. Sundleiðtogar þjóðarinnar voru þó borubrattir og stefndu á mikla aukningu. Var markið sett á 40% landsmanna!

Sundkeppnin fór prýðilega af stað á Íslandi. Líkt og verið hafði þremur árum fyrr bauðst öllum þeim sem luku 200 metrunum að kaupa sér viðurkenningarmerki og að þessu sinni rann hluti fjárhæðarinnar til skáklandsliðsins sem var á leið í keppnisferð til útlanda.

Eftir því sem leið á sumarið varð þó ljóst að bjartsýnustu áætlanir myndu ekki ganga eftir. Nærri 6% fleiri Íslendingar syntu 1954 en verið hafði 1951, en að teknu tilliti til fólksfjölgunar nam aukningin varla tveimur prósentum. Svíar hrepptu verðlaunin út á 2,1% þátttöku, sem Íslendingum þótti varla upp í nös á ketti – þótt vissulega væri það talsverð hlutfallsleg aukning frá 1,8% þremur árum fyrr.

Ekki fór hjá því að sumum landsmönnum þættu þeir hafðir að fífli. Dagblöðin voru vissulega dugleg við að minna á að allt væri þetta til gamans gert og í heilsubótarskyni, en tilfinningin um pretti nágrannaþjóðanna og reglur sem sérstaklega beindust gegn Íslendingum náðu að grafa um sig.

### Neistinn horfinn

Næst var efnt til Norrænu sundkeppninnar sumarið 1957, en áhugi Íslendinga hafði stórlega dvínað. Spenningurinn í dagblöðunum var miklu minni en fyrri skiptin og minna bar á metingi milli einstakra bæjarfélaga varðandi þátttöku. Íslendingar skiluðu sem fyrr langhæsta þátttökuhlutfallinu, en það féll þó um þriðjung á sama tíma og Svíar juku hlut sinn verulega og vörðu titilinn.

Sama sagan endurtók sig í næstu keppnum. Á þriggja ára fresti stungu Norðurlandabúar sér til sunds og í hvert sinn urðu lyktir mála þær að Ísland náði langmestu þátttökunni, en varð af titlinum vegna þess að einhver hinna þjóðanna náði meiri hlutfallslegri bætingu. Í hvert sinn mögluðu íslenskir íþróttafréttamenn yfir heimskulegum reglum, en með tímanum fóru landsmenn að taka óréttlætinu eins og hverju öðru hundsbiti og fréttirnar af úrslitum keppninnar urðu að hálfgerðri neðanmálsgrein í blöðum.

Nýjar reglur Norrænu sundkeppninnar voru samþykktar fyrir árið 1972. Í stað þess að telja aðeins þá einstaklinga sem syntu 200 metrana, var gerð sú grundvallarbreyting að þátttakendur máttu synda eins oft og þeir vildu (en þó ekki nema einu sinni á dag) til að safna stigum. Keppnistímabilið var sömuleiðis lengt og varði í meira en hálft ár.

Mikil vakning var á sviði almenningsíþrótta um þessar mundir. Landsmenn voru hvattir til hvers kyns líkamsæfinga sem voru einu nafni kallaðar „trimm“ og fengu þau sem syntu 200 metrana ákveðið oft (t.d. 25 eða 50 sinnum) leyfi til að kaupa sérstök viðurkenningarmerki. Keppnisskapið vaknaði á ný hjá Íslendingum. Dagblöðin birtu viðtöl við fólk sem synti 200 metrana upp á hvern einasta dag og röktu svimandi þátttökutölurnar. Yfirburðir Íslendinga urðu enda algjörir og skyndilega tók þjóðin keppnina aftur í sátt.

En endalokin voru skammt undan. Skipulagning Norrænu sundkeppninnar árið 1975 mistókst hrapallega hér á landi og þátttakan hrundi. Annars staðar á Norðurlöndunum komust menn að þeirri niðurstöðu að keppnin hefði gengið sér til húðar og var hún lögð niður. Árið 1984 var hún endurvakin, en í það sinnið hafði bæst við ný keppnisþjóð sem kunni jafnvel enn betur en Íslendingar að nýta sér kosti höfðatölureglunnar. Færeyingar reyndust allra þjóða sundglaðastir og hrepptu titilinn. Lauk þar með rúmlega þriggja áratuga stormasömu sambandi Íslendinga við Norrænu sundkeppnina.

# BAUHAUS®

## Varanleg verðlækkun á grillum og grillfylgihlutum!

**Eins og alltaf er markmið okkar að geta boðið lágt verð, við fylgjumst vel með hvað samkeppnisaðilar okkar gera og lækkum okkar verð, ef við komumst að því að þeirra verð er lægra. Við erum stolt af að geta boðið upp á eitt mesta úrvalið á markaðnum, bæði hvað varðar fjölda vörunúmera og merkja.**




weber

### Gasgrill Genesis® II E-310 GBS

3 ryðfríir brennarar, 11,0 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Grillflötur 68 x 48 cm, efri grind 66 x 15 cm. Postulín-glerungshúðaðar bragðburstir(Flavorizer® bars). Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki. Hitamælir í loki. 4 hjól, þar af 2 læsanleg. Gaskútageymsla, fitusafnari og álbakki fyrir fitu. Þyngd 63 kg.

**Lágt verð, alltaf!**

**99.995,-**

## Við styðjum strákana okkar alla leið!

weber

### Gassgrill Q2200

Ryðfrír brennari, 3,51 kW/klst.
Grillflötur 54 x 39 cm.
Hitamælir í loki. Á fótum.

**Lágt verð, alltaf!**

**44.995,-**




BAUHAUS
Fagmenn í grilli



BAUHAUS Reykjavík - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is
Mánudaga–föstudaga kl. 8:00–19:00 • laugardaga kl. 10:00–18:00 • sunnu- og helgidaga kl. 10:00–18:00



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigþór Hákonarson**

lést af slysförum síðastliðinn miðvikudag. Útför verður auglýst síðar.

**Lilja Bragadóttir**
**Bragi Sigþórsson** **Guðrún Svava Hlöðversdóttir**
**Hörður Sigþórsson**
**Hákon Sigþórsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Pálsdóttir**
frá Reyni í Mýrdal, til heimilis að Klausturhólum, Kirkjubæjarklaustri,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum sunnudaginn 10. júní 2018. Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal fimmtudaginn 21. júní klukkan 13.

**Páll Jónsson** **M. Sigríður Jakobsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Sigurjón Árnason**
**Sigurlaug Jónsdóttir** **Ólafur Helgason**
**Sveinn Jónsson** **Jóna Svava Karlsdóttir**
**Jónatan G. Jónsson** **Valgerður Guðjónsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Jón E. Einarsson**
**Einar Jónsson** **Ágústa Bárðardóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Helga Aðalsteinsdóttir**
Austurbyggð 17 (Hlíð), Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. júní kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtökin í Hlíð.

**Sigurður Reynir Gunnarsson** **Erla Sveinsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**
**Birgir Skjóldal** **Guðlaug Guðjónsdóttir**
**Anna Bára Gunnarsdóttir** **Svanur Kristófersson**
**Gunnar Páll Gunnarsson** **Guðríður Sveinarsdóttir**
**Viðar Gunnarsson** **Arna Geirsdóttir**
**Garðar Gunnarsson**
**Harpa Hrönn Gunnarsdóttir** **Sigurður Ágústsson**
**Helga Skjóldal** **Guðmundur Ísidórsson**
**Gunnar Skjóldal Ómarsson** **Yvette Trolle Ómarsson**
**Aníta Gunnarsdóttir Skjóldal** **Benedikt Karlsson**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns, fósturpabba, tengdapabba, afa og frænda,

**Björgúlfs Andréssonar**
Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi.

**Hafdís Jónsdóttir**
**Gyða Margrét Pétursdóttir** **Matthías Hemstock**
**Ýmir, Elvin og Bragi**
**Anna Björg Sigurðardóttir** **Víglundur Ákason**
**Ragnhildur Hrund Sigurðardóttir**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Sverrir Einarsson


Margrét Á. Guðjónsd.


Kristín Ingólfsdóttir


Hannes Ó. Sampsted

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is**
**Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



**Tinna forstöðumaður, Aldís og Aðalheiður sýningarstjórar, og listamennirnir Unnar, Tumi, Þórdís J. og Sigurður.** MYND/HANNA CHRISTEL

# Samskiptatæknin þá og nú

## Sæsími og rafvæðing fyrir rúmum hundrað árum og sífellt hraðari samskipti nútímans er inntak sýningarinnar K A P A L L í Skaftfelli á Seyðisfirði sem fagnar 20 ára afmæli.

Sæstrengurinn var tengdur í land hér á Seyðisfirði 1906 og rafstöðin kom 1913. Nú eru allir beintengdir öllum heiminum gegnum lítið tæki sem þeir eru með í vasanum. Þessi þróun varð Aðalheiði Valgeirsdóttur myndlistarmanni og Aldísi Arnardóttur listfræðingi hugmynd að sýningunni K A P A L L sem er afmælissýning hér í Skaftfelli og verður opnuð í dag," segir Tinna Guðmundsdóttir, forstöðumaður menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells á Seyðisfirði.

Auglýst var eftir tillögum að afmælissýningunni. Rúmlega þrjátíu umsóknir bárust og K A P A L L var valin af fagráði miðstöðvarinnar, að sögn Tinnu. „Aðalheiður og Aldís eru sýningarstjórar og þær völdu listamennina Sigurð Guðjónsson, Tuma Magnússon, Unnar Örn, Þórdísi Aðalsteinsdóttur og Þórdísi Jóhannesdóttur. Þeir komu austur í rannsóknarferð í mars og skoðuðu meðal annars brotabrot úr upprunalega sækaplinum á Tækniminjasafninu hér. Margir urðu fyrir áhrifum af því."

Menningarmiðstöðin Skaftfell er 20 ára og Tinna segir hana fyrir löngu hafa sannað sig sem einn af máttarstólpum menningarlífs Austurlands. Hún rekur sögu hússins mun lengra, eða til 1907.

> **Hér eru mörg upprunaleg hús í kring sem verða vernduð líka, eins og svo mörg önnur hús á Seyðisfirði.**
>
> Tinna Guðmundsdóttir

„Þetta er norskt timburhús á þremur hæðum og stendur við Austurgötu. Það var stór hópur fólks sem kom að því að standsetja það eftir að góð hjón í bænum, Garðar Eymundsson og Karólína Þorsteinsdóttir, gáfu það undir menningarstarfsemi.

„Dieter Roth var með fyrstu sýningu hér 1996. Ári seinna var kominn upp hópur sem kallaði sig Skaftfellshópinn og þegar Dieter dó, árið 1998, var ákveðið að slá upp sýningu til minningar um hann. Þá hófst í raun regluleg starfsemi með stjórn og fundargerðaskrifum."

Tinna segir Skaftfell reisulegt hús og setja sterkan svip á götumyndina í suðurhluta bæjarins. „Hér eru mörg upprunaleg hús í kring sem verða vernduð líka, eins og svo mörg önnur hús á Seyðisfirði."

Listsýningar eru hjarta starfseminnar að sögn Tinnu. „Nú erum við að opna fjórar til sex sýningar á ári. Fjöldinn sem mætir er í kringum 5.000 manns. Ég væri alveg til í að hann væri meiri."

Gestavinnustofur er annar liður. „Hingað koma um 40 alþjóðlegir listamenn á ári og dvelja í að minnsta kosti mánuð. Við höldum vel utan um þá og hjálpum þeim að aðlagast þessu jaðarsvæði sem við búum á. Svona gestavinnustofur opna ýmsar dyr."

Samstarf Skaftfells við Listaháskólann komst á 2001 og námshópar hafa komið austur reglulega síðan að sögn Tinnu. „Ég var sjálf í slíkum hópi árið 2002," rifjar hún upp og kveðst aðspurð hafa flutt austur fyrir sex og hálfu ári. „Ég flutti úr 101 með fjölskylduna, við vorum föst í of litilli íbúð og höfðum ekki efni á að búa lengur í borginni." Hún segir ofboðslega gott að vera á Seyðisfirði. „Hér er listamannanýlenda og alltaf eitthvað að gerast, ég minni til dæmis á hátíðina LungA sem hefur verið fastur liður í áraraðir."

Sýningin K A P A L L stendur til 2. september. „Þá ætlum við að halda sýningu á verkum eftir Gunnlaug Scheving og Nínu Tryggvadóttur, það er liður í fræðsludagskránni okkar," upplýsir Tinna. „Við ætlum að bjóða austfirskum nemendum að koma og læra um Gunnlaug og Nínu, gera smiðju fyrir þá, það höfum við gert í mörg ár." **gun@frettabladid.is**



Konan mín og mamma okkar,

**Þórunn Guðnadóttir**

er látin. Útför hennar hefur farið fram. Starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Mörk verður aldrei fullþakkað fyrir einstaka umönnun hennar.

**Axel Kristjánsson**
**Guðni Axelsson**
**Kristín Axelsdóttir**
**Karl Axelsson**
**Sigríður Axelsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Björk Björgvinsdóttir**
Víðilundi 20, Akureyri,

lést föstudaginn 8. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Albert Ólafsson**
**Guðný Bergvinsdóttir** **Stefán Arnaldsson**
**Borghildur María Bergvinsd.**
**Þorgerður Bergvinsdóttir** **Valdimar Björn Davíðsson**
**og ömmubörnin.**



Myndir eru notaðar til að undirstrika söguna. Þessi er á horni Strandgötu og Norðurgötu.

# Sagan við hvert fótmál

Sex nýjar söguvörður voru nýlega vígðar á Oddeyrinni á Akureyri. Sú efsta er við Hof, hinar eru á gönguleiðinni niður Strandgötuna, eða ein varða á móts við hverja hliðargötu og sú neðsta í nágrenni við Gránufélagshúsin.

Söguvörðurnar eru liður í verkefni sem farið var í af tilefni 150 ára kaupstaðarafmælis Akureyrar árið 2012 og felst í gerð söguskilta í elstu bæjarhlutunum. Þau fengu nafnið söguvörður og hafa verið sett upp í nokkrum áföngum. Nú eru þau orðin sautján, þar af tvö í Grímsey, hin varða gönguleið milli þriggja elstu hverfa Akureyrar. Áherslan hefur verið lögð á að vekja áhuga vegfarenda á sögunni með texta eftir Jón Hjaltason sagnfræðing og gömlum ljósmyndum.

Skiltin eru öll með smartkóða (QR kóða) sem auðvelda þeim fróðleiksfúsustu sem eru með snjallsíma að sækja viðbótarfróðleik, auk þess sem þar er hægt að nálgast mynd af skiltunum. Sömu upplýsingar má líka finna með því að fara á heimasíðu Akureyrar www.visitakureyri.is. **gun@frettabladid.is**

---



Ástkær faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðbjörn Axelsson**
Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

lést á Borgarspítalanum þann 14. júní síðastliðinn. Innilegar þakkir til hjúkrunarfólks fyrir einstaka umönnun. Útförin fer fram fimmtudaginn 21. júní kl. 13 í Langholtskirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Elísabet Guðbjörnsdóttir** **Björn Jónasson**
**Axel Sæmann Guðbjörnsson** **Ólöf Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Magnúsdóttir**
Unufelli 23,

lést þann 9. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 21. júní kl. 15. Sérstakar þakkir til starfsfólks Seljahlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Inga Barbara Arthur** **Gunnar Rúnar Oddgeirsson**
**Linda Lou Arthur** **Stefán Stefánsson**
**Eggert Magnús Ingólfsson** **Margrét Þuríður Sverrisdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Ingibjörg Halldórsdóttir**
Stapavöllum 10, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 21. júní kl. 11.

**Halldór Reinhardtsson** **Þóranna Andrésdóttir**
**Anna Bjarnadóttir** **Ted Wahoske**
**Eiríkur Bjarnason**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Auðunn Snæbjörnsson**
vélfræðingur,
Sólheimum 23, Reykjavík,

lést á Landakoti 31. maí í faðmi fjölskyldunnar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ása Ásgeirsdóttir** **Guðvarður Halldórsson**
**Kristín Ásgeirsdóttir** **Viðar Örn Þórisson**
**Aðalsteinn Auðunsson**
**Engilbjört Auðunsdóttir** **Ólafur Teitur Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Jónsson**
rafvirkjameistari,
Freyvangi 20, 850 Hellu,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 5. júní. Útförin fer fram frá Oddakirkju föstudaginn 22. júní kl. 14.

**Esther Markúsdóttir**
**Svava Þuríður Árnadóttir**
**Jón Árnason**
**Sigurður Grétar Árnason**
**Sandra Árnadóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elínborg Kristjánsdóttir**
Dvalarheimilinu Höfða
(áður Þjóðbraut 1, Akranesi),

andaðist á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili mánudaginn 28. maí sl. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 21. júní kl. 13.

**Jón Kristján Traustason** **Sigríður Þórarinsdóttir**
**Kristný Lóa Traustadóttir** **Ólafur Óskarsson**
**Sigrún Traustadóttir** **Guðmundur Árnason**
**Dröfn Traustadóttir** **Þorsteinn B. Sigurgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, bróður og mágs,

**Vilhjálms Friðþjófssonar**
Gullsmára 7, Kópavogi.

**Herdís Eyþórsdóttir**
**Steinunn Erla Friðþjófsdóttir** **Björn Ingólfsson**
**Hallveig Friðþjófsdóttir** **Tonni Christensen**
**Jóna Lísa Þorsteinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Við sendum hjartans þakkir öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Jóns Þórarins Sveinssonar**
tæknifræðings og fyrrverandi forstjóra Stálvíkur, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir hlýtt viðmót.

**Þuríður Hjörleifsdóttir**
**Þórunn Jónsdóttir** **Jóhannes Halldórsson**
**Sveinbjörg Jónsdóttir** **Gunnar Jóhann Birgisson**
**Jón Þórarinn, Hulda Steinunn og Jón Björgvin**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Dóra Skúladóttir**
viðskiptafræðingur,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum, mánudaginn 11. júní. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13. Kærar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu á Nesvöllum.

**Þorvarður Brynjólfsson**
**Brynjólfur Þorvarðsson**
**Stefanía María Dórudóttir** **Malcolm Biggart**
**Ragnheiður Ásta Þorvarðard.** **Þórunn Guðjónsdóttir**
**Skúli Dór Þorvarðarson** **Veronica Thorvardarson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónatan Arnórsson**
frá Ísafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Þóra Benediktsdóttir**
**Kristjana Jónatansdóttir** **Guðmundur Bjarnason**
**Valur Benedikt Jónatansson** **Kristín B. Aðalsteinsdóttir**
**Arnór Jónatansson** **Kristjana Ósk Hauksdóttir**
**Þóra Jóna Jónatansdóttir** **Erlingur Jón Valgarðsson**
**Rúnar Már Jónatansson** **María Níelsdóttir**
**og afabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar

**Guðjóns Sveinbjörnssonar**
Leirubakka 30, 109 Reykjavík.

**Logi A. Guðjónsson** **Jóhanna G. Jóhannesdóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**
**Guðmundur Guðjónsson**
**Jón Ívar Guðjónsson**
**Björn S. Stefánsson** **Þorgerður Sigurjónsdóttir**
**Stella Stefánsdóttir** **Ásmundur Reykdal**
**Halldór Sigurðsson**
**Árný J. Guðmundsdóttir** **Jóhann T. Sigurðsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Jón Bjarni Finnsson**
pípulagningameistari,

verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju, miðvikudaginn 20. júní kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Hallbera Árný Ágústsdóttir**
**Matthildur Níelsdóttir** **Svanur Ingi Sigurðsson**
**Níels A. Guðmundsson** **Hanna María Harðardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS






# Áfram ÍSLAND!



**2.598** kr./stk.

**Iceland Treyja**
Allar stærðir

**598** kr. stk.

**Derhúfa**
HM 2018 - Ísland



**198** kr. stk.

**Íslenski fáninn**
50x70 cm

## Verslanir Bónus opnar á 17. júní

# 11-18

Lokað í Skútuvogi og Kringlunni



**198** kr. stk.

**Foam Hendi**
Ísland



**198** kr. stk.

**Ísland Banner**
Með sogskálum

Verð gildir til og með **17. júní** eða meðan birgðir endast.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.298**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

## NÝTT Í BÓNUS




AÐEINS AÐ HITA

**498**
kr. 500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**2.998**
kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddaðar

## NJÓTIÐ HELGARINNAR




Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita

**1 kg**

**1.598**
kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

Miðlærissneiðar
**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**2.598**
kr. kg

**Íslandslamb Lærissneiðar**
1. flokkur, kryddaðar




**198**
kr. 1 l

**Bónus Vanilluís,** 1 l
**Bónus Sorbet ís,** 1 l, 2 teg.

**NÝTT Í BÓNUS**
Alvöru súrdeigsbrauð

**ALLTAF NÝBAKAÐ**



**798**
kr. 500 g

**Bónus Súrdeigsbrauð**
500 g

**NÝTT Í BÓNUS**




**495**
kr. 140 g

**Sóma Ferskt Pestó**
140 g




**98**
kr. 500 ml

**AVA Aldinvatn**
500 ml, 2 teg.

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**PERSÓNUVERND**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirbæri sem sumum þykir prýði að en öðrum ekki. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. júní“.



**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Miðausturlönd í fortíð nútíð og framtíð** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét E. Jónsdóttir, Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Heldur sig stíft við hvítvínskúrinn eins og skarpar skvísur gera (9)
**8** Stelum rollu í stríði (6)
**11** Suddi í aðdraganda göngu leiðir til leifa (7)
**12** Fiskafjör gefur 300 stig í 12 fellum (9)
**13** Þigg ungviði í skiptum fyrir harðviðinn (6)
**14** Fordæmum franskt fornafn með musterisprestum (7)
**15** Langlengstu flétturnar birtust langt á eftir öllum hinum (9)
**16** Hér segir af máttlausum mættinum (6)
**17** Ósk um ökutæki og áburð við hæfi (7)
**18** Götulega leiðir til lauga (9)
**19** Grípa kjúkling fyrir félaga (6)
**21** Verða sljó ef gas umlykur þau við þessa tíru (7)
**22** Leikdraugur er aldrei kyrr (6)
**23** Innantóm dýrka þau Mammon og félaga (9)
**27** Áður óþekkt blikk fyrir aðsjál hjón (5)
**29** Sú sem trylltust er leitar einatt iðukasta (6)
**31** Safnar í sundraða kransa (6)
**35** Staldra við ef vindur blæs og útbrot birtast (8)
**38** Furða sig á fjólubleikum fíl (11)
**39** Verk nýliða er að leita skóga í fullum skrúða (10)
**40** Ræða um þyrpingar þústa í allra hæsta kantinum (11)
**41** Mig þyrstir svo í þrána (10)
**45** Brenni bæði kennara og kokk (12)
**47** Nú er tími Íós og Mána, sem alltaf mæta í Hörpu (11)
**48** Hef op við ásinn og tek alla tugguna (10)
**49** Yfirbragð ófriðar og átakatíma (9)

## LÓÐRÉTT

**1** Yrkir líka það sem sú artarlega yrkir (10)
**2** Snögg, buslið yfir botnleysuna (10)
**3** Hér segir af verslun með kjöt, grænmeti og grjót (10)
**4** Á efsta drangi er allt í lagi (10)
**5** Byrðar vals eru hinar nýju heysátur (11)
**6** Á hafi hins mikla og ógnvænlega máttar (11)
**7** Mölva hörkualdin án þar til gerðra tóla (11)
**8** Vinátta versins ræðst af stöðu viðhaldsins (11)
**9** Bjór, brunnur og ósaltur sjór – náttúrulega sprúðlandi blanda! (11)
**10** Sveik Una Mörð fyrir þessa plöntu? (7)
**20** Nicolai - fiskur eða frækinn tenór? (5)
**24** Segjum bara eins og er: Hér vantar allar pakkningar (11)
**25** Meistaraþjófur rekur grámóskuna úr Garðshorni (7)
**26** Gríp gjaldeyri og kaupi gott brauð og hollt (7)
**28** Verst ágangi frekra fóla með boga belgísks blaðasnáps (6)
**30** Þolfall mun fjölga þeim sem hrasa (8)
**32** Mun refsingin efla varpið? (10)
**33** Bátasundið er hvorki greið leið né greinileg (10)
**34** Er heiti Roðapolls dregið af blómum síkjamöru? (10)
**36** Ekkert rugl - við viljum ekki rettu heldur sætabrauð! (5)
**37** Toffi Tóta þótti líklegur til að verða að manni (9)
**42** Græið grúann (5)
**43** Hafði það gott við Bolafljót (5)
**44** Tappi sem þarf að titta (5)
**46** Þegar Adam fer í drag (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

## Skák Gunnar Björnsson



Jóhann H. Ragnarsson (TG) átti leik gegn Birki Karli Sigurðssyni (Breiðablik/Bolungarvík).
**Hvítur á leik**
**25. Rh5! Dxc2 26. Rf6+! gxf6 27. gxf6.** Þótt hvítur sé tveimur mönnum undir er svartur varnarlaus. Birkir reyndi **27.… Db1+** en gafst upp eftir **28. Kf2 Dxh1 29. Hxh1 Rh7 30. Hxh7! Kxh7 31. Dh2+.**
**www.skak.is:** Nýjustu fréttirnar.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### FÁIR NÁÐU SLEMMU

Íslandi hefur gengið ágætlega á EM í Ostende í Belgíu í opna flokknum. Liðið er nú í 7. sæti eftir 27 umferðir af 33 (þegar þessar línur eru skrifaðar) með 322,75 stig. Átta efstu þjóðirnar, í Evrópu, vinna sér keppnisrétt á HM. Mótinu lýkur í dag 16. júní. Liðið hefur unnið flesta leiki í opna flokknum en frændur okkar í Skandinavíu hafa reynst okkar verstu óvinir. Liðið hefur tapað öllum leikjunum gegn Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Landslið Ítala og Mónakó hafa, um árabil, verið meðal sterkustu þjóða heims. Þeir voru þó ekki fyrirstaða fyrir Ísland sem vann Mónakó 46-30 og Ítalíu með hvorki meira né minna en 49-1 impum (18,97-1,03). Landsliðum Íslands í kvennaflokki og heldri flokki (senior) gengur ekki eins vel. Bæði liðum gekk ágætlega framan af en kvennaliðið hefur mátt þola nokkur slæm töp í síðustu umferðum og er komið í botnbaráttuna. Heldra liðið er aðeins fyrir neðan miðjan flokk. Í leik opna landsliðsins við lið Ítalíu kom þetta spil fyrir. Langflestir í AV (sömu spil í öllum leikjum) spiluðu 4 hjörtu. En Aðalsteinn og Matthías voru ekki á því þrátt fyrir punktafæð. Suður var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ 86432
♥ 6
♦ 1063
♣ D653

**Vestur**
♠ ÁKD107
♥ 875
♦ 98
♣ 984

**Austur**
♠ 9
♥ ÁKD942
♦ ÁK752
♣ 10

**Suður**
♠ G5
♥ G103
♦ DG4
♣ ÁKG72

Aðalsteinn og Matthías voru eitt af fáum pörum sem náði 6 ♥ á spilið. Það gerði 13 impa gróða í samanburðinum því spilið var auðvelt til vinnings í þessari legu. Eitt besta par heims, Ítalirnir Antonio Sementa og Norberto Bocchi, spiluðu 4 ♥ á hinu borðinu í leiknum.

# netto

# FULL BÚÐ AF HM-FJÖRI!







**SVÍNALUNDIR**
FROSNAR
**1.259** KR/KG
ÁÐUR: ~~1.798 KR/KG~~

**GRANDIOSA PIZZUR**
ÝMSAR TEGUNDIR
**498** KR/PK
ÁÐUR: ~~679 KR/PK~~












**BÖKUNARKARTÖFLUR**
**75** KR/KG
ÁÐUR: ~~149 KR/KG~~

**HM KJÚKLINGABITAR**
BLANDAÐIR
**699** KR/KG
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~

**SS NAUTGRIPAHAMBORGARAR**
4 X 120G 16-20% FITA
**691** KR/PK
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~

## Sláðu upp mexíkóskri veislu

**- Allar flögur frá Santa Maria með 35% afslætti**




**NAUTGRIPAHAKK**
FERSKT 8-12% FEITT
**1.232** KR/KG
ÁÐUR: ~~1.759 KR/KG~~




**NAUTAÞYNNUR**
FERSKT
**1.959** KR/KG
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~



# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 306

„Jæja þá, tvær sudoku gátur," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær," bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 8 | | 7 | | 2 | | 1 |
| 5 | | | 6 | | 4 | | 8 | |
| | | | | 2 | 3 | 4 | | |
| 3 | 9 | 6 | | | 7 | | | |
| 1 | | 5 | | | 2 | 7 | | |
| | | | 1 | | 6 | | 4 | 3 |
| | | | | | | 6 | 5 | |
| | 7 | 9 | | | 5 | 3 | | |
| | 5 | | 9 | 3 | | 8 | | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | 6 | 2 | 9 | | | |
| | | 2 | 5 | | | | 7 | |
| | | 3 | 1 | | | | | |
| | | 6 | | | | 5 | | 1 |
| | | | 8 | 3 | 5 | | 9 | 7 |
| | 9 | | | | | 3 | | 2 |
| 8 | | 1 | 7 | 5 | 6 | | | |
| | 4 | | 3 | | | | | |
| 6 | 3 | 5 | | 4 | | 7 | | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?



## Listaverkið

**Laufey Lilja Leifsdóttir**, sex ára nemandi í Laugarnesskóla sendi okkur þessa mynd. Svona sér hún sumarið fyrir sér.






Kara Lív fór í rétta bolinn fyrir myndatökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Best að tína blóm og fara í útilegu

Þegar **Kara Lív Jóhannesdóttir** verður stór langar hana mest að verða dýralæknir sem læknar bara kisur og kanínur.

Kara Lív er fimm ára og er á leikskólanum Engjaborg. Skemmtilegast finnst henni að leika með leir og henni þykir líka gaman að perla. Hún er dýravinur og þekkir mörg dýr svo sem hest, kú, kind, kanínu, kisu og hund.

**Hvaða dýr finnst þér flottast?** (Henni finnst flottast ekki gott orð og spyr „má ég nota sætust?") Sætust finnst mér kanína.

**Hvað er best við sumarið?** Að tína blóm og fara í útilegu.

**Áttu þér uppáhaldslag?** Já, lagið úr Vaiönu-myndinni.

**Færðu stundum sælgæti? Hvað er best?** Þetta er fyndin spurning, já ég borða nammi og best er gúmmí.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Dýralæknir sem læknar bara kisur og kanínur.

## Lestrarhestur vikunnar
## Þórey Hrund



Þórey Hrund fer oft á bókasafnið að leika og skoða bækur.
MYND/INGIBJÖRG ÓSP

**Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar?** Ég er mjög hrifin af bókunum hans Ævars Þórs vísindamanns eins og Þitt eigið ævintýri og Þín eigin goðsaga. En einnig finnst mér gaman að lesa bækurnar um Binnu B Bjarna.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Binna B Bjarna og besta fiðrildið. Binna fer á ballettæfingu og hún nær ekki að gera það sem kennarinn bað hana að gera og hún verður ótrúlega leið.

**Hvaða bók ætlarðu að lesa næst?** Binna B og Skröksögur.

**Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún?** Um sjálfa mig og mína ævi. Og einnig bók um LOL dúkkur.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Lúlú bækurnar voru í miklu uppáhaldi hjá mér þegar ég var pínulítil og svo seinna bækurnar um Matthildi, Innipúkann og umferðarreglurnar.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, mér þykir mjög gaman að leika á bókasafninu og skoða bækur.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Allt um dreka, fara í sund og LOL dúkkur.

**Í hvaða skóla ertu?** Hlíðaskóla.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkili ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

# HÆ, HÓ OG JIBBÍJEI!

## ÚRVALIÐ ER Í ICELAND



**GASBLÖÐRUR FRÁBÆRT VERÐ**

LITLAR Á 699 KR STK.
STÓRAR Á 999 KR STK.
RISA Á 1299 KR STK.

**OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMINN 17. JÚNÍ**



SNUÐ
Verð frá
199
KR.STK.



FÁNAR
Verð frá
249
KR.STK.



50%
AFSLÁTTUR Í NAMMILANDI
ALLA HELGINA

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR · STAÐARBERG · HAFNARGATA · KAUPANGUR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Austlæg átt, 3-10 í dag. Skúrir víða á landinu, en úrkomulítið vestanlands. Hiti víða 5 til 15 stig, svalast norðan til.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 23° | Oslo 21° | Stokkhólmur 22° | Gautaborg 20° | Helsinki 21° | Þórshöfn 10° | Nuuk 7° |
| London 17° | Amsterdam 18° | París 20° | Berlín 25° | Madríd 28° | Brussel 20° | Róm 28° |
| Boston 18° | New York 18° | Orlando 25° | Moskva 22° | Singapúr 27° | Tókýó 16° | Sydney 10° |









### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↖5 | 7° ↘9 | 7° ↘10 | 7° ↘5 | 9° ↖8 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↙5 | 2° ↓8 | 4° ↓8 | 7° →6 | 8° ↑7 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ←3 | 3° ↘9 | 3° ↘11 | 7° →7 | 10° →2 |

### Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↖6 | 6° ↓4 | 5° ↘12 | 6° ↘11 | 12° ↑7 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ←8 | 11° ↘13 | 6° ↘18 | 12° ↓8 | 11° ↑6 |

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PIER
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ÚTIHÚSGÖGNUM
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
RÚMTEPPUM ,
TEPPUM & PÚÐUM
25%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM
SÓFUM
ALLT Að
50%
AFSLÁTTUR AF
SVEFNHERBERGISHÚSGÖGNUM
15-40%
AFSLÁTTUR AF
HLIÐARBORÐUM
&
HÆGINDASTÓLUM
KAUPTU EINN
ÚTIPÚÐA OG
FÁÐU ANNAN Á
HÁLFVIRÐI
A WORLD OF INSPIRATION
PIER
Skoðið úrvalið á
www.pier.is
Gildir 14.- 20. júní. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



„Það sem fær ekki sterka rödd hefur alltaf verið mitt viðfangsefni,“ segir Spessi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# 111 er hugarástand

**Spessi myndar íbúa Breiðholtshverfis. Myndirnar eru á sýningu og ljósmyndabók er komin út. Segir Breiðholt vera til úti um allan heim. Myndaði grasverksmiðju þar sem Búddastytta var á áberandi stað.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



111 er ný ljósmyndabók eftir Spessa, en þar eru myndir af íbúum Breiðholtshverfisins og heimkynnum þeirra. Myndir bókarinnar eru á sýningu í Galleríi Rýmd, Völvufelli 13, en síðasti sýningardagur er 17. júní.

„Ég hef alltaf haft áhuga á jaðarmenningu, það sem fær ekki sterka rödd hefur alltaf verið mitt viðfangsefni,“ segir Spessi. „Ég hef lengi haft áhuga á Breiðholtinu og hef skoðað svipuð hverfi í Lettlandi. Breiðholt er til úti um allan heim. Fyrir þremur árum ákvað ég að vinna með Breiðholtið en var ekki viss um hvernig ég ætti að nálgast viðfangsefnið og hvert sjónarhornið ætti að vera. Það eina sem ég vissi var að mig langaði til að taka portrett af fólki.

Svo hitti ég náunga sem var með tattúið 111 og það þrengdi sjónarhornið. Ég hef heyrt suma segja: „Ég er 111.“ Í þeirra huga er 111 ekki póstnúmer heldur hugarástand og hluti af sjálfinu. Það er ekkert sérstakt að segja: „Ég er 108,“ og fólk myndi ekki láta tattóvera það númer á sig. Mig langaði til að hafa fókusinn á fólk sem hugsanlega lætur tattóvera 111 á sig. Það er fullt af fólki sem gerir þetta, er stolt af Breiðholtinu og ætlar að vera þarna.“

## Erfiður dans

**Í ljósmyndum Spessa sjáum við ólíka heima sem mætast og afhjúpa myndirnar þann erfiða dans sem ljósmyndari þarf að stíga til að nálgast viðfangsefni sitt og skapa nánd. Við finnum fyrir sársauka, tungumálaerfiðleikum, og tortryggni þeirra sem koma langt að og eiga erfitt með að hleypa ljósmyndaranum inn í líf sitt í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.**
**Úr eftirmála Æsu Sigurjónsdóttur við ljósmyndabókina 111.**

### Hjartað á staðnum

*Hvernig hafðirðu uppi á fólkinu og voru allir tilbúnir til að vera á mynd hjá þér?*

„Það tók langan tíma að komast inn hjá þessum fólki. Breiðhyltingar eru ekki æstir í að láta taka myndir af sér, ég fékk yfirleitt lítinn tíma með hverjum og einum og sumir höfðu engan áhuga á að stilla sér upp.

Ég hitti Unnstein út Retro Stefson og sagði honum frá þessu verkefni. Hann kynnti mig fyrir ungum frænda sínum í Breiðholtinu, Luis, sem er dansari, sem svo aftur kynnti mig fyrir vinum sínum. Ég kynntist líka Dodda, sem er potturinn og pannan í fótboltafélaginu Leikni og hann leyfði mér að koma með á æfingar hjá ungu krökkunum. Þar áttaði ég mig á því að fótboltafélagið Leiknir er hjartað á staðnum. Um leið varð þetta fótboltafélag eins konar miðja þessa verkefnis. Eftir að ég náði til ungu krakkanna hitti ég foreldrana, sem sumir eru af erlendu bergi brotnir og tala lélega íslensku meðan börn þeirra tala góða íslensku.

Ég var stundum í göngutúrum í hverfinu og hitti fólk sem ég spjallaði við. Eitt sinn stoppaði mig maður, sagði að sonur sinn þekkti mig og bauð mér í kaffi. Þar hitti ég soninn sem bauðst til að hjálpa mér að komast inn í dekkri heima Breiðholtsins. Hann kynnti mig fyrir bræðrum sem hafa verið í fréttum hér á landi. Ég fékk að taka mynd af þeim fyrir utan blokkina sem þeir búa í. Þegar ég var að taka myndina kom mamma þeirra út í gluggann til að athuga hvað væri um að vera og varð hluti af myndinni.

Ég kynntist æ fleirum og ef einn samþykkti mig þá voru fleiri sem fóru að treysta mér. Þannig gerðist það að ég fékk að sjá grasverksmiðju sem ég tók myndir af. Það er nokkuð skondið að í þeirri verksmiðju er stytta af Búdda á afar áberandi stað.“



Ljósmynd af Dodda sem er potturinn og pannan í fótboltafélaginu Leikni.

### Sérstakt andrúmsloft

*Það er áberandi að fólk á myndum þínum stendur oft, af hverju er það?*

„Þetta eru eins konar heimildarmyndir og ég bið fólk um að standa á ákveðnum stað og leyfi því síðan að ráða hvað það gerir. Það hvernig fólk stillir sér upp sýnir hvað það hefur fram að færa og hvernig manneskja það er.

